


skoðun 20

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Ferðir




Helicopter á flug
*Íslenska fatamerkið Helicopter fær sína fyrstu verksmiðjuframleiddu línu í hús.*
allt 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
9. júní 2011
133. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Glíman við karlmennskuna**
*Gunnar Helgason leikstýrir nýju verki í Austurbæ.*
fólk 40

**Tímamót í Grindavík**
*Golfklúbbur Grindavíkur fagnar 30 ára afmæli og er að fullgera nýjan völl.*
golf 50



**Upp á líf eða dauða**
*Strákarnir okkar spila hreinan úrslitaleik við Austurríki í Höllinni um sæti í EM í Serbíu.*
sport 46

**veðrið í dag**




**HVESSIR** Í dag verður NA-átt, 8-15 m/s víðast hvar en hvessir er líður á daginn. Væta um landið austan- og norðanvert. Hiti 3-12 stig.
VEÐUR 4

# Gríðarleg verðmæti í vaxandi þorskstofni

**Verði stuðst við óbreytta aflareglu gæti þorskveiði árið 2016 numið allt að 250 þúsund tonnum. Um tugmilljarða búhnykk yrði að ræða fyrir efnahagslífið.**

**EFNAHAGSMÁL** Gangi bjartsýnasta spá Hafrannsóknastofnunar eftir um vöxt og viðgang þorskstofnsins næstu árin verður það gríðarlegur búhnykkur fyrir íslenskt efnahagslíf. Stofnunin telur að ef stuðst verði við óbreyttar forsendur um nýtingu stofnsins geti veiðin numið allt að 250 þúsund lestum árið 2016.

Verðmæti slíkrar aflaaukningar í þorski fyrir árið 2016 nemur um 35 milljörðum króna það ár, miðað við forsendur dagsins í dag. Miðað við 160 þúsund tonna aflamark síðasta fiskveiðiárs og jafna aukningu aflamarks í þorski á ári til ársins 2016 nemur aukningin því 80 til 100 milljörðum, miðað við að veiði hefði haldist svipuð og undanfarin ár eða 130 til 160 þúsund lestir. Til viðmiðunar var verðmæti útfluttra sjávarafurða rúmir 220 milljarðar króna á síðasta ári.

Hafrannsóknastofnun kynnti í gær skýrslu sína um ástand nytjastofna og horfur fyrir næsta fiskveiðiár. Góðar fréttir eru af öðrum mikilvægum stofnum og vonir eru um stærstu loðnuvertíð um árabil. Hins vegar er lagt til að ýsukvóti verði minnkaður úr 50 þúsund lestum í 37 þúsund lestir.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir fréttir um vöxt þorskstofnsins jákvæðar sem gefi tilefni til aukinnar veiði. „Á sama tíma er hins vegar algjörlega óþolandi að núna þegar uppbyggingin er að takast eigi að taka stóran hluta hennar af þeim sem færðu fórnir til að byggja stofninn upp,“ segir Friðrik með vísan til þess ef fyrirhugaðar breytingar á stjórn fiskveiða ganga eftir.

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að þessi innspýting gæti hjálpað til á mörgum vígstöðvum, þó slá verði ýmsa varnagla. Við venjulegar aðstæður myndi aukningin ýta upp genginu sem myndi draga úr útflutningi og auka neyslu innanlands. Vegna gjaldeyrishafta sé hins vegar mögulegt að halda genginu áfram hagstæðu fyrir aðrar útflutningsgreinar en sjávarútveg.

- shá, mþl / sjá síðu 8



**ÓVENJULEGUR AFLI** Atli Björn Bragason og Eydís Oddsdóttir félagar úr Stangveiðifélagi Reykjavíkur tóku til hendinni við að hreinsa rusl úr Elliðaánum í gær. Reglulega hefur þurft að fara í slíka hreinsun á liðnum árum og er þá aflinn heldur óvenjulegri en alla jafna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hækkun á fasteignaverði er óeðlileg afleiðing nærri þriggja ára haftastefnu:

# Hverfi höft gæti verðið lækkað

**VIÐSKIPTI** Íbúðaverð þykir of hátt og gæti það lækkað aukist hagvöxtur ekki. Hagvöxtur jókst um 3,5 prósent á fyrsta ársfjórðungi á milli ára og er hann að mestu drifinn áfram af aukinni framleiðslu og birgðasöfnun. Á móti er atvinnuleysi 7,8 prósent, kaupmáttur nær enginn og lítil merki um vöxt í fjárfestingu.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, segir þetta óburðugan hagvöxt og því ekki innistæða fyrir verðhækkunum á fasteignamarkaði. „Ef hagvöxtur fylgir ekki eignaverðshækkunum eftir þá erum við að sjá bólu á eignamarkaði og sú bóla springur á endanum,“ segir hún.

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, segir sömuleiðis aðstæður hér geta alið af sér varhugaverða eignabólu á fasteignamarkaði. „Fjárfestar eru fljótir að losa um eignir þegar þeir sjá fyrir sér forsendur fyrir verðlækkunum, fjárfestingakostum að fjölga eða ef þeir sjá arðsemi utan landsteinanna.“ Hann útilokar ekki verðlækkun á fasteignamarkaði þegar nær líður afnámi gjaldeyrishafta.

- jab / sjá síðu 4

Íslensk pop-up búð í Berlín:

# Kynna íslenska hönnun í Berlín

**TÍSKA** Fyrsta íslenska „pop-up“ verslunin verður opnuð erlendis næsta sumar í tengslum við tískuvikuna í Berlín. „Þetta er fyrsta pop-up búðin þar sem blandað er saman vestnorrænu handverki og framúrstefnuhönnun,“ segir Hulda Rós Guðnadóttir, skipuleggjandi verslunarinnar.



HULDA RÓS GUÐNADÓTTIR

Pop-up verslanir hafa notið mikilla vinsælda í hinum alþjóðlega tískuheimi undanfarið en það eru verslanir sem spretta upp í stuttan tíma og er lokað jafnskjótt aftur. Að sögn Huldu Rósar er markmið pop-up verslunarinnar að kynna íslenska hönnun erlendis.

- mmf / sjá Allt

Fjármunir til uppbyggingar:

# Umfangsmikil öskuhreinsun

**ELDGOS Landgræðsla ríkisins hefur lagt fram áætlun um öskuhreinsun á þeim svæðum sem urðu hvað verst úti í Grímsvatnagosinu. Fyrst og fremst verður horft til svæða sem eru í byggð, hin óbyggðu eru einfaldlega of viðamikil til að hægt sé að ráðast í hreinsun þar.**



SVEINN RUNÓLFSSON

**Óljóst er hver kostnaður verður, en Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri segir að gróflega reiknað kosti um 30 þúsund krónur á hvern hektara að styrkja gróður. Málið verður að öllum líkindum á dagskrá ríkisstjórnarinnar á morgun og ef tillögurnar verða samþykktar getur hreinsunarstarf hafist að fullu eftir helgi.**

- kóp / sjá síðu 12










SPURNING DAGSINS



*Haraldur, er þá hægt að anda léttar?*

„Já, það er ekkert að óttast.“

Haraldur Briem er sóttvarnalæknir.
Niðurstöður úr blóðsýnum hafa sýnt fram á að starfsmenn og og íbúar í nágrenni við sorpbrennslustöðina Funa hafa ekki orðið fyrir heilsutjóni af völdum díoxínmengunar eins og óttast var.

Alþjóðasamtök áætlunarflugfélaga vilja stytta biðraðir farþega:

# Flokkaðir með tilliti til öryggis

**SINGAPORE** Alþjóðasamtök áætlunarflugfélaga, IATA, hafa kynnt áætlun um nýja aðferð við öryggisleit á flugvöllum sem á að vera þægilegri fyrir farþega og flugfélög.

Samkvæmt áætluninni eiga farþegar að bera vegabréf með rafrænum lífkennum, en með því á að vera hægt að meta hvort farþegar geti mögulega verið hættulegir. Farþegum verður skipað í þrjá öryggisflokka og eiga þeir að ganga í gegnum skanna í samræmi við flokkunina. Í flokknum „known travelers“ eru þeir sem þegar hafa skráð sig og sem yfirvöld hafa kannað bakgrunninn hjá. „Normal screening“ er fyrir flesta farþega en „elevated risk“ er flokkur þeirra sem lítið er vitað um og verða að sæta meiri skoðun.

Framkvæmdastjóri IATA, Giovanni Bisignani, segir að núverandi eftirlitskerfi hafi verið búið til fyrir 40 árum til þess að afhjúpa flugræningja með vopn úr málmi. Nú þyrfti að hverfa frá kerfi þar sem leitað væri að hlutum og finna í staðinn hættulega einstaklinga. **- ibs**



**EFTIRLIT** Taka á upp nýjar aðferðir við öryggisleit. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögaðilar skulda mest:

# 127 milljarðar í skattaskuldum

**FJÁRMÁL** Heildarfjárhæð áfallina skatta í vanskilum í lok mars árið 2011 nam 127,1 milljarði króna. Þetta kom fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigmunds Davíðs Gunnlaugssonar, þingmanns Framsóknarflokksins.

Vanskil af tekjuskatti einstaklinga nam 26, 3 milljörðum en lögaðila 38,5 milljörðum. Ógreiddur virðisaukaskattur var 45,2 milljarðar. Á árinu 2009 námu afskriftir áfallina skatta samtals 9,9 milljörðum og 9,4 milljörðum í fyrra. **- shá**

Alþingi styrkir ESB-fræðslu:

# Já og Nei fái jafnmikið fé

**EVRÓPUMÁL** Forsætisnefnd Alþingis hefur samþykkt reglur um úthlutun styrkja til að styðla að umræðu og fræðslu um ESB.

Félög og samtök sem hafa að markmiði sínu að fjalla um ESB og hugsanlega aðild Íslands, geta sótt um styrkina. Heimssýn og Já Ísland eru dæmi um slík félög.

Samkvæmt reglunum skal við úthlutun „gætt jafnræðis milli ólíkra sjónarmiða til Evrópusambandsins. Gæta skal sérstaklega að því að fjárveitingar til andstæðra fylkinga (já- og nei-hreyfinga) séu sem jafnastar“, segir þar. **- kóþ**



**MÓÐURÁST** Kóparnir eru á spena í fjórar til sex vikur en eftir það þurfa þeir að bjarga sér sjálfir.

Allar landselsurtur hafa kæpt:

# Kópar svamla í Laugardalnum

**DÝRALÍF** Allar þrjár landselsurturnar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum hafa kæpt og því fylgja þrír kópar þeim í selalauginni í garðinum og á bökkum hennar.

Landselsurtur kæpa snemmsumars en úthafsselsurtur á haustin.

Að sögn yfirdýrahirðis garðsins er móðurástin áberandi hjá urtum, sem láta vel að kópum sínum og gefa þeim orkuríka mjólk fyrstu fjórar til sex vikurnar. Að því loknu bíti þær þá af sér og láta þá um að bjarga sér sjálfir. Þá getur það tekið kópana um mánuð að taka fasta fæðu. **- sh**

# Deilt á bæjarfulltrúa í stríði um götuskilti

**Eigandi ferðaþjónustu á Akureyri segir bæjarfulltrúa sem á ferðamannaverslun hafa misnotað áhrif sín til að fá bæjarstarfsmann til að fjarlægja götuskilti. Bæjarfulltrúinn hafnar ásökunum. Skiltin séu einfaldlega andstæð reglum.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það er óþolandi að bæjarfulltrúi geti að sínum geðþótta kallað út starfsmenn bæjarins á laugardegi til að rífa niður skilti frá samkeppnisaðilum,“ segir Tryggvi Sveinbjörnsson, eigandi FAB Travel á Akureyri.

Þrjú kynningarskilti sem sett voru upp fyrir FAB Travel laugardaginn 28. maí voru í tvígang rifin niður. Þann dag kom fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins til Akureyrar. Tryggvi hefur rekið rútufyrirtæki en er að víkka út starfsemina í alhliða ferðaþjónustu. Á Strandgötu 49 verður meðal annars veitingasala og verslun með minjagripi og fatnað. Skammt frá er Ferðamannaverslunin Víkingur sem er í eigu Sigurðar Guðmundssonar, bæjarfulltrúa Bæjarlistans.

„Það komu einhverjir stráklingar í víkingabúningum og hentu skiltunum niður. Þeir sögðu að eigandi Víkings hefði sagt þeim að gera þetta,“ segir Tryggvi sem kveður skiltin þrjú hafa verið sett strax upp aftur.

„Þá kom maður í mótorhjólagalla sem myndaði skiltin og felldi þau svo niður. Hann sagðist vera frá Akureyrabæ. Það væri ekki leyfilegt að vera með þessi skilti. Um klukkustund síðar mætti hann aftur og var þá með hótunarbréf frá bænum þar sem sagði að ef þetta yrði gert aftur yrði beitt allt að milljón króna dagsektum,“ segir Tryggvi.

Að sögn Tryggva mætti bæjarstarfsmaðurinn á staðinn þennan laugardag að undirlagi Sigurðar Guðmundssonar. „Mér finnst ámælisvert að bæjarfulltrúi geti ráðskast með starfsmenn bæjarins og kallað út lið til að argast út í þessi skilti. Það eru viðlíka skilti sem hafa engin leyfi úti um allan bæ.“



**AÐGERÐIR Á AKUREYRI** Bjarni Thorarensen frá Akureyrarbæ kom til að fjarlægja skilti Fab Travel þegar skemmtiferðaskipið MSC Poesia kom til bæjarins. Sigtryggur Gunnarsson frá Fab Travel fylgdist með. Bjarni segir lausaskilti utan lóðar bönnuð. Skemmtiferðaskipið Grand Princess kemur til Akureyrar í dag. MYND/FAB TRAVEL

> Mér finnst ámælisvert að bæjarfulltrúi geti ráðskast með starfsmenn bæjarins.
>
> **TRYGGVI SVEINBJÖRNSSON**
> EIGANDI FAB TRAVEL Á AKUREYRI

Í kjölfar þessa atviks sótti Tryggvi um leyfi fyrir skiltum og fékk leyfið með tilteknum skilmálum. „Við megum setja upp skilti til að kynna ferðir sem við bjóðum en ekki þá starfsemi sem fram fer í húsinu sjálfu. Þetta er nánast eins og einelti á þetta nýja fyrirtæki og dæmin eru fleiri.“

Sigurður Guðmundsson staðfestir að hann hafi lagt niður skiltin frá Tryggva og einnig kvartað til Akureyrarbæjar. „Ég benti þeim á að kynna sér reglugerð bæjarins um skilti. Mér þykir náttúrulega ekki eðlilegt þegar aðili í sambærilegum rekstri er með ólöglega uppsett skilti 150 metra frá sínu húsi en aðeins þrjá metra frá minni lóð,“ segir Sigurður sem hafnar því að hafa beitt áhrifum sínum sem bæjarfulltrúi á óeðlilegan hátt. „Það gerði ég að sjálfsögðu ekki. Það er hverjum manni frjálst að hringja í hvern þann sem honum sýnist.“

Skemmtiferðaskipið Grand Princess kemur til Akureyrar í dag. **gar@frettabladid.is**



**AÐ STÖRFUM** Flugvirkjar eru fámenn stétt en með þeim standa og falla flugsamgöngur. NORDICPHOTOS/AFP

Vinnustöðvun raskar flugi:

# Engir fundir í kjaradeilunni

**KJARAMÁL** Ríkissáttasemjari sá ekki ástæðu til að kalla samningamenn Flugvirkjafélags Íslands og Icelandair saman til funda í gær. Kjaradeila þeirra í millum er því í hnút.

Vinnustöðvun flugvirkja tók gildi í gær og raskaði það öllu flugi Icelandair. Það sama verður upp á teningnum í dag og á morgun að óbreyttu.

Maríus Sigurjónsson, varaformaður félags flugvirkja, segir ekkert eitt atriði skýra að ekki næst saman. „Þetta er flóknara en svo. Við leggjum áherslu á réttindamál og þetta snýst ekki um launin.“ **- shá**

Tvinnvagn Strætó reynist vel:

# Eyðir um 40% minna af olíu

**SAMGÖNGUR** Niðurstöður prófana á tvinnvagninum sem Strætó hafði til reynsluaksturs í maí benda til þess að slíkir vagnar séu álitlegur kostur við endurnýjun vagnaflota Strætó.

Eldsneytiseyðsla tvinnvagnsins er um það bil 30 til 46 prósentum minni en hjá núverandi vögnum. Að auki er útblástur koldíoxíðs nýjustu vagna Strætó um það bil 44 prósentum meiri en útblástur tvinnvagnsins. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Strætó bs.

Strætó myndi spara 551.000 lítra af eldsneyti á ári með því að tvinnvæða allan flotann. **- sv**


**Starfsmannadagur Sjóvá**

Í dag mun starfsfólk Sjóvá halda starfsmannafund og móta starfsemina enn frekar til framtíðar ásamt því að efla þjónustu við viðskiptavini. Sumarstarfsmenn munu annast símavörslu og sinna almennri þjónustu klukkan 12:00–16:30.

SJÓVÁ


Liður í rafbílavæðingu Íslands að selja landsmönnum stærri rafbíla:

# Kynntu rafknúna jeppa í Hörpu

**BÍLAR** Rafbílar þurfa ekki endilega að vera litlir og kraftlausir, að sögn forsvarsmanna Northern Lights Energy (NLE), sem kynntu rafknúna jeppa til sögunnar í tónlistarhúsinu Hörpu í gær.

Að því er fram kemur í tilkynningu frá NLE er innflutningur jeppanna liður í áætlun fyrirtækisins um rafbílavæðingu Íslands. Þar segir að fyrirtækið hafi verið í samningaviðræðum við fjölda rafbílaframleiðenda og fyrsti afraksturinn séu jepparnir sem kynntir voru í gær. AMP er eitt fárra fyrirtækja sem hafa einbeitt sér að framleiðslu drifbúnaðar fyrir rafknúna jeppa.

Jepparnir eru af tveimur gerðum og framleiddir af AMP Electric Vehicles. Afl þeirra samsvarar 220 hestöflum og hægt að aka um 150 kílómetra á einni hleðslu. **- sh**



**RENNILEGIR** Bílarnir voru kynntir í Hörpu í gær. Nokkrir fulltrúar framleiðandans AMP eru staddir hér á landi af því tilefni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
Jibbí jei!
Fjölskylduhátíð í Kringlunni 9.–16. júní
Skemmti-dagskrá
Á Blómatorgi spila:
Retro Stefson
17.30
Jón Jónsson
18.30
Fullt af spennandi tilboðum!
15.00 – 19.00
Hoppukastalar
Candyfloss
15.00 – 18.00
Kaffi og konfekt
Andlitsmálun
Blöðrur
Mán – mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000

## GENGIÐ 08.06.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,52 | 114,06 |
| Sterlingspund | 185,87 | 186,77 |
| Evra | 165,86 | 166,78 |
| Dönsk króna | 22,239 | 22,369 |
| Norsk króna | 21,023 | 21,147 |
| Sænsk króna | 18,343 | 18,451 |
| Japanskt jen | 1,4233 | 1,4317 |
| SDR | 182,87 | 183,95 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 220,6492

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tæplega þrítugur afbrotamaður í gæsluvarðhaldi eftir lífláts- og ofbeldishótanir:

# Vopnaðist sporjárni til að drepa

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur karlmaður situr í gæsluvarðhaldi eftir að hafa hótað fimm lögreglumönnum og lækni lífláti. Héraðsdómur Austurlands úrskurðaði manninn í gæsluvarðhald til 22. júní. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn í gær.

Lögregla hafði upphaflega haft afskipti af manninum vegna ölvunaraksturs og aksturs án réttinda. Hann var handtekinn eftir að hafa fest bíl sinn. Maðurinn kastaði stórum steini að einum lögreglumannanna og sagði að sporjárn sem hann hafði sótt á heimili sitt ætlaði hann að nota til að drepa einn lögreglumannanna. Sporjárnið datt úr vasa mannsins við handtökuna. Að auki kvaðst maðurinn smitaður af lifrarbólgu C og HIV og hótaði við handtökuna að smita lögreglumennina.

Í gæsluvarðhaldskröfu lögreglustjórans á Eskifirði kemur fram að maðurinn eigi í raun ekki í nein hús að venda þar sem foreldrar hans hafi neitað að taka við honum aftur. Hann hefur frá árinu 2000 til júní 2010 sautján sinnum hlotið dóma, meðal annars fyrir auðgunarbrot, ofbeldi og frelsissviptingu. Hann var síðast látinn laus í maí. - jss



**LÖGREGLA AÐ STÖRFUM** Maður hótaði fimm lögreglumönnum líkamsmeiðingum og lífláti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lögreglan í Þrándheimi:

# Fimm óleyst nauðgunarmál

**NOREGUR** Fimm nýleg nauðgunarmál eru óleyst hjá lögreglunni í Þrándheimi. Ekki er útilokað að tengsl séu á milli árásanna, en sú fyrsta átti sér stað í apríl.

Í frétt Adresseavisen segir að í þremur málanna hafi verið fleiri en einn gerandi sem þykir benda til þess að brotin séu skipulögð fyrirfram. Nils Kristian Moe lögreglustjóri segist líta málin alvarlegum augum, enda hafi annað eins aldrei komið upp áður í borginni. Hann segir að ekki sé hægt að útiloka að málin tengist. - þj

Samtökin Almannaheill:

# Ragna Árnadóttir formaður

**FÓLK** Ragna Árnadóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra og skrifstofustjóri, er nýr formaður Almannaheilla, samtaka þriðja geirans.



RAGNA ÁRNADÓTTIR

Ragna tekur við af Guðrúnu Agnarsdóttur sem hefur verið formaður síðastliðin þrjú ár.

Nítján aðildarfélög eru í Almannaheillum, en þau eiga það öll sameiginlegt að starfa í almannaþágu.

Formannsskiptin urðu á aðalfundi samtakanna, en á fundinum ræddi Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra einnig um mögulegar breytingar á skattalegri meðferð almannaheillasamtaka. - þeb

Hik í vínbúðarmáli á Akureyri:

# Fresta stækkun í bæjarstjórn

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Akureyrar ákvað á fundi sínum í fyrradag að fresta afgreiðslu á tillögu sem gerir ÁTVR kleift að byggja við vínbúð sína á Gránufélagsgötu. Von mun á nýjum upplýsingum varðandi umferðarmál á reitnum.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær hefur meirihluti skipulagsnefndar bæjarins fyrir sitt leyti samþykkt tillöguna og beint því til bæjarstjórnar að samþykkja hana líka. Íbúar í nágrenninu eru ósáttir. Fulltrúi VG í skipulagsnefnd og bæjarstjórn segir ófarsælt að skipuleggja „einn bút í einu“ í stað þess að horfa á miðbæinn í heild við deiliskipulagningu. - gar

# Fasteignabólan springur taki hagvöxtur ekki við sér

**Fasteignaverð hefur hækkað talsvert á höfuðborgarsvæðinu frá því í fyrra. Forstöðumenn greiningardeilda tveggja banka segja þróunina varhugaverða. Ekki er ólíklegt að íbúðaverð muni lækka, að þeirra mati.**

**VIÐSKIPTI** „Ef hagvöxtur fylgir ekki eignaverðshækkunum eftir þá erum við að sjá bólu á eignamarkaði og sú bóla springur á endanum og íbúðaverð lækkar,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka. Hún bendir á að eignaverð hafi hækkað umfram það sem eðlilegt getur talist við núverandi aðstæður í hagkerfinu. „Miklar verðhækkanir á fasteignamarkaði eru óeðlilegar þegar við erum með veikt hagkerfi undir,“ segir hún.



ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR

Landsframleiðsla jókst um tvö prósent á fyrsta fjórðungi ársins og jafngildir það 3,5 prósenta hagvexti á milli ára. Greiningardeild Arion banka bendir á að vöxturinn sé óstöðugur, drifinn áfram af auknum loðnubirgðum. Á móti er 7,8 prósenta atvinnuleysi, samdráttur í einkaneyslu, kaupmáttur enginn, lítil merki um vöxt í fjárfestingu og heimili og fyrirtæki enn skuldsett.



INGÓLFUR BENDER

Á sama tíma hefur kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgað um tæp hundrað prósent á milli ára, velta aukist um 112 prósent og meðalupphæð á hvern kaupsamning farið úr 27,6 milljónum króna í maí í fyrra í 34,9 milljónir nú.

> Þetta gæti verið rót að ákveðnu bólueinkenni. Fjárfestar eru fljótir að losa um eignir þegar þeir sjá fyrir sér forsendur fyrir verðlækkunum.
>
> INGÓLFUR BENDER
> FORSTÖÐUMAÐUR GREININGAR ÍSLANDSBANKA

„Aðstæður eru slíkar í hagkerfinu að ég sé ekki innistæðu fyrir miklum verðhækkunum á fasteignamarkaði. Hins vegar erum við í lokuðu hagkerfi og fáir fjárfestingakostir í boði, slíkt gæti skapað meiri verðhækkanir en eðlilegt getur talist,“ segir Ásdís. Hún bendir hins vegar á að veikur efnahagsbati er framundan, stoðirnar enn óburðugar, ekki síst þar sem aðgerðir stjórnvalda til hjálpar heimilum hafa runnið sitt skeið sem endurspeglast í bakslagi í einkaneyslu.

„Við verðum að hafa varann á okkur í þessu umhverfi,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka. Hann áréttar að Seðlabankinn og fleiri hafi bent á að raunverð á íbúðahúsnæði sé þrátt fyrir allt ekkert sérstaklega lágt og telur líkt og Ásdís að gjaldeyrishöftum og takmörkuðum fjárfestingarkostum sé um að kenna. Þegar höftin hverfi sé viðbúið að dragi úr eftirspurn á fasteignamarkaði.



**VARHUGAVERÐIR TÍMAR** Ekki er innistæða fyrir verðhækkun á íbúðamarkaði, að mati forstöðumanns greiningardeildar Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta gæti verið rót að ákveðnu bólueinkenni. Fjárfestar eru fljótir að losa um eignir þegar þeir sjá fyrir sér forsendur fyrir verðlækkunum, fjárfestingakostum að fjölga eða ef þeir sjá arðsemi utan landsteina. Þetta getur verið hverful eftirspurn,“ bætir hann við og útilokar ekki verðlækkun á fasteignamarkaði þegar nær líður afnámi gjaldeyrishafta. „Þetta eru sömu áhyggjur og menn hafa af innlánum og þeim stöðum þar sem fé liggur á lágum vöxtum. Hætta er á að hluti af þessu fé leiti út um leið og höftum verður aflétt.“ jonab@frettabladid.is






## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**HVESSIR Í DAG**
NA-átt, 8-15 m/s víðast hvar um hádegi í dag og hvessir V-lands er líður á daginn. Rigning A-til en skúrir um landið norðanvert. Lægir til föstudagsins en skúrir á N- og A-landi. Á laugardag ætti svo að létta til og hlýna lítið eitt á N- og A-landi en skúrir SV-til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 16° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 37° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 18° |
| París | 18° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is


HÚSASMIÐJAN
Sumarið er komið
Húsasmiðjublaðið er komið til þín!
FÁÐU AFSLÁTT AF 40.000 VÖRUM STRAX Í DAG
Rafmagnssláttuvél
Flymo Turbo Lite 330
1150W, Sláttubreidd 33 cm.
Hæðastillingar 10-30 mm.
5085136
25.495,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
SUMARIÐ ER KOMIÐ
16.900,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
SUNSET
Gasgrill
Sunset Tasman 200.
Grillflötur 50x35,8 cm
Hlíf yfir brennara.
3000391
NILFISK
Háþrýstidæla Nilfisk C100
100 Bar, 1300W, 440 ltr/klst.
Slanga 5 m.
5254240
14.995,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
JOTUN
Treolje
Tilboð
2.795,-
3.495,-
Pallaolía
Jotun Treolje
3 ltr.
7049123
Sýpris
allt að 100 cm
10327160
999,-
3.690,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Rafmagnsorf Ikra
250W, Sláttubreidd 22 cm.
2 línur.
5086608
Sprengiverð
Stjúpur í bakka
10 stk, margir litir
10210630
10 stk.
799,-
blómaval
HÚSASMIÐJAN
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú kynnt þér frumvörp um breytingar á stjórn fiskveiða?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 27,6% |
| NEI | 72,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Lestu myndasögurnar í dagblöðunum?*

Segðu skoðun þína á visis.is

Forstjóri Kauphallarinnar segir niðurstöður gjaldeyrisútboðs Seðlabankans fyrr í vikunni vera jákvæðar:

# Hægt að losa gjaldeyrishöft á meiri hraða

**EFNAHAGSMÁL** Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir niðurstöður fyrsta gjaldeyrisútboðs Seðlabankans fyrir eigendur aflandskróna jákvæðar. Þær bendi til að hægt sé að aflétta gjaldeyrishöftunum með meiri hraða en áætlun stjórnvalda geri ráð fyrir.

„Ég lít á þetta sem vissa traustsyfirlýsingu á Íslandi. Fjárfestar virðast ekki vera í neinum flýti að hlaupa burt. Þetta er því býsna jákvætt og ég held að stjórnvöld ættu í kjölfarið að breyta kúrsinum og endurskoða fyrirliggjandi áætlun,“ segir Páll og bætir við: „Seðlabankinn metur að það séu til staðar 465 milljarðar aflandskróna en það eru ekki nema 60 milljarðar rúmir sem taka þátt í útboðinu. Þannig að eigendur 87 prósenta aflandskróna sjá ekki ástæðu til að vera með og liggur þar með ekki meira á að losna en það. Þá eru einungis þrjú prósent tilbúin til að greiða hærra verð fyrir evruna en 215 krónur. Þrýstingurinn sem áætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir og byggir á virðist því bara ekki vera fyrir hendi.“



PÁLL HARÐARSON

Seðlabankinn hélt í fyrradag sitt fyrsta af væntanlega nokkrum gjaldeyrisútboðum fyrir eigendur aflandskróna en útboðin eru liður í áætluninni um afnám hafta. Páll mælir með því að Seðlabankinn drífi sig í að halda fleiri útboð og leggur einnig til að fallið verði frá ríkisstjórnarfrumvarpi um framlengingu haftanna sem liggur fyrir þinginu og búist er við að verði afgreitt á næstu dögum. Losun haftanna verði markvissari en nú sé gert ráð fyrir.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í samtali við Fréttablaðið í fyrradag að útboðið hefði heppnast ágætlega. Þá lagði hann áherslu á að áætlun stjórnvalda byggði á því að skilyrði væru uppfyllt en ekki á tíma. Auðvitað væri vilji til að losa höftin eins fljótt og hægt væri en þó ekki fyrr en það. Þá myndu næstu útboð gefa gleggri mynd af stöðunni. **- mþl**



**BLÖÐRUR** Löng bönd í blöðrum geta verið varasöm börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Neytendastofa varar við:

## Bönd í blöðrum oft varasöm

**ÖRYGGI** Bönd í blöðrum geta verið varasöm fyrir börn. Neytendastofa vill benda foreldrum á að nú þegar 17. júní og fleiri hátíðarhöld fara að ganga í garð, að huga vel að öryggi barna sinna.

Á gasblöðrur eru gjarnan sett gjafabönd sem stundum eru nær óslítanleg. Oft eru blöðrurnar bundnar við barnvagna eða úlnliði barna. Neytendastofa segir þetta geta skapað hættu, þar sem börn geta vafið böndunum um háls sér með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Forráðamönnum er bent á að blöðrur ætti alls ekki binda við vöggu, rúm eða handleggi barna eða þar sem börn eru að leik án eftirlits. **- sv**

Krafinn um milljón í bætur:

## Kýldi í andlit og sparkaði í kvið

**DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært karlmann fyrir líkamsárás. Manninum er gefið að sök að hafa í ágúst 2009, við Ingólfstorg, í Reykjavík, kýlt annan nokkrum höggum í andlitið með krepptum hnefa og sparkað með hné í kvið hans. Sá sem ráðist var á hlaut bólgur og mar hægra megin í andliti og á höfði og auma og stífa hálsvöðva.**

**Sá sem fyrir árásinni varð gerir kröfu um að árásarmaðurinn greiði sér rúmlega milljón í skaða- og miskabætur.** **- jss**

# Kalt vor og klakabönd á þingi

**Stjórnarandstaðan kallar eftir afsögn ríkisstjórnarinnar. Hún geri ekkert rétt. „Það er bjart fram undan,“ segir fjármálaráðherra. Þingflokksformaður Samfylkingar vill færa þingumræður úr hnefaleikahringnum.**

**ALÞINGI** Forystumenn stjórnar og stjórnarandstöðu voru ekki sammála um margt í eldhúsdagsumræðum á Alþingi í gær. Eitt gátu þeir þó komið sér saman um: Að nú um stundir væri kalt á Íslandi.

„Ríkisstjórnin er að festa allt í klakaböndum,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Afleitt væri fyrir þjóðina að þurfa að dragnast með ríkisstjórn afturhalds og hafta, sem drægi fæturna, þrifist á átökum og kenndi öllum öðrum um vandamálin en sjálfri sér.

Vissulega hefði um stund þurft að herða ólina en reyndin væri sú að sá tími væri nú liðinn. „Hjarta atvinnulífsins slær, en afar hægt og veikt,“ sagði Bjarni. Þar fyrir utan væri nú hart sótt að lykilatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, og sú atlaga mundi, ef hún tækist, kosta þjóðarbúið milljarða.

Áður en hann sleppti orðinu kallaði Bjarni eftir afsögn ríkisstjórnarinnar. Það sama áttu fleiri leiðtogar stjórnarandstöðunnar eftir að gera.

„Vorið hefur að sönnu verið kalt, ekki síst um norðan- og austanvert landið, en það er nú samt með ólíkindum að það hafi farið svona algjörlega fram hjá formanni Sjálfstæðisflokksins að það er komið vor,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í ræðu sinni.

Steingrímur lýsti því að hér væri allt á uppleið þótt sú leið væri erfið. Hér væri hagvöxtur, húsnæðismarkaður að taka við sér og nýlegir kjarasamningar væru stórtíðindi, þótt „gamlir, geðillir fauskar, fyrrverandi þetta og fyrrverandi hitt“ reyndu í sífellu að brjóta ráðamenn niður með því að rífa í sig það sem vel væri gert.

„Það er bjart fram undan,“ sagði Steingrímur að lokum.

Þingflokksformaðurinn Þórunn Sveinbjarnardóttir var fyrsti ræðumaður Samfylkingarinnar. Hún talaði fyrir siðbót í pólitískri umræðu, sagði hana fyrst og fremst hafa átt sér stað í hnefaleikahringnum til þessa og kallaði eftir því að stjórnmálamenn létu ekki gamlar erjur og jafnvel heift blinda sig frammi fyrir því verkefni að endurskoða forneskjulegar þinghefðir.



**ÚR HNEFALEIKAHRINGNUM** Þórunn Sveinbjarnardóttir kallaði eftir því að þingmenn létu ekki gamlar erjur og jafnvel heift koma í veg fyrir að hægt væri að taka höndum saman um að breyta forneskjulegum þinghefðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Vorið hefur að sönnu verið kalt, ekki síst um norðan- og austanvert landið, en það er nú samt með ólíkindum að það hafi farið svona algjörlega fram hjá formanni Sjálfstæðisflokksins að það er komið vor.
>
> **STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** FJÁRMÁLARÁÐHERRA

„Við þurfum að opna landið fyrir erlendum fjárfestingum í öllum atvinnugreinum, ekki bara sumum,“ sagði Þórunn enn fremur, og ítrekaði þá alkunnu skoðun Samfylkingarinnar að aðild að Evrópusambandinu væri þjóðinni bráðnauðsynleg.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, hóf mál sitt á að gagnrýna Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra fyrir að þora ekki að standa fyrir máli sínu í umræðunum, eins og hann orðaði það. Það væri þó kannski ekki skrítið, í ljósi stöðunnar.

„Hvers vegna er öllu til fórnandi til að þóknast erlendum embættismönnum og kröfuhöfum?“ spurði Sigmundur og svaraði sjálfur: Til að eiga greiða leið inn í Evrópusambandið. Hann sagði Vinstri græn líta á sig sem eins konar verktaka í ríkisstjórninni og fengju að halda ráðuneytum til að geta stundað sínar sérkennilegu hagstjórnar- og samfélagstilraunir.

Margrét Tryggvadóttir frá Hreyfingunni sagði afleitlega hafa tekist til við að leysa úr skuldavanda heimilanna og „verulega ógeðfellt“ væri að heyra fjármálaráðherra stæra sig af því að hafa endurreist bankakerfið á kostnað skuldsettra heimila. „Steingrímsleiðin er leið kröfuhafanna – leið handrukkaranna,“ sagði hún og hvatti fólk til að nýta borgaralegan rétt sinn og knýja á um breytingar með öllum mögulegum ráðum.

Lilja Mósesdóttir gagnrýndi efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar harðlega og sagði hana hafa kostað þúsundir vinnuna.

**stigur@frettabladid.is**






Ný könnun Neytendastofu á skólamáltíðum sýnir mikinn mun milli skóla:

# Þrír skólar veita ókeypis mat

**MENNTAMÁL** Þrír grunnskólar landsins bjóða nemendum sínum upp á ókeypis skólamáltíðir. Skólarnir eru Valsárskóli í Svalbarðsstrandarhreppi, Stóru-Vogaskóli í sveitarfélaginu Vogum og Laugaland í Ásahreppi. Nemendur greiða allan kostnað í ellefu skólum í tveimur sveitarfélögum, Akureyri og Álftanesi. Á Akureyri greiða nemendur 415 krónur og á Álftanesi 468 krónur. Þetta eru niðurstöður nýrrar könnunar Neytendastofu á verði skólamáltíða.

Neytendastofa sendi öllum 76 sveitarfélögum landsins fyrirspurn. Svör fengust um verðlagningu og verðmyndun frá 157 grunnskólum í 68 sveitarfélögum, en sex sveitarfélög starfrækja ekki grunnskóla. Engar upplýsingar bárust frá Vesturbyggð og Kaldrananeshreppi sem býður ekki upp á skólamáltíðir. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Neytendastofu.

### Mikill munur



**SKÓLAMÁLTÍÐ** Ellefu skólar á Akureyri láta nemendur greiða fullan kostnað við máltíðir.

- Nemendur greiða hráefni og hluta kostnaðar í 77 skólum.
- Lægsta verð var 224 krónur í Gerðaskóla í sveitarfélaginu Garði.
- Hæsta verð er 526 krónur fyrir börn í 8. til 10. bekk Reykhólaskóla í Reykhólahreppi.
- Meðalverð var 297 krónur.

- Nemendur greiða eingöngu hráefni í 66 skólum.
- Lægsta verð er 110 krónur hjá 1. til 4. bekk í Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit.
- Hæsta verð er 460 krónur í Laugagerðisskóla í Eyja- og Miklaholtshreppi fyrir nemendur í 4. til 10. bekk.
- Meðalverð er 303 krónur.

Í lögum um grunnskóla er heimilt að láta nemendur greiða allan kostnað vegna máltíða en mörg sveitarfélög láta nemendur aðeins greiða hráefniskostnað. Í sumum sveitarfélögum eru nemendur látnir greiða hluta af föstum kostnaði vegna máltíðanna. **- sv**

# TAX FREE

## ALLIR SKÓR ÁN VIRÐISAUKASKATTS

fimmtudag til mánudags



# SKÓAÐU ÞIG UPP!

## skór á alla fjölskylduna

Gino Ventori · DreamTeam · bullboxer · ecco

aze · STUDIO London · FILANTO · Skoppa & Skrítla · viking Guaranteed waterproof footwear

true · Ella shoes · Duffy · Cars

melania · grisport · Waterland · SPIDERMAN · DORA

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups..

Tilboðin gilda út mánudaginn 13. júní 2011.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað eru dómarar í landsdómi margir?*
2. *Hvað heitir kvikmynd Ridley Scott sem taka á upp hér á landi í sumar?*
3. *Hvað heitir væntanlegur leikur frá CCP sem kemur út fyrir Playstation 3 leikjatölvur?*

**SVÖRIN**

*1. Þeir eru fimmtán. 2. Prometheus. 3. Dust 514.*

Umhverfisráðuneytið segir fræðsluskilti og bæklinga hafa skilað árangri:

# 15 til 30% minni utanvegaakstur

**UMHVERFISMÁL** Vísbendingar eru um að aðgerðir stofnana á vegum umhverfisráðuneytisins til að draga úr utanvegaakstri hafi borið árangur, að því er segir í frétt á vef ráðuneytisins.

Samkvæmt nýjum tölum frá landvörðum og lögreglustjóraembættum virðist hafa dregið úr utanvegaakstri um 15 til 30 prósent síðan farið var af stað í vinnu við að sporna við honum. Þó er tekið fram að eftirlitið sé ófullkomið og tölurnar því ekki óyggjandi. Enn fremur sé munur á svæðum og sums staðar sé þróunin í átt til hins verra.



**SKEMMDIR** Ökutæki geta myndað djúp för í jarðveg. MYND/UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisráðuneytið og stofnanir þess hafa, ásamt hagsmunaaðilum og frjálsum félagasamtökum, unnið að því að koma fræðslu til vegfarenda með auglýsingum, bæklingum og fræðsluskiltum.

„Fræðsluskilti við fjallvegi virðast hafa borið árangur því dregið hefur úr umferð smábíla á hálendinu og tilvikum utanvegaaksturs hjá útlendingum hefur fækkað,“ segir í frétt umhverfisráðuneytisins.

Þá hefur starfshópur á vegum ráðuneytisins unnið að því að flokka vegi í samvinnu við sveitarfélög og er vonast til að sú vinna muni skila sér í tillögum í haust um það hvaða vegir eigi að vera opnir og hverjir lokaðir. - sh

Fátæktin eykst í Danmörku:

# Yfir 200 þúsund lifa í fátækt

**DANMÖRK** Árið 2009 voru 234 þúsund Danir fátækir samkvæmt skilgreiningu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu um fátækt.

Fjöldi þeirra Dana sem lifa undir fátæktarmörkum hefur aukist um 55 prósent á sjö árum.

Árið 2001 var hlutfall fátækra í Danmörku það lægsta í Evrópu. Nú er Danmörk í 11. sæti.

Ef námsmenn eru reiknaðir með er fjöldi fátækra í Danmörku 346 þúsund. Engin opinber fátæktarmörk eru í landinu. - ibs

Aðalritstjóri NYT hættir senn:

# Ætlar að skrifa áfram í blaðið

**FJÖLMIÐLAR Bill Keller, aðalritstjóri bandaríska stórblaðsins The New York Times, hefur ákveðið að segja starfi sínu lausu nú í september. Keller, sem verður 62 ára í ár, mun áfram skrifa í blaðið.**



**BILL KELLER**

**Netmiðillinn Columbia Journalism Review segir í umfjöllun sinni um feril Kellers uppsögnina í takt við stríð Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum og aftökuna á hryðjuverkaleiðtoganum Osama bin Laden fyrir mánuði. Hann var einn fréttastjóra blaðsins 11. september 2001 þegar farþegaflugvélum var flogið á Tvíburaturnana í New York og stýrði umfjöllun blaðsins um hryðjuverkasamtökin. - jab**

Byggingamarkaður:

# Múrbúðin opnar grófvörudeild

**VIÐSKIPTI** Múrbúðin hefur opnað nýja grófvörudeild í verslun sinni að Bakkabraut við Kópavogshöfn.

Þar verður, að því er segir í fréttatilkynningu, meðal annars hægt að kaupa timbur, gifsplötur, milliveggjastoðir, einangrun og fleira. Múrbúðin er sögð hasla sér völl á samkeppnissviði sem hingað til hafi verið einokað af tveimur aðilum. Búðin segist leggja upp „með sama hætti og alltaf hefur einkennt Múrbúðina, með því að bjóða lágt verð fyrir alla, alltaf“. - þj

# Þorskkvóti aukinn merkjanlega vegna stækkandi stofns

**Hafrannsóknastofnun kynnti í gær tillögur að aflamarki nytjastofna við Ísland. Aflamark þorsks eykst úr 160 í 177 þúsund tonn. Aflamark ýsu minnkar milli ára. Þá er útlit fyrir bestu loðnuvertíð til langs tíma.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnunin leggur til að þorskkvóti verði aukinn úr 160 þúsund tonnum í 177 þúsund tonn á næsta fiskveiðiári. Stofnunin kynnti í gær tillögur sínar um hámarksafla um þrjátíu fiskistofna á næsta fiskveiðiári.

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafró, segir aðgerðir undanfarinna ára, í þá átt að fjölga í þorskstofninum og nýta hann betur, hafa skilað árangri. Stofninn fari stækkandi og fiskarnir séu þyngri. Þá segir hann allar líkur á því að hægt verði að veiða allt að 250 þúsund tonn af þorski árið 2016 verði 20 prósenta aflareglunni, sem Hafró mælir með, fylgt næstu fimm árin.

Aflareglan felur í sér að leyfa skuli veiðar á 20 prósentum af viðmiðunarstofni en raunar valda ýmsar viðbótarheimildir og tilfærslur milli ára því að veiðar geta vikið frá viðmiðinu. Þorskaflinn á nýafstöðnu fiskveiðiári varð þannig á endanum 169 þúsund tonn í stað 160 þúsund tonna.

Hafró leggur til að aflamark ýsu verði 37 þúsund tonn á næsta fiskveiðiári samanborið við 45 þúsund tonn á yfirstandandi ári. Ýsustofninn hefur minnkað mikið á undanförnum árum sem rekja má til minni áhrifa risaárgangsins frá 2003. Jóhann segir miklar líkur á því að stofninn fari niður fyrir sögulegt lágmark á næstu árum þegar árgangar síðustu ára, sem hafa verið litlir, koma inn í hrygningarstofninn. Þá leggur stofnunin til að tekin verði upp aflaregla fyrir ýsu rétt eins og gert hefur verið í þorski.

Þá er útlit fyrir góða loðnuvertíð en mælingar Hafró benda til vertíðar upp á um 700 þúsund tonn en aflamark á yfirstandandi ári var 390 þúsund tonn. Hafró gefur hins vegar ekki út endanlegt aflamark í loðnu fyrr en í haust þegar frekari mælingar liggja fyrir.

Í öðrum helstu nytjastofnum leggur stofnunin til að leyfður ufsaafli verði 45 þúsund tonn en í fyrra taldi stofnunin óhætt að veiða 40 þúsund tonn. Þá er gerð tillaga um 40 þúsund tonna hámarksafla á gullkarfa samanborið við 30 þúsund tonn í fyrra.

Tillögur Hafró um aflamark annarra stofna eru flestar í takti við tillögur ársins í fyrra. Þó er verulega dregið úr aflamarki íslenskrar sumargotssíldar en mikil óvissa er um þróun stofnsins vegna sýkingar sem hefur herjað á hann.

„Auðvitað fagna ég því að verið sé að bæta við í þorskinum en ég harma það aftur á móti að við séum með svo arfavitlausa aflareglu að það skuli ekki vera hægt að bregðast við góðu ástandi með meiri aukningu. Okkur finnst þetta alltof lág aflaregla,“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambandsins, og bætir við að tillögur Hafró í karfa og loðnu séu einnig fagnaðarefni. Annað hafi ekki komið á óvart.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir mjög jákvætt að þorskstofninn hafi vaxið mikið á undanförnum árum sem gefi tilefni til aukinna veiða. „Á sama tíma er hins vegar algjörlega óþolandi að núna þegar uppbyggingin er að takast eigi að taka stóran hluta hennar af þeim sem færðu fórnir til að byggja stofninn upp,“ segir Friðrik með vísan til þess ef fyrirhugaðar breytingar á stjórn fiskveiða ganga eftir.

magnusl@frettabladid.is



**HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN** Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafró, kynnti tillögur stofnunarinnar á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksafla**

| Tegund | Tillaga í þús. tonna | Tillaga 2010 | Ákvörðun 2010 |
|---|---|---|---|
| Þorskur | 177,0 | 160,0 | 160,0 |
| Ýsa | 37,0 | 45,0 | 50,0 |
| Ufsi | 45,0 | 40,0 | 50,0 |
| Gullkarfi | 40,0 | 30,0 | 37,5 |
| Steinbítur | 7,5 | 8,5 | 12,0 |
| Langa | 8,8 | 7,5 | 7,5 |
| Keila | 6,9 | 6,0 | 6,0 |


Starfsgreinasamband Íslands

**Samkomulag við fjármálaráðherra**

**Póstatkvæðagreiðsla er hafin**

**Hafin er póstatkvæðagreiðsla um nýtt Samkomulag Starfsgreinasambands Íslands við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.**

**Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn aðildarfélaga SGS sem vinna eftir þessum samningi og greiddu félagsgjöld til einhvers aðildarfélaganna í apríl/maí 2011.**

Kjörgögn og kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

Fái einnhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki send kjörgögn, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélags, og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, **enda leggi viðkomandi fram launaseðil** sem sanni afdregin félagsgjöld í apríl/maí 2011.

Tekið er við kjörskrárkærum samkvæmt framansögðu **til kl. 12.00 miðvikudaginn 22. júní en þá lýkur atkvæðagreiðslu um samninginn.**

Reykjavík, 6. júní 2011.
**Kjörstjórn**
**Starfsgreinasambands Íslands**


Erlendum föngum hefur fjölgað frá árinu 2001:

# Fimmtungur fanga erlendir ríkisborgarar

**FANGELSISMÁL** Í byrjun síðasta mánaðar nam hlutfall erlendra fanga í íslenskum fangelsum 19 prósentum. Hinn 13. maí var hlutfallið svo komið í 22 prósent. Hlutfallið var því nærri fimmtungi í mánuðinum.

Þetta kom fram í svari Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, á Alþingi í gær.

Þá kom fram í svarinu að árið 2001 hefðu átta prósent fanga í íslenskum fangelsum verið erlendir ríkisborgarar.

Ögmundur sagði í svari sínu að 1. maí síðastliðinn hefðu verið 30 fangar í íslenskum fangelsum. Þar af hefðu verið ellefu sem ekki voru búsettir hér á landi. 13. maí voru svo fangar í íslenskum fangelsum orðnir 35, þar af 15 sem ekki voru búsettir hér.

Í svari Ögmundar kom fram að erlendum föngum sem voru



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

dæmdir í óskilorðsbundið fangelsi hefði fjölgað frá árinu 2001 til ársins 2008, en síðan þá hefði fjöldinn verið nokkuð stöðugur. Fjöldi erlendra fanga gæti hins vegar breyst á stuttum tíma og sagði Ögmundur því geta skipt máli hvaða dagsetningar væru hafðar til viðmiðunar.

Sigmundur Davíð sagði gagnlegt að fá fram upplýsingar um að erlendum föngum hefði farið fjölgandi frá árinu 2001. „Árinu sem Íslendingar urðu aðilar að Schengen,“ sagði hann.



STIMPLAÐU ÞIG INN Í SUMARIÐ MEÐ N1
Taktu þátt í Vegabréfaleik N1 á ferðalaginu um landið í sumar. Safnaðu stimplum á þjónustustöðvum N1 um land allt, lærðu meira um landið þitt og fáðu skemmtilega glaðninga. Þú skilar svo inn fullstimpluðu Vegabréfi og gætir unnið einn af fjölmörgum glæsilegum vinningum sem dregnir verða út í lok sumars.
VERTU MEÐ!
GJAFIR FYRIR DUGLEGA STIMPLA-SAFNARA
VEGABRÉF
SUMAR 2011
N1
WWW.N1.IS
Meira í leiðinni



**MÓTMÆLANDI** Lögregla gerði indverska gúrúinn Swami Baba Ramdev brottrækan frá Nýju-Delí í vikunni. Hann mótmælti þar spillingu með hungurverkfalli. Nú hótar hann að þjálfa 11 þúsund manna her fylgjenda. NORDICPHOTOS/AFP

Forstjóri Barnaverndarstofu styður álit velferðarráðherra um að efla eftirlit með stofnunum:

# Barnarverndarstofa ekki ástæða breytinga

**SAMFÉLAGSMÁL** Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu (BVS), segir umræðu um hert eftirlit með meðferðarstofnunum ekki tengjast BVS beint. Innra eftirlit BVS hafi aldrei verið gagnrýnt, heldur bendir hann á að Árbótarmálið og Götusmiðjan séu dæmi um að kerfið skili góðum árangri. „Við erum mjög stolt af því að hafa gripið inn í starfsemi þeirra,“ segir hann.



**BRAGI GUÐBRANDSSON**

Engu að síður telur Bragi eðlilegt að flytja ytra eftirlitið annað, en BVS ræður nú óháðan aðila til þess að heimsækja heimilin tvisvar á ári og skila áliti. „Barnaverndarstofa hefur aldrei beðið um að hafa eftirlit með þessum stofnunum, heldur var þetta lagt á hennar herðar með lögum. Heppilegra væri að eftirlitið heyri hvorki undir Barnaverndarstofu né velferðarráðuneytið, sem ber endanlega ábyrgð á málaflokknum,“ segir Bragi.

Til stendur að efla ytra eftirlit með áfangaheimilum og meðferðarstofnunum og fá til þess óháðan aðila sem á ekki aðild að gerð þjónustusamninga. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra sagði í Fréttablaðinu á mánudag að ástæða breytinganna væri meðal annars mál tengd BVS og nefnir þar Götusmiðjuna og Árbót. Í blaðinu var ranghermt að Byrgið heyrði undir starfsemi stofunnar og er það leiðrétt. Byrgismálið er engu að síður ein af ástæðum ráðuneytisins til þess að gera þessar breytingar, sem og gagnrýni Ríkisendurskoðunar á að sami aðili geri samningana og hafi eftirlit með þeim. - sv



**MEÐFERÐARHEIMILIÐ ÁRBÓT** Árbótarmálið svokallaða er ein meginástæða þess að velferðarráðuneytið vill efla eftirlit með meðferðarstofnunum. MYND/BARNAVERNDARSTOFA



**HÓTEL LOFTLEIÐIR** Hótelið var opnað fyrir 45 árum og hefur nú verið tekið í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nafni breytt eftir endurbætur:

## Hótel Loftleiðir verður Natura

**MENNING** Hið sögufræga Hótel Loftleiðir mun frá og með deginum í dag kallast Reykjavík Natura. Nafnbreytingin kemur í kjölfar gagngerra endurbóta á hótelinu.

Nafnbreytingin er skýrð með því að rúmlega níutíu prósent gesta á hótelinu eru erlendir ferðamenn. Þá er nafnið einnig skírskotun til nálægðar hótelsins við Öskjuhlíð og Nauthólsvík.

Gagngerar endurbætur á hótelinu eru næststærsta byggingaframkvæmd í Reykjavík á árinu og kostnaðurinn er tæpur milljarður króna. - þeb

**LÖGREGLUMÁL**

### Reiðhjólamaður datt

Lögregla og sjúkralið höfðu mikinn viðbúnað síðdegis í gær vegna fregna um að ekið hafi verið á reiðhjólamann við Vogaafleggjara á Reykjanesbraut. Hann reyndist þó einungis hafa dottið á hjóli sínu og var ekki alvarlega slasaður.

### Sóttu ferðamann á Kjöl

Björgunarsveitarmenn úr Árnessýslu sóttu á þriðjudagskvöld erlendan ferðamann sem fest hafði jeppa sinn í snjó á Kjalvegi, skammt frá Hveravöllum. Kjalvegur er lokaður vegna snjóa og aurbleytu líkt og aðrir fjallvegir.

**MENNTAMÁL**

### Vinnuskólinn hefst

Fyrsti dagurinn í Vinnuskóla Reykjavíkur er á morgun, fimmtudaginn 9. júní. Um það bil 1.700 nemendur hafa þegar skráð sig til vinnu, að því er fram kemur í tilkynningu. Reykvískir nemendur í 9. og 10. bekk geta sótt um starf í Vinnuskólanum og er þeim skipt á tvö tímabil: 9. júní til 1. júlí og 4. til 22. júlí. Þá munu um hundrað leiðbeinendur og aðstoðarleiðbeinendur hafa verið ráðnir til starfa.



**Á BLAÐAMANNAFUNDI** Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, ræddi við blaðamenn í Brussel í gær. Varnarmálaráðherrar sambandsins munu funda áfram í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# NATO sendir ekki hermenn inn í Líbíu

**Atlantshafsbandalagið mun ekki senda hermenn til að tryggja frið í Líbíu eftir að árásum lýkur þar. Varnarmálaráðherrar aðildarríkjanna telja árangur af loftárásum góðan og aðeins tímaspursmál hvenær Gaddafí hrökklist frá.**

**BELGÍA** Varnarmálaráðherrar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins (NATO) telja að góður árangur hafi náðst með loftárásum á herafla Líbíu á síðustu tveimur mánuðum. NATO mun halda áfram loftárásum sínum eins lengi og þurfa þykir, sagði Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri bandalagsins, á fundi með fjölmiðlafólki í höfuðstöðvum NATO í Brussel.

Á fundinum í gær samþykktu ráðherrarnir að heimila áframhaldandi loftárásir út september, til að framfylgja tilskipun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Ráðherrarnir funda áfram í dag. Rasmussen sagði í gær að hann myndi nota fundinn til þess að ýta á að fleiri ríki taki þátt í áframhaldandi aðgerðum í Líbíu. Nokkur lönd bæru nú hitann og þungann af þeim, en ekki hefur verið greint frá því opinberlega hversu mörg ríki taka þátt í loftárásunum á landið.

Sænska ríkisstjórnin tilkynnti í gær að samkomulag hefði náðst við stjórnarandstöðuna um að framlengja þátttöku sænskra þotna í aðgerðum NATO. Þjóðverjar hafa ekki skipt um skoðun og taka ekki þátt í hernaðaraðgerðunum, þrátt fyrir mikinn þrýsting þar um.

Rasmussen sagði í gær aðeins tímaspursmál hvenær Múammar Gaddafí, leiðtogi Líbíu, hrökklist frá völdum, og því þurfi Sameinuðu þjóðirnar að undirbúa aðstoð við Líbíu eftir brotthvarf Gaddafís. Hann sagði skýrt að NATO ætlaði sér ekki að senda hermenn til landsins til að tryggja frið þar eftir að árásum linnir, enda rúmist slíkt ekki innan ályktunar öryggisráðsins.

Gaddafí hét því hins vegar á þriðjudag að gefast ekki upp. Hann sagði það eina kostinn í stöðunni, hvort sem það endaði með sigri eða dauða. Áfram voru gerðar harðar árásir á höfuðborg Líbíu, Trípólí, í gær. Árásir eru nú gerðar á daginn en ekki aðeins á kvöldin eða nóttunni eins og áður. NATO stendur þó fast á því að Gaddafí sé ekki og verði ekki skotmark árásanna. Þær rugli þó bæði og stöðvi hersveitir Gaddafís og beint samband sé á milli árásanna og verndun almennra borgara í landinu.

Áfram verður fundað í dag en búist er við því að mestur tími fari í umræður um stríðið gegn talibönum. brjann@frettabladid.is thorunn@frettabladid.is

Hvorki Steingrímur J. né Ögmundur tóku þátt í umræðum um Líbíu:

# Stefna VG harðlega gagnrýnd

**ALÞINGI** Stefna Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í utanríkismálum var harðlega gagnrýnd á Alþingi í gær í utandagskrárumræðu um stuðning Íslands við aðgerðir Nató í Líbíu. Athygli vakti að hvorki Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins, né Ögmundur Jónasson, sem oft hefur tjáð sig um álíka efni, sáu ástæðu til að taka þátt í umræðunni.

Bjarni Benediktsson var málshefjandi og sakaði hann Vinstri græn um hentisemi í utanríkismálum. Flokkurinn hefði greitt fyrir stuðningi við aðildarumsókn að Evrópusambandinu, en styddi síðan aðgerðir Nató í Líbíu, með þögn sinni og aðgerðaleysi innan ríkisstjórnar.

Fleiri stjórnarandstæðingar hjuggu í sama knérunn og sögðu málflutning flokksins lítt trúverðugan. Hann hefði getað komið í veg fyrir stuðninginn hefði verið vilji til þess, ekki síst vegna þess að ákvarðanir Nató um slík efni þyrftu að vera einróma.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði vinstri græn hafa gert grein fyrir andstöðu sinni við aðgerðirnar, bæði í ríkisstjórn og á Alþingi. Hann sagði ákvörðun sína um stuðning hafa byggt á þeirri staðreynd að þingmeirihluti væri fyrir aðgerðunum.

Árni Þór Sigurðsson og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir voru einu fulltrúar vinstri grænna sem tóku til máls og sögðu stefnu flokksins skýra, hann væri friðarins flokkur. - kóp



**GAGNRÝNINN** Bjarni Benediktsson sagði utanríkisstefnu Vinstri grænna einkennast af hentisemi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




markhonnun.is

# netto
Kræsingar & kostakjör

HVÍTASUNNUDAGUR: LOKAÐ
ANNAR Í HVÍTASUNNU: OPIÐ FRÁ 13-18



**NAUTAPIPARSTEIK**
FERSK
40% afsláttur
2.129 kr/kg
áður 3.549 kr/kg

# GIRNILEG KJÖTTILBOÐ!



**NAUTAHAKK**
FERSKT 12 %
34% afsláttur
989 kr/kg
áður 1.498 kr/kg



**LAMBAFILE**
FERSKT M/FITU
2.998 kr/kg
áður 3.498 kr/kg



**EPLI**
RAUÐ
40% afsláttur
159 kr/kg
áður 265 kr/kg



**KJÚKLINGA-GRILLPYLSUR**
220 G
36% afsláttur
198 kr/pk.
áður 309 kr/pk.



**LAMBA-SIRLOINSNEIÐAR**
FERSKAR
20% afsláttur
1.198 kr/kg
áður 1.498 kr/kg



**HAMBORGARAR**
GRILL 10 X 90 G
FRYSTIVARA
999 kr/pk.
áður 1.298 kr/pk.



**LAMBALÆRI**
KRYDDAÐ
25% afsláttur
1.199 kr/kg
áður 1.598 kr/kg



**LAMBALÆRISSNEIÐAR**
BBQ
20% afsláttur
1.599 kr/kg
áður 1.989 kr/kg



**BÖKUNARKARTÖFLUR**
50% afsláttur
93 kr/kg
áður 185 kr/kg

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 9.-13. júní**
eða meðan birgðir endast

FRÉTTASKÝRING: Áætlun um öskuhreinsun

# Uppgræðslustarfið þolir enga bið

**Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um það á fundi sínum á morgun hve miklum fjármunum verður varið í hreinsun og uppgræðslu á þeim svæðum sem verst urðu úti í öskufallinu vegna Grímsvatnagossins. Ljóst er að gríðarstórt flæmi lands liggur undir ösku og kostnaður við hreinsun verður gríðarlegur. Landgræðslan og bændur eystra bíða í startholunum.**



**ALLT Í ÖSKU** Ljóst er að mikið starf er fram undan við öskuhreinsun. Þá á eftir að hlúa að gróðrinum og byggja upp til framtíðar. MYND/LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Landgræðsla ríkisins hefur lagt fram tillögur um hvernig dregið verði úr öskufoki í byggð á þeim svæðum sem hvað verst urðu fyrir barðinu á öskufalli í Grímsvatnagosinu. Ljóst er að tíminn er knappur og grípa þarf skjótt til aðgerða. Ríkisstjórnin mun fjalla um málið á fundi sínum á morgun og heimildir Fréttablaðsins herma að þar verði samþykkt áætlun um hreinsun og uppgræðslu. Óvíst er hver kostnaðurinn verður, en óumdeilt er að kostnaðurinn verður mikill.

Í umræðum á Alþingi á þriðjudag kom fram að kostnaður við hreinsun hafi í fyrra numið um 100 milljónum króna. Sú upphæð verður þó trauðla notuð til viðmiðunar nú, enda miðaðist hún fyrst og fremst við flóðavarnir, nokkuð sem ekki er þörf á nú. Fyrst og fremst þarf að koma í veg fyrir öskufok og ljóst er að mikið uppgræðslustarf bíður.

### Einblínt á byggð svæði

Gríðarlegt magn af ösku lagðist yfir stór landflæmi í gosinu í Grímsvötnum. Askan dreifðist víða, bæði á byggð svæði og eins upp á heiðar.

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri segir allt of umfangsmikið verk að ætla sér að hreinsa alla ösku. Því verði einblínt á svæði í byggð.

„Fyrst og fremst er þetta svæði í kringum Fljótshverfi, en þar er allra versta öskufokið. Einnig lítillega á svæðinu í kringum Kirkjubæjarklaustur, þó allra blessunarlega hafi askan að miklu leyti fokið þaðan í burtu,“ segir Sveinn. Hann segir hvassviðri síðustu daga hafa bjargað miklu.

Hann segir þó reynsluna frá gosinu í fyrra sýna að mjög slæmt öskufok geti orðið á góðviðrisdögum, einkum á svæðinu austur undir Lómagnúpi og þar fyrir austan. Ástandið sé mjög slæmt á nokkrum bæjum.

„Reynslan sem fékkst af heftingu öskufoksins í fyrra lofar mjög góðu. Við vitum hins vegar að þrátt fyrir að tekist verði á við verkefnið í byggð mun verða fok ofan af heiðunum í norðlægum áttum. Það verkefni er einfaldlega svo óheyrilega stórt að þess verður ekki freistað að ráðast í það.“

### Mjög slæmt fyrir gróður

Mun meiri aska féll til jarðar í gosinu núna en undir Eyjafjallajökli. Því er ljóst að mun meiri hætta er á gróðurskaða á mun stærra svæði. Sveinn segir gosið í fyrra hafa haft mjög slæm áhrif á gróðurfar á stórum svæðum.

„Okkar vísindamenn hafa skoðað heiðarlönd sem fengu á sig umtalsvert af ösku, til dæmis heiðarnar fyrir ofan Skóga og leiðina upp á Fimmvörðuháls. Þau svæði koma mjög illa undan öskunni.

Gróður er þarna lágvaxinn, mest mosi og lynggróður, og þetta lítur hræðilega út í dag. Það er ljóst að mikið uppgræðslustarf er fram undan á þessum svæðum.“

Sveinn segir að svæðin þar sem minni aska féll séu þó að jafna sig. Ljóst sé hins vegar að yfirborð margra svæða muni fara illa í haust og í vetur.

### Vilji til úrbóta

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, beindi þeirri spurningu til Álfheiðar Ingadóttur, formanns umhverfisnefndar Alþingis, á þriðjudag, hvaða áform væru uppi við hreinsun ösku og uppgræðslu á gossvæðunum. Hún sagði málið afar brýnt og ljóst að grípa þyrfti skjótt til aðgerða. Hún endurómar þar málflutning Sveins sem telur að ekki megi tefjast að hefjast handa.

Álfheiður lýsti því yfir að málið væri til skoðunar hjá umhverfisráðuneytinu og kæmi á borð ríkisstjórnar fljótlega og hún ætti ekki von á öðru en að stjórnvöld og ráðuneyti myndu styðja við þá áætlun sem Landgræðslan hefur unnið.

Eftir gosið í fyrra var skipaður starfshópur nokkurra ráðuneytisstjóra og sá hópur er nú með umræddar tillögur til umfjöllunar.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir að hreinsunarstarfið eystra sé algjört forgangsmál hjá ríkisstjórninni.

„Það er sem betur fer íslenski mátinn að allir hlaupa undir bagga með þeim sem verða fyrir áföllum, sérstaklega vegna náttúruhamfara. Það var reyndin í fyrra og verður einnig nú. Þetta mun fyrst og fremst hvíla á herðum Landgræðslunnar, en einnig verður það verkefni Umhverfisstofnunar að vakta loftgæði. Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að vinna að þessum málum.“

### Kostnaður liggur víða

Erfitt er að meta nákvæmlega hver kostnaðurinn verður við uppbyggingu og hreinsun. Kostnaður vegna gossins í fyrra liggur víða; í beinum aðgerðum, tilfærslu fjármuna og viðbótarfjármagns til viðlagatrygginga og bjargráðasjóðs, svo eitthvað sé nefnt.

Ekki liggur endanlega fyrir hve stór svæði liggja undir í þessari lotu þannig að enn erfiðara er að meta kostnaðinn.

„Við munum velja ákveðin svæði þar sem við óttumst að öskufokið verði hvað mest og einblína á þau. Það eru þá svæði sem eru slétt og opin fyrir vindum. Það er minna fok í hrauni og annarri ójöfnu þar sem landslagið dregur úr fokinu,“ segir Sveinn.

Hann segir þó að gróflega reiknað sé kostnaður við að styrkja gróður um 30 þúsund krónur á hvern hektara.

### Í startholunum

Landgræðslan hefur unnið sínar áætlanir í samvinnu við heimamenn. Þar á bæ hefur verið ákveðið að fresta hluta af verkefnum stofnunarinnar til þess að vinna með bændum. Þá munu bændur auka sinn hlut í verkefninu Bændur græða landið og styðja þannig uppgræðslustarf.

Sveinn segir í raun ekki eftir neinu að bíða. Allir séu í startholunum og um leið og grænt ljós kemur frá ríkisstjórn geti vinna hafist af fullum dampi.

Ef ríkisstjórnin samþykkir áætlunina á morgun má því ætla að starfið fari á fullt strax eftir helgi.


Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Þórunn Elísabet Bogadóttir
thorunn@frettabladid.is




## Áhrifin líklega mikil á smádýr

Gróður mun víðast hvar ná sér á strik á láglendi þrátt fyrir verulegt öskufall vegna Grímsvatnagossins. Það mun þó fara eftir tíðarfari á komandi vikum, að mati Erlings Ólafssonar skordýrafræðings og Sigurðar H. Magnússonar gróðurvistfræðings, sem fóru í skoðunarferð fyrir Náttúrufræðistofnun um öskusvæðið í lok maí. Þeir könnuðu öskufall eftir gosið og gróður, smádýralíf og fuglalíf.

Í mosagrónum hraunum mun lágvaxinn gróður kafna undir þykkustu öskunni, en landnám mun hefjast að nýju, einkum munu grös, víðir og lyng aukast. Gróðurskilyrði eru víðast góð og því þarf þetta ekki að þýða miklar breytingar til langframa. Í graslendi og votlendi mun grösum og hávöxnum plöntum fjölga, og uppskera mun jafnvel aukast vegna næringar í öskunni og hærri jarðvegshita. Illa gróið flatlendi er viðkvæmast og æskilegt að styrkja gróður með áburðargjöf að mati Náttúrufræðistofnunar.



Neikvæð áhrif öskunnar eru meiri á smádýr. Mest getur askan komið niður á jarðvegsdýrum og smádýrum sem byggja afkomu sína á víði og birkilaufum. Samfelld aska sem liggur þétt er líkleg til að minnka aðgengi að súrefni og breyta efnasamsetningu. Öskufall á víðirekla mun líka hafa áhrif, þar sem reklarnir eru mikilvægt matarbúr fyrir smádýr sem eru á ferli á vorin. Flugur eru dæmi um þetta, til dæmis humlur og sveifflugur.

Erling og Sigurður urðu lítið varir við varp eða söng fugla. Þó þarf að hafa í huga að kalt var á meðan þeir voru á svæðinu og það gæti hafa haft áhrif á það.





SÓLEY
lífrænt
dekur
Lífrænt vottaðar
húðsnyrtivörur
unnar úr hreinni
íslenskri náttúru
www.soleyorganics.com
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



# MÁLUM

REYKJAVÍK NATURA REYKJAVÍK MARINA OPNAR Í APRÍL 2012 KEFLAVÍK HAMAR KLAUSTUR FLÚÐIR HÉRAÐ HENGILL AKUREYRI



1966. Bítlarnir senda frá sér Revolver. Hótel Loftleiðir opnar og túberaðar skvísur og herraklipptir stælgæjar byrja að tjútta inn um dyrnar. Fjörutíu og fimm síbreytilegum hártískuárum og nokkrum milljónum gesta síðar kemur Hótel Loftleiðir niður á jörðina og heitir framvegis **Reykjavík Natura**.

Nýja nafnið segir allt sem segja þarf: Grænar og vistvænar áherslur munu lita alla upplifun hótelgesta á Reykjavík Natura og sömu sögu er að segja um **veitingastaðinn Satt** á jarðhæðinni og **heilsulindina Sóley Natura Spa**.

Um leið og við kveðjum Hótel Loftleiðir með þakklæti bjóðum við gesti velkomna til nýrrar upplifunar á Reykjavík Natura.

# BÆINN GRÆNAN

REYKJAVÍK
NATURA
Icelandair Hotels

satt

Sóley
natura spa

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

# neytendur
*hagur heimilanna*

**106 ÞÚSUND KRÓNUR** Meðalheimilið á Íslandi varði 106 þúsund krónum í áfengi á árinu 2009. Það nam 2,4 prósentum af heildarútgjöldunum.

## GÓÐ HÚSRÁÐ rabarbari

***Rabarbari hreinsar pottana***



Hægt er að ná brunablettum úr pottum og pönnum á einfaldan hátt með rabarbara þannig að pottarnir líti út sem nýir. Skerðu niður nokkra rabarbaraleggi, settu í pottinn ásamt vatni og láttu sjóða í um það bil tíu mínútur og potturinn verður eins og nýr. Nú er tilvalið að taka skemmtunina aðeins lengra og sjóða annaðhvort rabarbarasultu eða rabarbaragraut.

**NEYTANDINN:** GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR, TALSKONA STÍGAMÓTA

## *Lifðu lífinu fyrir gólfteppið*

„Það sem ég hélt að væru afskaplega slæm kaup í mínu lífi, reyndust svo verða með þeim betri," segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.

Guðrún keypti íbúð árið 1982 og á stofugólfinu var „með endemum ljótt gólfteppi" í hræðilegum lit, skræpótt og götótt. „Það var hryllilega gulbrúnt með hvítum skræpum og æpti í mótsögn við allt mitt innbú," segir Guðrún, sem hét því um leið að safna fyrir parketi á stofugólfið, líkt og tíðkaðist víða og gerir enn.

„Í hvert sinn sem peningur kom inn á heimilið settum við fram spurninguna um forgangsröðun í lífinu," segir Guðrún. „Við frestuðum parketinu ítrekað, fórum í nokkrar utanlandsferðir og gerðum margt annað dásamlegt fyrir peningana."



Teppið vakti upp endalausar spurningar hjá Guðrúnu um hvernig á að verja peningum. Hún segist vilja nota þá til að njóta lífsins og gera skemmtilega hluti með fólki sem henni þykir vænt um.

„Þegar ég hugsa til baka til teppisins þá finn ég að mér þykir mjög vænt um það," segir hún. „Og það var á stofugólfinu öll þau átta ár sem við bjuggum í íbúðinni, en við lifðum lífinu fyrir andvirði teppisins."

Posar með örgjörvum að hefja innreið sína á Íslandi:

# Staðfest með pinni

Um tíu til fimmtán þúsund posar með örgjörvum verða settir upp hér á landi á næstu mánuðum. Því munu allir sem nota greiðslukort þurfa að leggja pinnnúmer á minnið og nota það í stað undirskrifta. Útgáfu korta með örgjörvum verður að mestu lokið á þessu ári, en þegar eru öll kreditkort búin örgjörvum.

Verslanir og þjónustufyrirtæki hafa sum hafist handa við að setja upp slíka posa. Posarnir snúa að viðskiptavinum, sem setja kortin í þá og slá inn númerið. Í nokkrum vínbúðum er nú hægt að greiða með þessum hætti.

Með þessum breytingum er verið að mæta alþjóðlegum kröfum um öryggi, en þær þykja stuðla að meira öryggi bæði korthafa og fyrirtækja.

Verkefninu „Pinnið á minnið" hefur verið hrundið af stað vegna þessa og á það að auðvelda innleiðingu kerfisins. Greiðsluveitan ehf., sem er dótturfyrirtæki Seðlabankans, sér um verkefnið ásamt færsluhirðunum Borgun, Valitor og Teller. Orðið pinnið er nýyrði yfir enska orðið Pin, sem hefur verið notað á Íslandi hingað til.

Áfram verður hægt að staðfesta greiðslur með undirskrift enn um sinn.

**- þeb**



**NÝR POSI** Posar hafa verið teknir í notkun í nokkrum vínbúðum og eru þeir merktir með slagorðinu „Pinnið á minnið".

# Góðir skór eru lykilatriði í útihlaupum

**Hlaupafrömuðurinn Torfi H. Leifsson segir að aukinn áhuga á útihlaupum megi þakka öflugu kynningarstarfi og heilsuvitund almennings. Upphafskostnaður er ekki mikill, en vandaðir hlaupaskór eru sagðir vera algjör nauðsyn.**

Sannkölluð sprenging hefur verið í áhuga almennings á útihlaupum hér á landi síðustu ár þar sem sífellt fleiri eru farnir að spretta úr spori.

Þessi þróun var hæg en stöðug um áraraðir segir Torfi H. Leifsson. Hann er einn umsjónarmanna vefsíðunnar hlaup.is, þar sem nálgast má upplýsingar um hlaup og flest þeim tengt.

Torfi segir aðspurður að ákveðin vatnaskil hafi orðið þegar Glitnir lagðist út í mikla auglýsingaherferð fyrir Reykjavíkurmaraþon fyrir nokkrum árum.

„Síðan hefur orðið almenn heilsuvakning meðal almennings þar sem fólk áttaði sig á því að hlaup er bæði þægileg og ódýr leið til að koma sér í form," segir Torfi og bætir við að lykilatriði sé að kaupa góða hlaupaskó.



**TORFI H. LEIFSSON**

„Fín hlaupaföt eru ekki nauðsynleg fyrst um sinn þar sem venjulegur íþróttagalli dugar vel. Hins vegar er ekki ráðlegt að nota gamla skó sem hafa legið í geymslunni lengi. Góðir skór gætu kostað á bilinu 20 til 25 þúsund, en í framhaldi af því má hugsa um að kaupa hlaupaboli og buxur, sem eru í raun ekki mjög dýr."

Torfi segir að ýmis aukatæki, líkt og úr með GPS og púlsmæli, séu eitthvað sem getur komið síðar.

Hlaupaskó þarf að endurnýja reglulega, í samræmi við notkun, segir Torfi.

„Jafnan er miðað við að skór endist á bilinu 600 til 1000 kílómetra, en þá er dempun horfin úr skónum. Maður finnur strax fyrir því þegar það gerist til dæmis með óþægindum í hnjám eða framan á sköflungi."



**Á HARÐAHLAUPUM** Stóraukning hefur verið í áhuga almennings á útihlaupum síðustu ár. Hlaupafrömuður segir að þakka beri miklu og góðu kynningarstarfi sem og bættri heilsuvitund, og þeirri staðreynd að um er að ræða hentuga og ódýra heilsurækt. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Verðsamanburður



### Asics Kayano

Asics Kayano er einn vinsælasti hlaupaskórinn hér á landi, og sá mest seldi af innanfótarstyrktum skóm, að því er segir í umsögn á vef Útilífs. Þessi tegund er til í flestum verslunum og er því valin til verðsamanburðar.

| Verslun | Verð |
|---|---|
| Sportland | 33.990 * |
| Afreksvörur | 33.000 * |
| Útilíf | 29.990 |
| Hlaupaskor.is | 29.990 |
| Hlaup.is | 28.800 |
| Intersport | 27.990 |
| Flexor | 27.980 |

*Hér er um að ræða skó sem eru af öðrum tegundum, en sambærilegir við Asics Kayano, að sögn starfsmanna verslananna.

Úrval af hlaupaskóm er nokkuð gott hér á landi. Þrátt fyrir að verð hafi hækkað mikið eftir gengisfall krónunnar segir Torfi að verð hér á landi sé svipað og á Norðurlöndunum, en verð vestanhafs geti verið umtalsvert lægra.

Þrátt fyrir að veðrið á Íslandi sé oftar en ekki lítt fýsilegt til útivistar segir Torfi að hlauparar láti slíkt ekki stöðva sig.

„Fólk er að hlaupa úti allt árið um kring og síðustu ár hafa meira að segja verið hlauparaðir í gangi allan veturinn," segir Torfi og bætir við að lokum að mestu máli skipti að klæða sig eftir aðstæðum.

„Margir láta ekkert stoppa sig, en í verstu veðrum er hægt að fara inn í líkamsræktarstöðvarnar og hlaupa á brettunum."

**thorgils@frettabladid.is**





Sparaðu með Miele

Með því að velja Miele uppþvottavélar leggur þú grunn að langtímasparnaði.

✔ Þrjár þvottagrindur
✔ Þvær 18% meira magn í einu
✔ Notar minna vatn og rafmagn
✔ Fer betur með leirtauið
✔ Verð frá kr. 179.995



Care Collection uppþvottaduft, töflur, gljái og vélahreinsir, sérstaklega framleitt fyrir Miele uppþvottavélar

Farðu alla leið með Miele

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# FYRIRTÆKI SEM TAKA VIÐ KORTAGREIÐSLUM ÞURFA AÐ SETJA UPP POSA SEM SNÝR AÐ VIÐSKIPTAVINUM

Um heim allan innleiða alþjóðlegu kortafyrirtækin kröfur um **öryggi í kortaviðskiptum,** til að sporna við fjársvikum skipulagðra glæpasamtaka. Nú er komið að íslenskum fyrirtækjum að uppfylla þessar kröfur.



**Korthafar** setja sjálfir kortið í posann og staðfesta viðskiptin með pinni í stað undirskriftar.

**Starfsfólk** þarf ekki lengur að bera saman undirskrift á korti og kvittun.



## HVAÐ GERA FYRIRTÆKI MEÐ SJÁLFSTÆÐA POSA?

Þjónustuaðilar örgjörvaposa eiga tilbúnar lausnir, hvort sem hentar betur að setja upp tvo samtengda posa eða einn posa sem snúa má í báðar áttir.



## HVAÐ GERA FYRIRTÆKI MEÐ AFGREIÐSLUKERFI?

Þjónustuaðilar afgreiðslukerfa eiga tilbúnar tengingar á milli kassa og örgjörvaposa.

**FARÐU Á WWW.PINNID.IS, FINNDU ÞJÓNUSTUAÐILA OG BYRJAÐU STRAX AÐ UNDIRBÚA FYRIRTÆKIÐ ÞITT FYRIR ÖRUGGARI KORTAVIÐSKIPTI.**

***_

PINNIÐ
Á MINNIÐ

**Með verkefninu Pinnið á minnið er notkun greiðslukorta með örgjörva innleidd á Íslandi.** Íslensk fyrirtæki, korthafar, útgefendur greiðslukorta og færsluhirðar uppfylla þannig öryggiskröfur alþjóðlegu kortafyrirtækjanna sem innleiddar eru um allan heim. Greiðsluveitan ehf., dótturfyrirtæki Seðlabanka Íslands, sér um framkvæmd verkefnisins ásamt færsluhirðunum Borgun, Valitor og Teller (samstarfsaðila Kortaþjónustunnar). Verkefnið Pinnið á minnið er unnið með heimild Samkeppniseftirlitsins samanber ákvörðun 18/2010.

**www.pinnid.is**

**200 PUNKTAR** eru skuldatryggingarálagið á íslenska ríkið. Það hefur ekki verið lægra síðan um miðjan júní árið 2008. Hæst fór það í tæpa 1.500 punkta í bankahruninu í október 2008 en hefur lækkað jafnt og þétt frá því í febrúar í fyrra. Tvö hundruð punkta álag merkir að borga verður tvö prósent af nafnverði skuldabréfs til fimm ára til að tryggja það gegn greiðslufalli.




**JÓNAS BJÖRGVIN** Á sama tíma og leikjafyrirtækið Gogogic náði góðum samningum í útlöndum fyrir skömmu var nauðsynlegt að endurfjármagna reksturinn. „Þetta var eins og að vera með annan fótinn í köldu vatni en hinn í heitu," segir forstjórinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Hluthafar hjálpa Gogogic og starfsfólk er endurráðið:

# Komu í veg fyrir að flaggskipið sykki

„Þessi vaxtarsproti sem kominn er á legg var við það að visna. Það hefði verið afar miður ef þetta næsta flaggskip í íslenskri leikjagerð hefði þurft að sökkva. Okkur þótti mikið til vinnandi að bjarga því," segir Eggert Claessen, stjórnarformaður leikjafyrirtækisins Gogogic og framkvæmdastjóri samlagssjóðsins Frumtaks.

Endurskipulagning á rekstri Gogogic hefur staðið yfir síðastliðna tvo mánuði og var hnýtt fyrir á hluthafafundi á þriðjudag.

Frumtak á þrjátíu prósenta hlut í Gogogic og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fimmtung. Stofnendur fyrirtækisins eiga afganginn. Allir hluthafar og starfsfólk leggja til aukið hlutafé.

Jónas Björgvin Antonsson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Gogogic, segir hlutafjáraukninguna umtalsverða og tryggja reksturinn í eitt og hálft ár. Þótt endurskipulagningu sé ekki lokið hafi þótt óhætt að endurráða starfsfólk sem sagt var upp í varúðarskyni í apríl.

Vanda Gogogic má rekja til þess að tekjur af leikjum voru undir væntingum. Fyrirtækið hefur á móti nýverið gert dreifingar- og framleiðslusamninga við erlend fyrirtæki og erlendir fjárfestar sýnt Gogogic áhuga.

„Að mörgu leyti voru skilyrði félagsins betri en nokkru sinni á sama tíma og nauðsynlegt var að endurfjármagna félagið. Ef vel tekst til verðum við búin að ná virkilega góðri fótfestu á markaðnum," segir Jónas. - jab

# Komu í veg fyrir upplausnarástand

**Kortafyrirtækin funduðu í Seðlabankanum um mögulegt bankahrun hálfum mánuði áður en þeir fóru á hliðina árið 2008. Samstarfið bjargaði því að hér varð ekki algjört kerfishrun, segir Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitor.**



**MÓTMÆLI VIÐ ALÞINGI** Ástandið hefði getað orðið verra og algjör upplausn ríkt, hefði greiðslukortakerfið orðið óvirkt þegar bankarnir hrundu, að sögn forstjóra Valitor. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hefðu greiðslukort fólks ekki virkað þegar gömlu bankarnir fóru á hliðina hefði ríkt upplausnarástand og fjöldi fólks orðið uppiskroppa með peninga bæði hér og þeir tólf þúsund Íslendingar sem þá voru staddir erlendis.

Viðar Þorkelsson, forstjóri kortafyrirtækisins Valitor, var með erindi á ráðstefnu fyrirtækisins í fyrradag þar sem hann kom inn á það hvernig tókst að halda greiðslukortakerfinu virku í bankahruninu.



VIÐAR ÞORKELSSON

Hann rifjaði upp að lögð hafi verið fram neyðaráætlun á neyðarfundi forsvarsmanna greiðslukortafyrirtækjanna, fulltrúa Seðlabankans og fleiri um miðjan í september 2008. Þar hafi verið rætt um hugsanlegt fall bankakerfisins og leiðir til að halda greiðslukortakerfinu í lagi svo fólk gæti notað kort sín því sem næst óhindrað. Tveimur vikum síðar féllu bankarnir einn af öðrum og nýir reistir á rústum þeirra. Greiðslukort virkuðu eftir sem áður, bæði hér og utan landsteinnna.

Hann bendir á að mjög hafi dregið úr notkun peninga í hagkerfinu síðustu árin. Þegar bankarnir fóru á hliðina hafi um sjötíu prósent af öllum viðskiptum hér átt sér stað með greiðslukortum. Sumt fólk hafi verið búið að taka út peninga áður en bankarnir féllu en aðrir lagt traust sín á greiðslukort. Því hafi verið lykilatriði að halda greiðslukortakerfinu virku, að sögn Viðars og bætir við að þegar nýir bankar voru reistir á rústum þeirra gömlu hafi þurft að tengja öll kortin við nýju bankana. „Það tókst og á tveimur dögum var komið í veg fyrir kerfishrun og algjöra upplausn," segir hann.

Ofan á hrunið kröfðust bæði Visa og MasterCard þess að hætt yrði að gera upp í íslenskum krónum. Visa vildi gera upp í Bandaríkjadölum en MasterCard í evrum. Þau kröfðust trygginga ellegar innkalla leyfi fyrirtækjanna.

„Valitor átti varasjóði sem hægt var að nota auk þess sem Seðlabankinn ábyrgðist að þetta væri í forgangi," segir Viðar.

jonab@frettabladid.is

Dethleffs 2011 frá Þýska hjólhýsarisanum



Dethleffs

Frá þýska hjólhýsarisanum Dethleffs sýnum við hjólhýsi í hæðsta gæðaflokki með ríkulegum staðalbúnaði þar sem gæði og falleg hönnun fara vel saman



560 SK Camper Style
• Lengd utanmál 8,12 m.
• Innanmál 6,10 m.
• Breidd 2,50 m.
Verð: 5.298.000kr

Með Alde hitakerfi
560 SB Nomad
• Lengd utanmál 8,12 m.
• Innanmál 6,10 m.
• Breidd 2,50 m.
Verð: 5.698.000kr

Alde hitakerfi 310.000kr
510 V Nomad
• Lengd utanmál 7,28 m.
• Innanmál 5,25 m.
• Breidd 2,30 m.
Verð: 4.798.000kr

510 DB Camper
• Lengd utanmál 7,28 m.
• Innanmál 5,25 m.
• Breidd 2,30 m.
Verð: 4.248.000kr

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7 I 110 Reykjavík
Sími 551 5600 I utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®



Ellingsen

– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GÖNGUSKÓM**

# GÖNGUSKÓ
# DAGAR

## Í ELLINGSEN 9.–11. JÚNÍ

Við bjóðum frábært úrval af gönguskóm frá Columbia og fleiri hágæðamerkjum. Þú finnur skó fyrir alla fjölskylduna í Ellingsen.

Ungfrú Ellingsen 2011,
Eva Rakel Jónsdóttir
þátttakandi í Ungfrú Ísland



**COLUMBIA WALLAWALLA**
Dömu- og herraskór
**23.992 kr.**
**FULLT VERÐ 29.990 KR.**
Léttir með aukastyrkingu í tá og hæl og OMNI-TECH sóla sem tryggir aukið grip.



-25% afsláttur

**COLUMBIA DASKA** Dömu- og herraskór
Hálfstífir með OMNI-TECH vatns- og öndunarfilmu. Styðja vel við ökkla.
**28.493 kr.**
**FULLT VERÐ 37.990 KR.**



-20% afsláttur

**COLUMBIA POLE** Herraskór
Léttir með OMNI-TECH vatns- og öndunarfilmu og OMNI-GRIP sóla.
**27.992 kr.**
**FULLT VERÐ 34.990 KR.**



-20% afsláttur

**COLUMBIA COREMIC** Dömu- og herraskór
Léttir með OMNI-TECH vatns- og öndunarfilmu og OMNI-GRIP sóla.
**21.592 kr.**
**FULLT VERÐ 26.990 KR.**



-20% afsláttur

**HARKILA PRO HUNTER GTX** Herraskór
Hálfstífir leðurskór með Goretex öndunarfilmu og Vibram sóla.
**39.992 kr.**
**FULLT VERÐ 49.990 KR.**



-20% afsláttur

**COLUMBIA Y. SWITCH** Barnaskór
Léttir barnaskór með gripmiklum sóla. Stærðir 23-30.
**10.392 kr.**
**FULLT VERÐ 12.990 KR.**



-20% afsláttur

**KANGAROOS CAR** Barnaskór
Léttir barnaskór með gripmiklum sóla. Stærðir 25-35.
**6.392 kr.**
**FULLT VERÐ 7.990 KR.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 111333

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vísbendingar um að dregið hafi úr utanvegaakstri:

# Vitundarvakning um umhverfismál

Akstur utan vega hefur verið viðvarandi vandamál hér á landi. Því miður hafa allt of margir ökumenn jeppa og annarra vélknúinna ökutækja of mikið og of lengi sýnt viðkvæmu gróðurfari á hálendi Íslands vanvirðingu og yfirgang á ferðum sínum. Víða sjást merki þessa í náttúru Íslands enda getur það tekið náttúruna ár og upp í áratugi að jafna sig þegar djúp hjólför eru komin í viðkvæmt land.

Vísbendingar sem fram koma í nýrri samantekt Umhverfisstofnunar um að nú dragi heldur úr utanvegaakstri eru því fagnaðarefni, en á síðustu misserum hefur verið unnið eftir aðgerðaáætlun umhverfisráðuneytisins sem beinist að því að draga úr utanvegaakstri.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Ekki er úr vegi að setja þessa þróun í stærra samhengi, því líklega hefur umræða um umhverfismál almennt ekki verið meiri og frjórri hér á landi í annan tíma.

Skemmst er að minnast sorpbrennslumálanna sem hafa verið í fréttum frá áramótum. Sú umfjöllun neyddi nokkrar sveitarstjórnir í landinu til að hætta að beina blinda auganu að alvarlegri díoxínmengun sem stafað hefur frá sorpbrennslum.

Raunar má segja að bylting hafi orðið í viðhorfi almennings til sorpmála í landinu á sama tíma og mörg sveitarfélög hafa bætt mjög meðferð á úrgangi. Aukin endurvinnsla og endurnýting á sorpi hefur dregið talsvert úr þeim úrgangi sem farga þarf, þótt þarna megi vitanlega gera mun betur.

Þótt enn sé nær allur bílafloti landsmanna knúinn bensíni og dísilolíu eru teikn um að þess sé ekki langt að bíða að endurnýtanleg orka verði valkostur sem æ fleiri mun þykja fýsilegur.

Frumvarp um framkvæmdasjóð ferðamannastaða hefur verið til umræðu á yfirstandandi þingi og verður vonandi að lögum. Með þeim lögum kemur til stóraukið fjármagn til uppbygginga og viðhalds á fjölsóttum ferðamannastöðum þar sem aðstæðum hefur víða verið verulega ábótavant í mörgum skilningi. Auk þess sem öryggi ferðamanna hefur ekki verið nægilega tryggt hafa margir fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins alls ekki verið nægilega varðir gegn þeim ágangi sem stríður straumur ferðamanna veldur óneitanlega í viðkvæmu landi.

Ósnortin náttúra og óspillt ásamt hreinu vatni og lofti er ríkur þáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar. Svo ríkur kannski að hér var fólk seinna að grípa þá umhverfisbylgju sem svo sannarlega hefur sett mark sitt bæði á líf almennings og öll stjórnmál um heim allan undanfarna áratugi. Í okkar stóra og strjálbýla landi var talið að engin umhverfisvá steðjaði að.

Nú virðist sem þjóðin sé að vakna af þyrnirósarsvefninum og átta sig á því að hér þurfum við að vernda viðkvæma náttúru með því að umgangast hana af gætni og virðingu, gæta að útblæstri og annars konar loftmengun og draga úr sorpi með aukinni endurvinnslu. Þetta er góð þróun og ber vott um þroska þjóðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Hafrannsóknastofnunin**

**Veiðiráðgjöf – Kynningarfundur**

Hafrannsóknastofnunin mun kynna veiðiráðgjöf fyrir fiskveiðiárið 2011/2012 á opnum fundi fimmtudaginn 9. júní n.k. kl. 14 - 16 í fundarsal stofnunarinnar á 1. hæð að Skúlagötu 4.

**Dagskrá:**
Undirstaða stofnmats – Einar Hjörleifsson
Þorskur – Björn Ævarr Steinarsson
Loðna – Þorsteinn Sigurðsson
Yfirlit yfir aðrar tegundir
Fyrirspurnir og umræður

Gert er ráð fyrir um klukkustundar umræðum eftir kynninguna þar sem sérfræðingar stofnunarinnar sem vinna að stofnmati munu svara fyrirspurnum.

**Allir velkomnir.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Góður ásetningur

Merkileg samstaða náðist á Alþingi 12. desember 2008. Þá var samþykkt tillaga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna. Í greinargerð með tillögunni segir að rannsóknin geti beinst að aðgerðum ríkisstjórnar og einstakra ráðherra og því sé eðlilegt að rannsóknin fari fram á vegum Alþingis. Þar er talað um ábyrgð ráðherra og sérstaklega vísað til 14. greinar stjórnarskrár Íslands. Hún hljóðar svo: „Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál."

Þeir sem stóðu að tillögunni voru: Sturla Böðvarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Geir H. Haarde, sem þá var forsætisráðherra.



### Ó, gat það átt við um mig?

Í ljósi þessarar ágætu tillögu, sem samþykkt var samhljóða á Alþingi, hlýtur það að skjóta skökku við þegar einn flutningsmanna, Geir H. Haarde, hrópar hátt um pólitískar ofsóknir og úreltan landsdóm. Átti frumvarpið kannski ekki að gilda um hann?

### Tyggjóþingið

Sérkennileg orðaskipti áttu sér stað á þingi í gær. Þau lutu ekki að stjórnmálum, ekki beint í það minnsta. Í umræðum um fundarstjórn forseta mátti nefnilega heyra forseta, Ragnheiði Ríkharðsdóttur, hvísla að einum þingverðinum þegar hann gekk til sætis við hlið forseta: „Passaðu þig að þú stígir ekki í tyggjóið."



Er ekki einboðið að skipa rannsóknarnefnd og kryfja það hver forsetanna var með tyggjó í þingsal og missti það á gólfið – Kristján Möller, Ásta Ragnheiður eða kannski Ragnheiður sjálf?

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hvert örstutt spor, Gunnar Smári, hvert örstutt spor …

Notkun rítalíns



Vilhjálmur Hjálmarsson

leikari og einstaklingur með athyglisbrest

Á vef SÁÁ er að finna pistil eftir Gunnar Smára Egilsson frá 3. júní þar sem formaðurinn sýnir af sér fordæmalausan þekkingarskort og fellir sleggjudóma um grafalvarlegt málefni.

Sem einstaklingur með athyglisbrest leyfi ég mér að fullyrða:

- Einstaklingar með athyglisbrest sem fá meðferð byggða á rítalíni eru ekki líklegir til að þróa með sér ávana eða fíkn.
- Einstaklingar sem ekki hljóta viðeigandi meðferð eru líklegri til að misnota áfengi og fíkniefni.
- Með því að ráðast að óathuguðu máli gegn meðferð á athyglisbresti er Gunnar Smári að auka þörf á þjónustu SÁÁ.

> Fordómafullir sleggjudómar bjarga ekki mannslífum.

Mér blöskrar þær tölur sem sést hafa varðandi lyfjakostnað. Þar erum við alveg sammála, Gunnar Smári og ég. En ég fordæmi hiklaust upphlaup formanns SÁÁ sem vanhugsað áróðursbragð. Gunnar Smári er ekki nýliði í fjölmiðlaumfjöllun og væri maður að meiru ef hann viðurkenndi mistök sín. Að öðrum kosti dæmir hann sjálfan sig óhæfan til að leiða SÁÁ.

Er ekki kominn tími til að staldra við og íhuga eftirfarandi:

- Ef rannsókna er þörf varðandi greiningu og meðferð á athyglisbresti þarf ekki einfaldlega að styðja við slíkt starf?
- Ef Ísland stendur svona langt upp úr er þá ekki þörf á að greina hvers vegna?
- Ef aðgengi fíkla að „læknadópi" er svona mikið sem raun ber vitni þarf þá ekki að skoða hvers vegna og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir það?

Ég skora á íslensk stjórnvöld, Gunnar Smára og aðra landsmenn að taka á þessu máli með festu og stillingu. Fordómafullir sleggjudómar bjarga ekki mannslífum. En hvert örstutt spor – Gunnar Smári – hvert örstutt spor í rétta átt er áfangi sem vert er að vinna að. Það ættir þú að vita svo mætavel sjálfur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Uppgjör við hrunið

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Enn vantar mikið á hreinskiptið uppgjör við hrunið, þótt ýmislegt hafi áunnizt. Brennuvargar gera hróp að slökkviliðinu, segir Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrum utanríkisráðherra, um ástandið í grein á vefnum, og má til sanns vegar færa. Sumt gengur þó vel. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur undir styrkri stjórn Gunnars Þ. Andersen sent 67 mál til sérstaks saksóknara. Starfsmönnum sérstaks saksóknara hefur fjölgað úr þrem hálfu ári eftir hrun í 70 nú, bráðum 80. Þetta heitir að láta hendur standa fram úr ermum. Tilraunir Seðlabankans til að sölsa FME undir sig ber að skoða í þessu ljósi. Það væri óhyggilegt að hrófla við FME eins og sakir standa.

### Að búa um óhrein sár

Málin, sem FME hefur sent frá sér til sérstaks saksóknara, snerta á annað hundrað manna. FME sendir ekki frá sér önnur mál en þau, sem það telur líkleg til að leiða til sakfellingar. Meintar sakir mega helzt ekki fyrnast, áður en dómstólar ná að kveða upp dóma. Alþingi þyrfti að setja lög til að fresta fyrningu hugsanlegra brota í þeim málum, sem ekki hafa enn verið sett í rannsókn, svo sem einkavæðing bankanna og ýmis mál tengd sparisjóðunum, en þingmenn virðast þó ekki hafa hug á því. Hugsanleg sök ráðherra vegna einkavæðingar bankanna 2002 er löngu fyrnd samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð, en hugsanleg sök ráðherra og embættismanna, til dæmis vegna auðgunarbrota, innherjasvika eða umboðssvika, fyrnist á tíu árum. Enn er lag.

Mættu þeir ráða, myndu vinir hrunsins trúlega sópa öllu saman undir teppi, svo sem lýsing Jóns Baldvins á brennuvörgunum ýjar að. Þess vegna er ástæða til að varast fyrningu brota vegna tafa í framgangi réttvísinnar. Annað eins hefur gerzt í okkar samfélagi. Í einu mesta fjársvikamáli lýðveldissögunnar var Vilhjálmur Þór seðlabankastjóri fundinn sekur í Hæstarétti fyrir hálfri öld, en sök hans var fyrnd. Saga olíumálsins og þáttar Vilhjálms Þór í því má ekki endurtaka sig. Undanbragðalaust uppgjör olíumálsins á sinni tíð hefði trúlega dregið úr viðgangi þeirrar spillingar, sem ásamt öðru lagði Ísland á hliðina 2008. Aldrei gefst vel að búa um óhrein sár.

### Mesta fjármálahrun allra tíma

Fjármálahrun Íslands er á ýmsa viðtekna kvarða mesta hrun, sem mælzt hefur. Hér á ég ekki við kerfishrun eins og fall Sovétríkjanna, heldur fjármálahrun. Í fyrsta lagi nam fjártjónið, sem bankarnir íslenzku lögðu á hluthafa, lánardrottna og viðskiptavini utan lands og innan, um sjöfaldri landsframleiðslu Íslands, sem er heimsmet. Í annan stað kæmist gjaldþrot bankanna þriggja – Glitnis, Kaupþings og Landsbankans – á listann yfir tíu mestu gjaldþrot Bandaríkjanna, hefðu þeir verið bandarískir bankar. Séu bankarnir þrír skoðaðir sem ein heild, er gjaldþrot þeirra samkvæmt samantekt FME þriðja mesta gjaldþrot sögunnar á bandarískan kvarða, næst á eftir gjaldþrotum fjármálafyrirtækjanna Lehman Brothers og Washington Mutual. Í þriðja lagi nam kostnaður ríkisins, það er að segja skattgreiðenda, við að hreinsa til eftir bankahrunið hér heima 64 prósentum af landsframleiðslu. Fyrra heimsmet átti Indónesía eftir fjármálakreppuna þar 1997-98, eða 53 prósent samkvæmt upplýsingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Hvergi á byggðu bóli hefur hlutabréfamarkaður þurrkazt út nema hér.

Landsframleiðsla og atvinna hafa ekki minnkað meira hér heima en raun varð á einkum vegna þess, að AGS og Norðurlönd komu til bjargar og lögðu á ráðin um skynsamlega endurreisnaráætlun með aðhaldi í ríkisbúskapnum og tímabundnum gjaldeyrishöftum til að firra krónuna frekara gengisfalli, og féll gengi krónunnar þó um helming í kringum hrunið. Við bætist, að hluti fjárins, sem útlendingar töpuðu á viðskiptum við bankana, skilaði sér hingað heim og birtist meðal annars í hálfreistum húsum, til dæmis Hörpu. Þetta skilja útlendingar. Þess vegna meðal annars hrundi orðspor Íslands. Írar fóru öðruvísi að. Þar er atvinnuleysið meira en hér og orðstírinn betri út á við, því að Írar reyna með erfiðismunum að standa skil á erlendum skuldbindingum sínum. Sá kostur stóð Íslandi ekki til boða, þar eð hrunið hér olli tjóni, sem ekki var vinnandi vegur að bæta.

### Rolex-vísitalan

Hagsaga Íslands er sneisafull af dæmum um höft og skömmtun og viðleitni fólks og fyrirtækja til að fara í kringum slík boð og bönn, stundum í blóra við lög. Frívæðing viðskipta eftir 1960 og fjármagnsflutninga eftir 1990 spratt af langri reynslu af niðurdrepandi haftabúskap. Höft og skömmtun skekkja og skaða grundvöll efnahagslífsins og spilla viðskiptasiðferði og smám saman einnig öðru siðferði, einkum þegar höftin verða langvinnari en brýn nauðsyn krefur. Rolex-vísitalan – fjöldi seldra dýrra armbandsúra á mann – er sögð há á Íslandi. Það stafar þó ekki aðeins af því, að efnamönnum vegnar vel, heldur einnig af hinu, að venjulegt fólk hefur ekki aðgang að erlendum gjaldeyri umfram 350.000 krónur á mánuði til ferðalaga og naumar úttektarheimildir með krítarkortum. Af því sprettur þörfin fyrir að kaupa dýr úr til endursölu með afföllum erlendis. Einmitt þannig var ástandið fyrir 1960. Þessu þarf að linna sem fyrst.

> Í fyrsta lagi nam fjártjónið, sem bankarnir íslenzku lögðu á hluthafa, lánardrottna og viðskiptavini utan lands og innan, um sjöfaldri landsframleiðslu Íslands, sem er heimsmet. Í annan stað kæmist gjaldþrot bankanna þriggja – Glitnis, Kaupþings og Landsbankans – á listann yfir tíu mestu gjaldþrot Bandaríkjanna, hefðu þeir verið bandarískir bankar.

# Ný tækifæri fyrir tæknisinnaða

Menntamál



Hjálmar Árnason
framkvæmdastjóri Keilis

Varla hefur farið framhjá neinum hróp atvinnulífsins eftir tæknimenntuðu fólki. Það er grafalvarleg staða ef íslensk fyrirtæki geta ekki fengið til sín tæknimenntað fólk. Auglýsingar fyrirtækja að undanförnu sýna þennan vanda í hnotskurn. Í 20/20 markmiðum ríkisstjórnar er þung áhersla lögð á að efla tæknimenntun. Í sama streng taka samtök á vinnumarkaði. Málið er grafalvarlegt því án tæknimenntaðs fólks mun stöðnun ríkja á vinnumarkaði okkar. Úr þessu þarf að bæta.

Atvinnumöguleikar tæknimenntaðs fólks eru miklir. Tæknifræði býður upp á góða og fjölbreytilega vinnu og góðar tekjur og ætti því að vera eftirsótt nám. Meðallaun félagsmanna í Félagi tæknifræðinga eru um 600 þúsund á mánuði, skv. síðustu kjarakönnun TFÍ. Þrátt fyrir þetta sækja ekki nægilega margir í tæknimenntun á Íslandi

Keilir og Háskóli Íslands bjóða upp á tæknifræði þar sem áhersla er lögð á verkefnavinnu með raunhæfum verkefnum. Gott dæmi um það er að einn nemenda mun taka hið glæsilega hús, Hörpu, sem lokaverkefni og skoða orkunýtingu tónlistarhallarinnar og leiðir til að ná enn betri árangri. Inn í námið eru nemendur metnir á grundvelli menntunar og reynslu og „stungið inn“ í námið miðað við raunfærni þeirra. Síðari hluta námsins verður hægt að stunda með vinnu. Þarna er nýtt tækifæri fyrir áhugasama á öllum aldri.

Í samstarfi við Háskóla Íslands, Iðnskólann í Hafnarfirði, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Tæknifræðingafélagið og fjölmörg fyrirtæki vill Keilir svara kalli atvinnulífsins. Meðal fyrirtækja sem koma að þessu samstarfi eru Marel, Össur, Mannvit, HS Orka, HS Veitur og Frumherji. Samstarf skólanna fjögurra gengur út á að skipuleggja nám sem nær frá byrjun framhaldsskóla til lokaprófs í tæknifræði á háskólastigi. Sveigjanleiki í námi er lykilþáttur í samstarfinu og verður nemendum gert kleift að taka námið í nokkrum þrepum.

Keilir er á Ásbrú í Reykjanesbæ. Nemendum býðst að leigja íbúðir á ævintýralegum kjörum og/eða nota rútuferðir (10 á dag) milli höfuðborgarsvæðis og Ásbrúar. Hægt er að fá íbúðir leigðar á verði sem telst einkar hagstætt eða frá kr. 60.000 á mánuði og niðurhal af neti innifalið.

Með þessu samstarfi vilja skólarnir og fyrirtækin bregðast við hinni æpandi þörf á tæknifræðimenntuðu fólki. Við opnum skil milli skólastiga, bjóðum fjölbreytilegt og lifandi nám sem býður vel launuð og skemmtileg störf sem bíða eftir áhugasömu fólki.



# Svar til Sigurðar Arnar Hektorssonar

ADHD og rítalín



Gunnar Smári Egilsson
formaður SÁÁ

Ástæða þess að ég benti á í grein á vef SÁÁ, saa.is, að greining á ADHD í fullorðnum og rítalínmeðferð byggð á henni væri umdeild meðal lækna var fyrst og fremst málflutningur nokkurra geðlækna – og reyndar landlæknis einnig – um að ekki mætti raska þessari meðferð með því að horfa til þess skaða sem óhófleg ávísun á rítalín hefði á vímuefnasjúklinga. Þessir sjúklingar – það er vímuefnasjúklingarnir – voru kallaðir jaðarhópur. Og mátti skilja að neikvæð áhrif rítalíns á þennan hóp væru jafnvel ásættanlegir annmarkar á vel lukkaðri meðferð annars hóps sjúklinga.

Þessi afstaða lýsir mikilli vanþekkingu, bæði á umfangi þess skaða sem óhóflegar ávísanir á rítalín hafa valdið meðal sprautufíkla og eins á umfangi rítalíns á fíkniefnamarkaðinum. Ef ekki er um vanþekkingu að ræða er það eitthvað enn verra sem ræður afstöðu læknanna.

Eitt einkenni rítalíns er að sjúklingarnir sprauta sig oftar en ef þeir nota önnur efni. Þegar rítalín flæðir yfir fíkniefnaheiminn eykur það því smithættu og breiðir hratt út lifrarbólgu. Allir þeir tíu sem greinst hafa með HIV á þessu ári höfðu notað rítalín. Áhrif rítalíns á vímuefnasjúklinga eru því hörmuleg fyrir einstaklingana og verða samfélaginu dýrkeypt.

Þegar dró úr neyslu á áfengi og öðrum vímuefnum eftir hrun og þar með neikvæðum afleiðingum neyslunnar dró ekki úr notkun sprautufíkla á örvandi efnum. Rítalín, niðurgreitt af skattborgurum, vó upp samdrátt í innflutningi á amfetamíni.

Af þeim sprautufíklum sem koma á Vog í dag segja 59 prósent að rítalín sé það efni sem þeir noti mest eða næstmest. 90 prósent þeirra segjast hafa notað rítalín. Aðeins 10 prósent segjast ekki hafa notað það. Engin ástæða er til að ætla að neyslumynstrið sé annað hjá þeim sprautufíklum sem enn hafa ekki komið á Vog. Ekki er vitað hversu margir virkir sprautufíklar eru úti í samfélaginu hverju sinni en miðað við upplýsingar frá Vogi má ætla að þeir séu nálægt 750 manns. Þegar þetta tvennt er lagt saman – vægi rítalíns í neyslumynstrinu og fjöldi sjúklinganna – má ganga út frá því að neysla sprautufíkla sé vel yfir 500 dagsskammtar á dag og líkast til mun meiri. Neyslan nálgast að vera um fjórðungur af öllu rítalíni sem ávísað er á fullorðna.

Rítalínfaraldur meðal vímuefnasjúklinga er því stórt mál hvort sem litið er á skaðann eða umfangið – og það er líka stór hluti af heildarnotkuninni í landinu. Og alla þessa notkun má rekja til lækna sem ávísa þessu lyfi.

Það er því óskiljanlegt að þeir læknar sem vilja verja ADHD-greiningu á fullorðnum og meðferð við henni skuli ekki vilja ganga til liðs við SÁÁ og aðra sem vilja stöðva ávísun rítalíns á vímuefnasjúklinga. Ekki byggir þessi afstaða á hagsmunum þeirra sem greindir hafa verið með ADHD. Það hljóta að vera hagsmunir þeirra að fyrirbyggja þessa umfangsmiklu misnotkun svo meðferð við vanda þeirra fái að þróast og mótast með eðlilegum hætti.

Það er alrangt að úr skrifum mínum megi lesa fordóma gagnvart ADHD. Ég benti einfaldlega á að greining á sjúkdómnum og rítalínmeðferð við honum eru umdeildar. Það sama hafa formaður læknafélagsins, fyrrverandi yfirlæknir fíknideildar Landspítalans og margir, margir fleiri gert. Ástæða fyrir því að ég benti á þessa velþekktu staðreynd var að nokkrir geðlæknar kynntu þessar aðferðir sem gegnheil vísindi og vildu með því ýta út úr umræðunni þjáningum vímuefnasjúklinga og þeim stórkostlega skaða sem rítalínnotkun þeirra veldur samfélaginu.

> Af þeim sprautufíklum sem koma á Vog í dag segja 59 prósent að rítalín sé það efni sem þeir noti mest eða næstmest.

Það er mikið mein í almennri umræðu á Íslandi að í hvert sinn sem einhver bendir á félagslegt mein skuli fólk reyna að gera það tortryggilegt með því að draga fram ímyndaða hagsmuni einstaklinga. Þegar menn benda á þann skaða sem pólitískar klíkuráðningar hafa valdið íslensku samfélagi stígur vanalega einhver fram og túlkar það sem árásir á Jón frænda. Og spyr: Ertu að halda því fram að Nonni frændi sé ekki traustsins verður?

Útúrsnúningur Sigurðar Arnar Hektorssonar á orðum mínum er þessarar ættar og byggir hvorki á læknisfræðinni sem hann lærði né nokkru sem hann kann eða getur – þetta er ósiður sem hann heldur að sé boðlegur vegna þess hversu útbreiddur hann er.

# Lítil saga af venjulegri konu á Íslandi

Gengistryggð lán



Lúðvík Bergvinsson
lögmaður

Árið 2006 tók einstæð móðir tólf milljónir króna að láni til 25 ára. Lánið var gengistryggt. Endurgreiðslum lánsins skyldi þannig háttað að hún greiddi aðeins vexti fyrstu fimm árin, en afborgun af höfuðstól og vexti eftir það. Hún átti íbúð sem á þeim tíma var metin á 25 milljónir króna. Veðsetningin var því rúmlega 40% af markaðsvirði hennar. Þegar lánið var tekið fylgdi greiðsluáætlun frá bankanum um að við lok lánstímans, árið 2031, hefði hún greitt alls 17.116.450 kr. í afborganir og vexti. Hún var meðvituð um að gengi krónunnar gæti sveiflast á tímabilinu en lagði traust sitt á ábyrgar banka- og eftirlitsstofnanir. Því væri þetta vel viðráðanlegt.

Svo kom hrunið. Hún tók aldrei stöðu á móti krónunni eins og bankinn. Hún varð ekki gjaldþrota eins og bankinn. Hún fór ekki óvarlega í fjármálum eins og bankinn. Gengistrygging lánsins var síðar dæmd ólögmæt. Í kjölfarið var lánið endurreiknað eins og um allt annað lán hefði verið að ræða, þ.e. einhvers konar „ímyndað lán" með vöxtum sem aldrei hefði komið til álita að samþykkja við lántöku. Niðurstaða afturvirka endurútreikningsins gaf þá sérstæðu niðurstöðu að virði lánasamningsins jókst frá því sem áður var. Henni þykir það skrýtin afleiðing af ólögmætri hegðun að sá brotlegi hagnist þegar réttlætið í formi endurútreiknings kemur til bjargar.

Síðar kom í ljós að bankinn hafði allan tímann vitað að gengistryggð lán væru ólögmæt. Hún er því ósammála stjórnvöldum um að ábyrgð á ólögmæti lánveitingarinnar sé alfarið hennar – en ekki bankans – þó að hún hafi eins og aðrir miklar áhyggjur af „gæðum lánasafns bankans", sem er eitt helsta tískuhugtak samtímans. Henni finnst þó óeðlilegt að eftir endurútreikning lánsins, þ.e. haldist vextir stöðugir til loka lánstímans, sé gert ráð fyrir því að hún endurgreiði bankanum alls 70 milljónir króna í stað þeirra ríflega 17 milljóna króna sem upphafleg greiðsluáætlun gerði ráð fyrir. Það er ekki lánið sem hún tók.

Eftir endurútreikning hafa mánaðarlegar afborganir fjórfaldast frá því sem ráð var fyrir gert en tífaldast frá því sem var gert ráð fyrir í upphafi meðan aðeins voru greiddir vextir. Til að standa undir afborgunum eftir endurútreikning lánsins hefur hún aukið við sig vinnu, hefur tekið út allan sinn séreignarsparnað og fær fjárhagslegan stuðning frá öldruðum foreldrum sínum. Þrátt fyrir að hún viti að höfundar á lausnum þessa gengislánaleikrits hafi hvorki skrifað handritið út frá hennar hagsmunum, né að hún gangi með þá grillu í kollinum að eignaréttarákvæði stjórnarskrárinnar hafi verið samið sérstaklega fyrir hana, er henni misboðið. Þrátt fyrir að hún hafi mikinn vilja til að standa við sitt hefur hún ákveðið að hafna endurútreikningi bankans, sem efnislega felur í sér að hún láti sér nægja að njóta lífsins í næsta lífi en vinna fyrst og fremst fyrir bankann í þessu. Hún telur að þessi niðurstaða, sem kemur til vegna ólögmætrar lánveitingar, geti ekki verið rétt ef eitthvert réttlæti er til, enda tók hún aldrei það lán sem nú er ætlast til að hún greiði af. Þetta er aðeins ein lítil saga eða lýsing af því sem er að gerast á Íslandi þessa dagana. Ótal önnur sambærileg dæmi mætti nefna.

# Mælir (óafvitandi) með evru

Efnahagsmál



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Anthony Coughlan, fyrrum prófessor við Trinity College í Dublin á Írlandi, hélt nýlega fyrirlestur á vegum Háskóla Íslands og Heimssýnar um Írland og evruna og hvort í reynslu þeirra fælist lærdómur fyrir Ísland. Hann benti réttilega á að vegna þeirra erfiðleika sem Írar, Grikkir og fleiri þjóðir gengju nú í gegnum væru úrræði stjórnvalda allsstaðar þau sömu, að

- lækka laun,
- skerða lífeyri og
- draga úr hagnaði fyrirtækja.

Coughlan taldi einsýnt að þetta væru þau úrræði sem grípa þyrfti til í löndunum, engin önnur úrræði væru þekkt til að glíma við efnahagsvanda af þessu tagi. En sennilega hafa gestgjafar hans ekki bent honum á að hvergi á Vesturlöndum hafa einmitt,

- laun,
- lífeyrir og
- hagnaður

verið skorin jafn hressilega niður og hér á landi þrátt fyrir og vegna gengisfalls krónunnar. Til viðbótar verða einstaklingar og fyrirtæki á Íslandi fyrir mestum búsifjum af völdum snarhækkandi fjármagnskostnaðar vegna vísitölu- og gengisbundinna lána, en þær viðbótarbúsifjar hafa ekki lagst á neina aðra nágrannaþjóð okkar og hvorki Íra né Grikki. Hér er því í reynd spurt, hvort viltu rýra lífskjör þín með gengisfellingu, sem er dulbúin kjaraskerðing, þegar stjórnvöld í landinu hafa gefist upp á að stjórna efnahagslífinu, eða lækka laun þín með öðrum hætti? Hér hafa Íslendingar af reynslu að miðla.

**Evra fyrst við viljum ekki krónu**

Coughlan telur reyndar að Íslendingar ættu helst að halda íslensku krónunni en sennilegast áttar hann sig ekki á hörmungasögu hennar í þau tæp níutíu ár sem hún hefur verið við lýði og því að enginn íslenskur stjórnmálaflokkur heldur því fram að hún geti verið gjaldmiðill Íslendinga til frambúðar. Með því að krónunni hefur verið hafnað verða menn að átta sig á hvaða valkostir eru í boði.

Í þeirri stöðu bendir Coughlan réttilega á að sá gjaldmiðill sem þjóðir eigi að reiða sig á þurfi að taka mið af því til hvaða landa inn- og útflutningi landsins er beint. Ef fylgja ætti ráðleggingum Coughlan hvað þetta varðar kemur í ljós samkvæmt tölum um utanríkisviðskipti Íslendinga er langstærstur hluti íslenskra utanríkisviðskipta við lönd þar sem gjaldmiðillinn er evra eða gjaldmiðill landsins tengdur við evru. Þannig að þó svo að efast megi um réttmæti þess að Írar hafi tekið upp evru sé evra augljóslega sá gjaldmiðill sem Íslendingar ættu að nota, fyrst þeir kjósa að nota ekki íslenska krónu.

Íslendingar hafa áttað sig á að krónan getur aldrei orðið sú vörn fyrir lífskjör almennings sem eigin gjaldmiðlar eru öðrum þjóðum og því er brýnt að nýr gjaldmiðill þjóðarinnar verði aldrei afgangsstærð fyrir vanhæfa stjórnmálamenn að skýla sér á bak við með gengisfellingum, þegar efnahagsstjórn þeirra hefur farið í handaskolum. Það er hörmungarsaga íslenskrar hagstjórnar sem þjóðin lætur ekki bjóða sér lengur.




Graníthellur
fallegri, endingarbetri og ódýrari
Granít hellur hafa fallegri áferð og mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.
Granít hellur eru betri og mun ódýrari en þig grunar!
4 400 400
Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.
CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.
STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir
Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is


ÚTILÍF
ÁFRAM ÍSLAND
21% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FÓTBOLTUM Í TILEFNI AF EM KARLA U21 Í DANMÖRKU
SUMARIÐ ER TÍMI ÚTIVISTAR OG HREYFINGAR. ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR BOLTANN Í ÚTILÍF.
F50
adidas
VERÐ: 18.990 KR.
NIKE MERCURIAL VICTORY. Léttir skór sem gefa þér forskot á andstæðinginn.
TILBOÐ: 19.990 KR.
ADIDAS F30. Ótrúlega léttir og liprir takkaskór. Almennt verð: 24.990 kr.
TILBOÐ: 19.990 KR.
ADIDAS F30. Takkaskór sem þú leggur seint á hilluna, léttir og liprir. Almennt verð: 24.990 kr.
VERÐ FRÁ 2.990 KR.
FÓTBOLTAR. Gott úrval af vönduðum og glæsilegum boltum.
VERÐ FRÁ 3.490 KR.
LEGGHLÍFAR. Vandaðar og sterkar fyrir alla fótboltakappa.
VERÐ: 16.990 KR.
ADIDAS F10 AG. Léttir skór sem gefa þér forskot á andstæðinginn.
VERÐ FRÁ 3.490 KR.
MARKMANNSHANSKAR. Mikið úrval af hönskum sem koma í veg fyrir markaregnið.
TILBOÐ GILDA TIL 14. JÚNÍ.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS ÍSSÓSA 320ml
**259 kr.**

VINSÆLUSTU ÍSTOPPARNIR Í BÓNUS
8 STK. AÐEINS **498 KR.**

## BÓNUS PYLSA Í BRAUÐI AÐEINS 55 KR.

BÓNUS PYLSUR 10 STK **599 KR.KG**
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK **129 KR.**
U.Þ.B. 290 KR.PAKKINN

BÓNUS ÍS 2 ltr
**298 kr.**

**298 KR.1/2 KG**
EUROSHOPPER KAFFI 500G

**598 KR.200g**
EUROSHOPPER INSTANTKAFFI 500G

KALDAR GRILLSÓSUR
**198 KR.**
KALDAR GRILLSÓSUR 270 ML: PIPARSÓSA- HVÍTLAUKSSÓSA

Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
**398 KR.**

BRAGÐAREFUR 2 ltr
**398 kr.**

**359 KR. 36stk**
EUROSHOPPER **KAFFIPÚÐAR**

**159 KR. 200g**
EUROSHOPPER **STEIKTUR LAUKUR**

**198 KR.360g**
BÓNUS BRAUÐSALAT; TÚNFISKUR-LAX & RÆKJUR-HANGIKJÖT

**98 KR. 5 kökur**
BÓNUS **FLATKÖKUR**

**179 KR.350g**
BÓNUS **HRÁSALT** 360g

**198 KR.**
PEPSI & PEPSI MAX - EGILS APPELSÍN *2 ltr.-198*

**598 KR. 3 kassar**
**GÓU ÞRENNAN** PRINSBITAR - ÆÐIBITAR - HRAUNBITAR

**498 KR.PK**
NÓA **KROPP** 360g

Gosdrykkir í 33cl dósum **69 kr.ds**

Coca-Cola zero. **59 KR.**

NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
**129 KR.STK**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJARNAFÆÐI

**1998 KR.KG**
KJÖRFUGL FERSKAR
**KJÚKLINGABRINGUR**

ÍSLENSKAR
BLÓÐBERG,
BIRKILAUF,
AÐALBLÁBERJALYNG
OG EINIR.
KRYDDJURTIR

**1298 KR.KG**
Íslenskt **HEIÐALAMB**
með villtum Íslenskum kryddjurtum

KJARNAFÆÐI

**598 KR.KG**
KJARNAFÆÐI
**REYKTUR GRÍSABÓGUR**

**598 KR.KG**
ALI FERSKUR **GRÍSABÓGUR**

**698 KR.KG**
KJÖRFUGL FERSKUR **HEILL KJÚKLINGUR**

**998 KR.KG**
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

**1959 KR.KG**
HOLTA GRILL
**KJÚKLINGABRINGUR**

**298 KR. 250g**
BÓNUS FETI Í KRYDDOLÍU-
OG ÓLÍFUM OG KRYDDOLÍU

BÓNUS 4 STK.
**STÓR HAM-BORGARABRAUÐ**
**159 KR.**

KJARNAFÆÐI FROSNIR
10 x 120g **UNGNAUTA HAMBORGARAR**
**1598 KR.**

**FABRIKKU SÓSA 300ml**
**359 KR.**

**1398 KR.KG**
ÞÝSKAR **GRÍSALUNDIR FROSNAR**

**995 KR.KG**
BÓNUS **GRILL FORKRYDDAÐAR GRÍSAKÓTILETTUR**

750ML Á VERÐI 500ML
**598 KR.**
ÍTALÍA
EXTRA VIRGIN OLÍA

TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI
**995 KR.KG**
BÓNUS **GRILL ÚRB. FORKRYDDAÐAR GRÍSAHNAKKASNEIÐAR**

**1198 KR.KG**
K.S FROSIÐ **HEILT LAMBALÆRI**

## Íslenskt frosið lambakjöt á góðu verði í Bónus *alla daga*

**2998 KR.KG**
K.S FROSIN **LAMBAFILLET**

**798 KR.KG**
K.S FROSINN **HEILL LAMBABÓGUR**

**1298 KR.KG**
K.S FROSIÐ **LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**

**1198 KR.KG**
K.S FROSNAR **LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR**

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Markvissar vímuefnaforvarnir byggja á samvinnu heilbrigðisstétta

Heilbrigðismál
Eyjólfur Guðmundsson
heilsugæslulæknir



Vegna fjölmiðlaumræðu í tengslum við „læknadóp“ og stefnu heilbrigðisyfirvalda í forvörnum og meðferðarmálum vímuefnasjúklinga vil ég koma á framfæri viðhorfum mínum, en ég hef starfað í fjölmörg ár sem heimilislæknir í Reykjavík og haft sérstakan áhuga á velferð sjúklinga með vímuefnavandamál.

Meðferðarstarf SÁÁ er gríðarlega mikilvægt og erfitt væri að gera sér í hugarlund hver staða vímuefnasjúklinga á Íslandi væri í dag ef samtökin hefðu ekki verið stofnuð. Starfsemi SÁÁ er þó alls ekki hafin yfir alla gagnrýni. Allt frá stofnun samtakanna fyrir 33 árum hefur meðferðin fengið að þróast einangruð frá heilsugæslunni í landinu, en það er því miður svo að sambandsleysi heilsugæslunnar við áfengismeðferð SÁÁ í gegnum árin hefur staðið í vegi fyrir eðlilegri þróun þekkingar á vímuefnasjúkdómum innan heilbrigðisþjónustunnar og gert stuðning við alkóhólista og aðstandendur þeirra kannski ekki eins markvissan og orðið hefði ef samvinnu hefði notið við. Þá stefnu SÁÁ að aðgreina sig frá heilsugæslunni mátti skilja í árdaga meðferðarinnar en hún á alls ekki við lengur – er tímaskekkja.

Að lokinni meðferð og í öllu endurhæfingarferlinu kemur iðulega til kasta heimilislækna. Vímuefnasjúklingar og ekki síst aðstandendur þeirra eru tíðir gestir í heilsugæslunni til greiningar og meðferðar á líkamlegum og sálrænum kvörtunum auk þess að þurfa ýmis vottorð, m.a. endurhæfingar- og örorkuvottorð fyrir Tryggingastofnun og ýmis vottorð í samskiptum við félagsþjónustuna. Brýnt er að bæta starfsumhverfi heimilislækna, sem hefur átt á brattann að sækja undanfarið, og liður í því er að koma í veg fyrir að heimilislæknar þurfi að starfa í myrkri við að sinna vímuefnafíklum.

Vímuefnafíkn á ekki að vera sjúkdómur þagnarinnar í heilsugæslunni. Það sem ég á við með sambandsleysi meðferðarstarfs SÁÁ og heilsugæslunnar er fyrst og fremst tregða samtakanna að senda eðlilegar heilbrigðisupplýsingar í formi læknabréfa eins og lögboðið er og kveðið er á um í heilbrigðisreglugerð. Ég hef margoft sem heimilislæknir reynt að efna til samvinnu við SÁÁ og fært fyrir því gild rök, m.a. í nokkrum greinum í Læknablaðinu og í erindi sem ég flutti á Læknadögum fyrir þremur árum, þar sem yfirlæknir og þáverandi formaður SÁÁ var m.a. viðstaddur. Það hefur vakið undrun mína og vonbrigði hversu fálega málaleitan minni hefur verið tekið. Ég hef velt talsvert fyrir mér ástæðu tregðu SÁÁ á útgáfu læknabréfa en átta mig alls ekki á því hvað getur skýrt hana. Sú skýring hjá SÁÁ að senda ekki læknabréf þar sem starfsfólk og fjármuni vanti stenst ekki skoðun því í raun er það ekki SÁÁ sem ákveður eða hefur eitthvað um það að segja hvort þörf sé á læknabréfum til heilsugæslunnar – um það er skýrt ákvæði í heilbrigðisreglugerð. Vímuefnasjúklingar og aðkoma heilbrigðisþjónustunnar að málefnum þeirra er ekki einkamál SÁÁ. Rétt er að það komi fram að vímuefnadeild Landspítala (33A) sendir læknabréf um alla sína sjúklinga sem hafa skráðan heimilislækni.

Áfengismeðferð kemur að sjálfsögðu heimilislæknum við og heimilislæknar, vímuefnasjúklingar og aðstandendur þeirra eru almennt þeirrar skoðunar að svo sé. Læknabréf eru mikilvæg samskiptaleið lækna en samvinna heilbrigðisstarfsfólks sem byggir á gagnkvæmri virðingu og trausti er undirstaða skilvirks heilbrigðiskerfis. Bréfin hafa fyrst og fremst faglegan tilgang en eru einnig mikilvægur hluti af eftirliti og gæðamati heilbrigðisstofnana. SÁÁ á að sjálfsögðu að fagna því gæðaeftirliti sem felst í læknabréfum.

Eftirlit með heilbrigðisstofnunum má ekki byggja á naflaskoðun og því fagna ég sérstaklega frumkvæði Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra, sem boðar aukið eftirlit stjórnvalda með meðferðarstofnunum sem eru með samninga við ríkið. Fjárveitingar af almannafé til reksturs meðferðarstöðva á að sjálfsögðu að skilyrða kröfu um skipulagða samvinnu við heilsugæsluna. Ekki er óeðlilegt að stjórnvöld vilji aukið samstarf við SÁÁ um að gera eins mikið og hægt er úr því fé sem til málaflokksins rennur. Eitt af meginverkefnum í heilbrigðisþjónustu framtíðarinnar verður að tryggja sjúklingum með langvinna sjúkdóma samfellu í þjónustu. Allir hljóta að sjá að slíkt fyrirkomulag gerði samspil vímuefnasjúkdóma og algengra líkamlegra og geðrænna sjúkdóma ljósara og sparaði um leið veruleg útgjöld í heilbrigðisþjónustu. Að sjálfsögðu stuðlaði slíkt fyrirkomulag að því að gera ávísanir lækna á lyfseðilsskyld ávanalyf („læknadóp“) markvissari. Hér er um að ræða sameiginlegt hagsmunamál SÁÁ, heilsugæslunnar, sjúklinga og samfélagsins alls.

Um leið og ég óska Gunnari Smára Egilssyni, nýkjörnum formanni SÁÁ, velfarnaðar í starfi óska ég þess innilega og með heilum hug að hann átti sig á mikilvægi eðlilegra samskipta SÁÁ við heilsugæsluna.

> Áfengismeðferð kemur að sjálfsögðu heimilislæknum við og heimilislæknar, vímuefnasjúklingar og aðstandendur þeirra eru almennt þeirrar skoðunar að svo sé.

# Sannleiksandinn

Kristin sálgæsla
Sigfinnur Þorleifsson
sjúkrahúsprestur



Vigfús Bjarni Albertsson
sjúkrahúsprestur



Í kirkjum landsins hljómar nú víða boðskapurinn um sannleiksandann. Þörfin er brýn fyrir okkur öll sem tilheyrum kirkjunni og viljum stuðla að farsæli samfylgd kirkju og þjóðar að taka þann boðskap til okkar og leitast við að ástunda sannleikann í kærleika eins og postulinn hvetur okkur til. Það merkir m.a. að við þjónar þjóðkirkjunnar séum reiðubúin til að líta í eigin barm, viðurkenna það sem farið hefur úrskeiðis og bæta í brestina því breytinga er þörf. Það eru gömul sannindi að sá eða sú sem ekki lítur í eigin barm og gengst við sjálfum sér endar ein/n. Það er mikil gjöf í lífinu að fá tækifæri til að skoða sjálfan sig í ljósi sögunnar og vita hvert förinni er heitið. Þjóðkirkjan er á slíkum tímamótum, núna og ætíð.

Á fyrstu hvítasunnu var að verki sá kröftugi vaxtarmáttur sem kirkjan nærist æ síðan á. Þá urðu ólíkar manneskjur einhuga um framgang lífsáhrifa Jesú Krists, höfundar kirkjunnar. Sannleiksandinn blés þeim í brjóst einurð og áræðni, gleði og bjartsýni trúarinnar. Það er lærdómsríkt að skoða atburði hvítasunnunnar í ljósi gamallar goðsagnar af turninum í Babel. Babelsturninn var reistur af hroka og afleiðingarnar urðu sundrung þjóðanna. Menn töluðu í kjölfarið ólík tungumál, þ.e.a.s. þeir gátu ekki skilið hver annan. Á hvítasunnu er sagt frá því hvernig eindrægni og samstaða birtist í gagnkvæmum skilningi. Ekkert skyldi aðgreina menn framar. Það voru hvorki karlar eða konur, Grikkir eða gyðingar, heldur voru menn eitt svo gripið sé til orðfæris heilagrar ritningar. Bornir uppi af fögnuði fóru lærisveinarnir af stað með gleðiboðskapinn, fullir djörfungar til þjónustu við líf og lýð.

Við viljum ekki að þjóð og kirkja verði viðskila og til þess að við getum betur þjónað fólki þurfum við að huga að grundvelli þjónustunnar, sem er trúnaðurinn við Guð og náungann. Trúverðugleikinn er byggður á trausti og bresti traustið verða óhjákvæmileg rof og sundrung sem erfitt er að bæta. Við höfum séð þetta gerast í sársaukafullum málum sem við höfum því miður lokað augunum fyrir eða reynt að breiða yfir í stað þess að viðurkenna og vinna að úrbótum og sátt. Þetta hefur gerst í málefnum þeirra sem þjónar kirkjunnar hafa brotið á. Þetta gerðist einnig í málefnum samkynhneigðra, en þar fór kirkjan á mis við það að virða tilfinningar sem eru helgir dómar og allir eiga fullan rétt á. Kristin sálgæsla hefur það að markmiði að brotið verði aftur heilt. Sálgæslan við einstaklinga og samfélag tengir fólk saman, reynslu og sögu þeirra. Hún hlúir að því sem við eigum sameiginlegt en vinnur gegn því sem aðgreinir okkur og sundrar. Sálgæslan getur aldrei samþykkt þöggun eða vísvitandi gleymsku. Það er mikill misskilningur að hægt sé að bæta það sem brotið er með því að tala ekki um hlutina eða vona að allt verði í lagi án samtals.

Grundvöllur þjónustunnar er elskan til Guðs og náungans. Allt sem fer úrskeiðis í þjóðfélagi á rætur að rekja til misbresta á þessu tvennu sem ekki verður sundurskilið. Fátt getur betur fullnægt andlegum þörfum og grætt og bætt það sem er brotið en iðkun þessa einfaldleika sem okkur hættir til að flækja. Breytingar sem miða að því að endurheimta glatað traust og gera betur í að þjóna fagnaðarerindinu eru breytingar til batnaðar.

Nú þegar gengið verður aftur til vígslubiskupskjörs er okkur mikið í mun að vel takist til. Allir þeir einstaklingar sem gefið hafa kost á sér til kjörsins eru traustsins verðir að okkar áliti. Í samfélagi sem telur bæði konur og karla finnst okkur mikilvægt að rétta hlut kvenna. Við höfum aldrei átt kvenbiskup og viljum virkja betur það afl sem býr í reynslu konunnar og kalla til starfa kraftmikla konu. Markmiðið er að gera betur og leiða saman kirkju og þjóð sem gangi veginn til farsældar á guðsríkisbraut. Við teljum að Sigrún Óskarsdóttir sé traustsins verð til að vera leiðtogi meðal jafningja. Hún hefur sýnt áræðni og tekið afstöðu í málum þar sem breytinga var þörf. Sigrún hefur framtíðarsýn þar sem kirkja og þjóð eiga samfylgd óháð stjórnarskrá, samfylgd sem byggir á trausti. Gleðilega hvítasunnuhátíð!

> Við höfum aldrei átt kvenbiskup og viljum virkja betur það afl sem býr í reynslu konunnar og kalla til starfa kraftmikla konu.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft…




Nú er fjör !
Fullt af spennandi tilboðum !
OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17
Nýjir sumar-litir
70x140cm kr. 1.390,-
50x100cm kr. 690,-
30x30cm kr. 129,-
Baðmotta kr. 1.290,-
Molly
59.900,-
Breidd: 214 cm
3ja sæta svefnsófi
Einnig til í svörtu
DORMA
– býður góða nótt
Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is






Nýjar vörur
komnar í hús!
ICE
WEAR
NORWEAR
FOR ALL CONDITIONS
Velkomin í verslanir okkar:
Þingholtsstræti 2, 101 Reykjavík/sími: 561 9619
Suðurhraun 12c, 210 Garðabær/sími: 555 7409
www.norwear.com
www.icewear.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



30 **NATALIE PORTMAN** leikkona er þrítug í dag.
*„Ég mun aldrei fórna öllu fyrir kvikmyndirnar, mitt eigið líf verður mér alltaf meira virði.“*

---



*Systir mín,*

**Steinunn Ingimundardóttir**
fyrrverandi skólastjóri Hússtjórnarskólans á Varmalandi í Borgarfirði,

er látin. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 10. júní kl. 11.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Þórgunnur Ingimundardóttir.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, amma og langamma,*

**Halldóra Anna Traustadóttir**
frá Grímsey,

lést á heimili sínu að Mýrarvegi á Akureyri, þann 5. júní. Jarðsett verður frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 14. júní kl. 10.30.

**Óli Hjálmar Ólason og fjölskylda.**

---



*Móðir okkar,*

**Ragnhildur Sigurðardóttir**
frá Sólheimakoti í Mýrdal,

lést á dvalarheimilinu Lundi á Helli að morgni 5. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ragnhildur Guðrún Bogadóttir**
**Sigrún Gerður Bogadóttir**
**Ragnheiður Bogadóttir**
**Geirþrúður Fanney Bogadóttir.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir*

**Magnús Daníelsson**
Strikinu 8, Garðabæ,
fyrrverandi lögregluvarðstjóri,

lést á Landspítalanum Fossvogi, laugardaginn 4. júní. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ, þriðjudaginn 14. júní kl. 15.00.

**Elín Ringsted**
**Guðmundur Ringsted Magnússon** **Þórunn Pétursdóttir**
**Guðríður Kristín Magnúsdóttir** **Kristján G. Hálfdánarson**
**Daníel Þorkell Magnússon**
**Hrönn Magnúsdóttir** **Guðmundur Skúli Hartvigsson**
**Geirlaug Magnúsdóttir** **Theodór Ásgeirsson**
**Magnús Már Magnússon** **Sigríður Kristín Hafþórsdóttir**
**afa- og langafabörn**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---



*Yndislega ástkæra móðir okkar, amma og tengdamamma,*

**Elín Valborg Þorsteinsdóttir**
leikskólakennari,
Fljótaseli 19, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans mánudaginn 6. júní. Útförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 14. júní kl. 13.00. Innilegar þakkir til starfsfólks á deild 11G og gjörgæsludeild Landspítalans. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Ljóssins, stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinssjúka.

**Anna Steinunn Villalobos**
**Ricardo Mario Villalobos** **Anna Helgadóttir**
**Þorsteinn Þór Villalobos** **Ingveldur Theodórsdóttir**
**og barnabörn**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Áslaug Sigurðardóttir**
Lindasmára 39, áður Laufbrekku 27, Kópavogi,

andaðist þriðjudaginn 7. júní á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útför hennar verður gerð frá Kópavogskirkju, miðvikudaginn 15. júní kl. 13.00.

**Erlendur Guðjónsson**
**Sigríður Guðjónsdóttir** **Ingólfur Arnarsson**
**Karl Guðjónsson**
**Bára Guðjónsdóttir**
**Jóna Guðjónsdóttir** **Ásgeir Ásgeirsson**
**Óskar Guðjónsson** **Ásta S. Guðnadóttir**
**Sigurður Guðjónsson**
**Katrín S. Guðjónsdóttir** **Vilhjálmur Á. Ásgeirsson**
**Sigrún Guðjónsdóttir** **Jón Davíð Hreinsson**
**Guðlaug Guðjónsdóttir** **Guðni Þór Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,*

**Leiv Ryste**
rafmagnsverkfræðingur

lést þann 29. maí 2011 í Bergen.
Útförin hefur farið fram.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Birna Gróa Kristjánsdóttir Ryste.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, tengdadóttir, systir, mágkona og amma,*

**Inga Jóhanna Birgisdóttir**
Frostafold 14, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 1. júní á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 10. júní kl. 15.00. Innilegar þakkir til starfsfólks deildar B2 í Fossvogi fyrir alúð og góða umönnun.

**Halldór Úlfarsson**
**Ásdís Halldórsdóttir** **Guðmundur Finnbogason**
**Úlfar Þór Halldórsson**
**Birgir Jóh. Jóhannsson**
**Þóra Viktorsdóttir**
**systkini og makar**
**barnabörn.**

---



**ÚR ÖLLUM ÁTTUM** „Íslandsdeildin er blanda af Íslendingum og útlendingum sem eru búnir að búa hérlendis mjög lengi en þeir koma úr öllum áttum,“ segir Eliza Reid, formaður Íslandsdeildar ESU. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÍSLANDSDEILD ESU: STOFNUÐ

## Skilningur stuðlar að friði

Staða enskrar tungu á Íslandi verður rædd á málþingi sem fram fer í Norræna húsinu á morgun og Íslandsdeild ESU, the English-Speaking Union, stendur að í samstarfi við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Tilefnið er að fagna með formlegum hætti stofnun Íslandsdeildarinnar en formaður hennar er Eliza Reid.

„ESU eru alþjóðleg og óháð samtök sem voru stofnuð eftir fyrri heimsstyrjöld árið 1918 í þeim tilgangi að tengja þjóðir, stuðla að samvinnu þeirra og efla enskukunnáttu hvarvetna. Það að fólk geti talað saman og skilið hvort annað hjálpar til við að stuðla að alheimsfriði og í grunninn er það hugmyndin,“ segir Eliza en þrjú ár eru síðan bráðabirgðastjórn Íslandsdeildarinnar tók til starfa.

ESU-samtökin starfa í dag í meira en 50 löndum en auk málþingsins stendur Íslandsdeildin fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á Íslandi sem hefst í dag og stendur í tvo daga. Hana sækja ESU-fulltrúar frá fimmtán ríkjum, rúmlega fimmtíu manns, sem auk þess að funda og sækja fyrirlestra munu kynnast landi og þjóð. Þeim verður boðið til móttöku á Bessastöðum og tölvuleikjafyrirtækið CCP heimsótt.

„Íslandsdeildin er blanda af Íslendingum og útlendingum sem eru búnir að búa hérlendis mjög lengi en þeir koma úr öllum áttum. Við höldum fundi og fyrirlestra þar sem við höfum meðal annars fengið þekkta alþjóðlega fyrirlesara hingað til lands. Þá höfum við staðið fyrir ræðukeppnum fyrir menntaskólanemendur á ensku og búin að senda fjóra sterka ræðumenn til Lundúna til að keppa fyrir Íslands hönd í alþjóðlegri ræðukeppni sem þar er haldin árlega,“ segir Eliza.

Eliza nefnir að samstarf við enskumælandi sendiráð hérlendis hafi einnig verið gott og það sé sérstakt hvað unnið sé með mörgum sendiráðum, því breska, kanadíska, indverska og bandaríska, en í öðrum aðildarlöndum ESU er slíkt fátítt. „Við erum með mikið af ungu fólki sem er virkt í samtökunum og má nefna að við erum með síðu á Facebook fyrir þá sem vilja kynnast starfseminni.“

Málþingið hefst klukkan 13.30 og stendur til 15.30 og verða öll erindi flutt á ensku. Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, mun ávarpa það og þrír fyrirlesarar flytja erindi, Pétur Knútsson, dósent í ensku við Háskóla Íslands, Ari Páll Kristinsson, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Sigríður María Egilsdóttir, nemandi við Verslunarskóla Íslands, en hún er einn íslenskra þátttakenda í alþjóðlegri ræðukeppni ESU í ár.

juliam@frettabladid.is

---



**90 ára afmæli**

**Sigríður Bárðardóttir**

frá Jarðlangsstöðum þakkar vinum, ættingjum og nágrönnum sem glöddust með henni eða sendu kveðjur á níræðisafmæli hennar þann 3. júní síðastliðinn.
Guð blessi ykkur öll

**Frumleiki og litadýrð** einkenndu hönnun franska tískuhönnuðarins Pierre Cardin sem sýndi línu sína á tískusýningu í Moskvu á dögunum.




;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



NÝTT NÝTT NÝTT



teg. CHIC - up í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



Eirberg



Rafskutlur
-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri

Ný kynslóð

Opið virka daga kl. 9 -18, lokað á laugardögum 1. maí til 31. ágúst
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



20% afsláttur af öllum skóm

Vertu vinur okkar á facebook
Einn heppinn vinur fær að velja sér skó að eigin vali!



hjá Hrafnhildi
www.hjahrafnhildi.is • Sími 581 2141


Systkinin Sigríður Ásta og Einar Baldvin Árnabörn leggja sköpunargáfurnar í púkk.

# Fjölhæf systkin

Systkinin Sigríður Ásta og Einar Baldvin Árnabörn eru óvenju fjölhæf í listrænni sköpun. Þá hafa þau sérstakan stíl bæði en Einar Baldvin segist ekki þurfa tyllidaga til þess að klæðast jakkafötum.

„Ég reyni að klæðast jakkafötum við hvert tækifæri en það er leitt hvernig karlmannstíska hefur þróast frá þeim fágaða stíl sem einkenndi karlmenn áður fyrr, einhver þarf

;FRAMHALD | 3



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Nýir svefnsófar - margar gerðir



Frá 269.900,-

329.900.-

149.900,-

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Tilboð 127.425,-

199.900,-

59.900,-

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**Lady Gaga** þykir gaman að koma fólki á óvart. Gaga hlaut verðlaun á tískuverðlaunahátíðinni CFDA í Bretlandi á dögunum. Í verðlaunaræðu sinni sagðist hún hafa reynt að lauma rottu inn á hátíðina sem virðingarvott við New York borg, en rottunni hafi verið meinaður aðgangur.








Leggings, kjólar og toppar eru í nýju línunni. MYND/ESTHER ÝR



Helicopter fékk góðar viðtökur á tískuvikunni í New York í vor og segir Helga fyrirtækið komið til að vera. MYND/ESTHER ÝR

# Helicopter komið á flug

**Íslenska fatamerkið Helicopter fékk sína fyrstu verksmiðjuframleiddu línu í hús á dögunum. Helga Lilja Magnúsdóttir fatahönnuður stofnaði Helicopter fyrir hálfu ári og segir fyrirtækið komið á blússandi ferð.**

„Ég á næstum bágt með að trúa því hvað þetta gengur vel og hvað þetta er skemmtilegt,“ segir Helga Lilja Magnúsdóttir, fatahönnuðurinn að baki Helicopter, en fyrsta fjöldaframleidda lína merkisins var að koma í hús. „Fram að þessu hef ég aldrei átt neinn lager en nú eru hjólin farin að snúast,“ segir Helga, sem stofnaði Helicopter fyrir hálfu ári en hún lauk námi í fatahönnun við LHÍ árið 2006.

Línan er framleidd í Eistlandi og fylgdist Helga sjálf með saumaskapnum. „Ég heimsótti verksmiðjuna í viku og fylgdist með saumakonunum framleiða. Það var æðislega skemmtilegt að sjá fötin sín verða til. Línan inniheldur sex mismunandi flíkur í þremur til fimm litasamsetningum, leggings, kjóla og kjóltoppa. Ég held mig við einkenni Helicopter, sem ég kalla „comfortable sexuality“. Núna er ég svo á fullu að hanna sumarlínuna 2012 og stefni á að fara með hana til New York í haust á sölusýningar og jafnvel til Parísar,“ segir Helga, en hún kynnti Helicopter einnig á tískuvikunni í New York nú í vor og fékk mjög góðar viðtökur.



Helga Lilja Magnúsdóttir fatahönnuður fylgdist með framleiðslu sinnar fyrstu verksmiðjuframleiddu fatalínu í Eistlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Apríl og maí voru einstaklega blómlegir mánuðir hvað varðar framtíðarhorfur,“ segir hún leyndardómsfull. Þegar blaðamaður reynir að toga upp úr henni hvort um einhver viðskiptasambönd sé að ræða vill hún ekkert gefa upp. „Við getum orðað það þannig að það er allt að fara á blússandi ferð. Það er allavega tryggt að Helicopter er komið til að vera nokkur ár í viðbót.“

*heida@frettabladid.is*



Nýjustu línu Helicopter er hægt að nálgast í versluninni Forynju á Laugavegi og á heimasíðunni www.helicopter.is MYND/ESTHER ÝR









ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice



# Bringuberir sölumenn á breiðgötum

Í markaðsfræðum er galdurinn að finna réttu uppskriftina og það er óhætt er að segja að Abercrombie & Fitch hafi fundið taktinn. Stemningin í verslunum þeirra minnir á næturklúbb; lítil birta, tónlistin í botni og ilmvatn hússins, Fierce, angar um allt. En líklega er verslanakeðjan þó frægust fyrir búðina á 5. breiðgötu New York borgar þar sem karlfyrirsætur, berar að ofan, taka á móti viðskiptavinum. Stemningin er til þess ætluð að gera verslunarferðina eftirminnilega og virkar vel á unga fólkið sem myndar bringuberu fyrirsæturnar, sem hafa eytt ófáum stundum í líkamsrækt, í bak og fyrir. Svo er hægt að kaupa almanakið þeirra á hverju ári!

Mörgum hefur þótt innrás tískubúðanna á Champs-Elysée-breiðgötunni vera mikil niðurlæging fyrir fallegustu breiðgötu heims eins og Frakkar kalla hana gjarnan. Á eftir Louis Vuitton og Hugo Boss hafa bandarískar verslanir á borð við Tommy Hilfiger og Gap smám saman komið sér fyrir á breiðgötunni. Ekki má heldur gleyma H&M, sem opnaði þar stórverslun á síðasta ári.

Auðvitað vildi Abercrombie vera þar líka og opnaði 9.500 fermetra verslun í maí. Örugg staðsetning hvort sem litið er til ímyndar eða afkomu og það þrátt fyrir stjarnfræðilega háa húsaleigu.

Óhætt er að tala um sigurgöngu hjá Abercrombie undanfarið, Lundúnir, Mílanó og Kaupmannahöfn, auk Parísar, hafa bæst við á þessu ári og fyrir árslok eiga Evrópuborgirnar Dyflinni, Düsseldorf, Brussel og Hamborg að bætast við. Keðjan leggur 350 milljónir dala í fjárfestingar á árinu og opnun í Singapúr í desember er hápunkturinn. Í dag fara um 80 prósent sölunnar fram í Bandaríkjunum en þessu á að breyta og stefnt er að 30 prósenta sölu annars staðar á árinu 2012 og helmingaskiptum árið 2015.

Hönnunin í Abercrombie er ekkert sérstaklega byltingarkennd, aðallega það sem kallað er „casual“ sportfatnaður eins og „hoodie“ sem eru bómullarhettupeysur, bláar eða gráar með nafni merkisins skrifuðu stórum stöfum. Þetta höfðar mjög sterkt til bandarískra unglinga og nú er að sjá hvort hægt er að nota sömu töfraformúlu víðar.

Unglingarnir sjá svo um að auglýsa merkið á netinu, sem er fyrirtækinu að kostnaðarlausu. Opnunin í París var t.d. tilkynnt og svo frestað vegna kreppu, teikningum af búðinni lekið á netsíðu sem er sögð óopinber en virðist hafa allar réttar upplýsingar, og hægt er að ganga í Facebook-klúbbinn. Fullkomið leikrit til að æra unglingana, sem bíðu með óþreyju.

*bergb75@free.fr*




Framhald af forsíðu

að klóra í bakkann,“ segir Einar Baldvin. Sigríði finnst ekki síður gaman að klæða sig upp og elskar að fara á grímuböll. „Ég fíla dálítið kvenlegan og gamaldags stíl, gefin fyrir golftreyjur, pils og liti.“

Einar Baldvin er útskrifaður frá hinni virtu hreyfimyndadeild Cal Arts, sem Walt Disney stofnaði, og er á leið í framhaldsnám við USC, University of Southern California, í Los Angeles. Sigríður er svo textíllistamaður og spilar í eigin sviðsbúningum í hljómsveitinni Varsjárbandalaginu. Þau hafa nú lagt listræna hæfileika sína í púkk.

„Við Einar höfum unnið saman annað veifið að smáverkefnum og hann er mér stöðugur innblástur þess á milli, drengurinn hefur óviðjafnanlegt hugmyndaflug og frábært auga,“ segir Sigríður en þau systkin hafa verið í samstarfi undanfarið þar sem Einar Baldvin hannaði plötuumslag fyrir fyrstu plötu Varsjárbandalagsins, Russian Bride, auk þess sem hann teiknaði teiknimyndband fyrir eitt lagið. Útgáfutónleikar eru í kvöld í Tjarnarbíói en bandið er einkum þekkt fyrir tónlist í anda Austur-Evrópu, en þar mundar Sigríður nikkuna.

„Þetta er fyrsta tónlistarmyndbandið sem ég vinn að en þess utan hef ég unnið að eigin myndum, teikningum og málverkum,“ segir Einar Baldvin en stærsta verkefnið á hans borði um þessar mundir er hreyfimynd um hnefaleika sem hann hefur undirbúið í tvö ár með því að æfa box sjálfur og í haust mun hann keppa í boxi með skólaliði USC samhliða verkefninu. Sjálfur Skúli Ármannsson, einn fárra atvinnumanna sem Íslendingar hafa átt í hnefaleikum, undirbýr Einar Baldvin fyrir boxið þar ytra en auk þess hefur hann æft hjá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur undir leiðsögn Fabio Quaradeghini.

„Skúli er með eigin aðstöðu þar sem ég æfi en ég ákvað þegar þessi hugmynd kom upp fyrir tveimur árum að læra boxið sjálfur til að geta gert því sem best skil í teikningum mínum. Þetta eru flóknar hreyfingar sem erfitt er að teikna,“ segir Einar Baldvin en hann boxar fjórum sinnum í viku og hleypur og gerir aukaæfingar á milli. Hann miðar við að vera sem léttastur í boxinu og nýta sér hæð sína en hann segir ekki ákjósanlegt fyrir sig að keppa í þyngdarflokknum 91 plús.

*juliam@frettabladid.is*



Einar Baldvin hafði rússneska fyrirsætu sem fyrirmynd að þessari teikningu.






Smáir hælar hefja innreið sína að nýju ef marka má tískuspekúlanta. Stjörnur á borð við Katrínu Middleton, Alexu Chung og Michelle Obama hafa skartað slíkum hælum með sóma undanfarið.

fashion.telegraph.co.uk



Hulda Rós Guðnadóttir stendur að fyrstu íslensku „pop-up“ versluninni erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Íslensk hönnun í Berlín

**Fyrsta íslenska „pop-up“ verslunin verður opnuð erlendis næsta sumar í tengslum við tískuvikuna í Berlín. Skipuleggjandinn Hulda Rós Guðnadóttir segir að áherslan verði á að mynda framtíðartengsl.**

Fyrsta íslenska „pop-up“ verslunin verður opnuð erlendis næsta sumar. „Þetta er fyrsta pop-up búðin þar sem blandað er saman vestnorrænu handverki og framúrstefnuhönnun,“ segir Hulda Rós Guðnadóttir, skipuleggjandi verslunarinnar. „Pop-up“ verslanir hafa verið vinsælar í tískuheiminum en það eru verslanir sem spretta upp í stuttan tíma og er lokað jafnskjótt aftur. Viðburðurinn verður í tengslum við tískuvikuna í Berlín í júlí á næsta ári.

Hulda Rós segir að hugmyndin að versluninni hafi kviknað við eldhúsborð hennar í Berlín. Hún segir að oft séu verkefni sem komist í framkvæmd hugmyndasmíði nefnda, stofnana og fyrirtækja en ekki einstaklinga. „Oft eru það samt sniðug verkefni,“ segir Hulda Rós og telur upp nokkra hönnuði sem verða með vörur sínar í versluninni: „Það verða til dæmis Mundi, Shadow Creatures, Royal Extreme, Dís-Dís, Eygló og Hlín Reykdal.“

Markmið verslunarinnar er að kynna tískuhönnun og handverk frá Íslandi og Grænlandi. „Við leggjum ekki upp með að selja sérstaklega mikið, heldur munum við bjóða blaðamönnum og fagfólki í tískugeiranum hingað og þetta virkar eins og sýning. Við viljum mynda framtíðartengsl, frekar en að einblína á núið,“ útskýrir Hulda Rós og bætir við að þýskir blaðamenn hafi sýnt verkefninu mikinn áhuga.

Hulda Rós bendir á að dönsk og sænsk hönnun sé orðin þekkt í hinum alþjóðlega tískuheimi enda sé stuðningskerfi fyrir hönnun þarlendis mikið. „En þetta vestnorræna er frekar nýtt,“ segir Hulda Rós.

Verkefnið verður fjármagnað með svokallaðri hópfjármögnun (e. crowd funding). „Hópfjármögnun hefur verið til í Bandaríkjunum lengi en er nú komin á breska vefsíðu, www.wefund.co.uk. Þar er hægt að sækja um að vera með skapandi verkefni. Almenningur getur gerst bakhjarl verkefnis og látið valfrjálsa upphæð af hendi rakna og fær eitthvað í staðinn,“ útskýrir Hulda Rós og bætir við að Hlín Reykdal og Eygló hafi hannað sérstakan hlut sem verður í takmörkuðu upplagi handa þeim sem styðji við verslunina á síðunni http://www.wefund.co.uk/project/dottirson-icelandgreenland-pops-berlin.

*martaf@frettabladid.is*


Yfirhafnir, bolir og peysur í miklu úrvali.



Stutt kápa 24.900 kr.
Nýjar vörur
Toppvörur toppþjónusta.
Næg bílastæði
Stuttkápur verð frá 19.900
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16

Alþjóðleg ferðaráðgjöf
IATA UFTAA Authorised Training Centre
Ferðamálaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa“ til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðaþjónustu. www.menntun.is



Ferðamálaskóli Íslands
Bíldshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22

Kvartbuxur - stretch
- háar í mittið -



Fullar búðir af kvartbuxum og síðbuxum.
Fjölbreytt snið.
Str. 34 - 56
Kíkið á heimasíðuna okkar www.rita.is
Ríta
Bæjarlind 6 S. 554 7030
Eddufelli 2 S. 557 1730
Sendum í póstkröfu

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR
m.visir.is Fáðu Vísi í símann!
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir

spænskir dagar í júní
fimm rétta spænskur matseðill með sérvöldum vínum



101 hotel reykjavik
borðapantanir í síma: 5800 101 101hotel@101hotel.is www.101hotel.is
101 gæðastund - allir drykkir á hálfvirði frá 17.00-19.00 alla daga





Edinborg



Dublin



Riga

# Edinborg, Dublin og Ríga í haust

**Ferðaskrifstofan VITA býður í haust upp á stuttar haustferðir til þriggja fornfrægra borga: Edinborgar í Skotlandi, Dublin á Írlandi og Ríga í Lettlandi.**

## EDINBORG – FÓLK KEMUR AFTUR OG AFTUR

Í haust býður Ferðaskrifstofan VITA upp á nokkrar haustferðir til Edinborgar. Farið verður 13. og 27. október og 3. og 17. nóvember. Ferðirnar eru ýmist þriggja eða fimm nátta og boðið er upp á skoðunarferðir um borgina og nágrenni.

„Ég fer sjálf til Edinborgar eins oft og tækifæri gefst. Hún hefur það aðdráttarafl að maður vill koma aftur og aftur enda er borgin glæsileg í alla staði, hvert sem litið er," segir Inga Geirsdóttir, fararstjóri VITA í Edinborg. „Borgin hefur mörg kennileiti, sem gerir það eiginlega ómögulegt að týnast í henni. Einn af stærstu plúsum borgarinnar er hversu lítil og þægileg hún er. Þar búa um 500.000 manns og hefur borgin oft verið valin besta borg í Evrópu til að búa í. Ekki skemma glaðværð og vingjarnleiki Skota fyrir og sagt er að hingað sé enginn óvelkominn," segir Inga. „Nú erum við hjá VITA að setja upp spennandi 3-5 nátta haustferðir. Þá er flogið beint til Glasgow og ekið í klukkutíma til Edinborgar. Boðið verður upp á skemmtilegar skoðunarferðir, til dæmis dags sveitaferð þar sem keyrt verður til hins rómaða Loch Lomond vatns þar sem boðið verður upp á klukkutíma siglingu. Einnig bjóðum við upp á rútuferð um Edinborg og förum yfir sögu borgarinnar. Eins höfum við boðið þeim sem vilja ferð í Holyrood-höllina, Edinborgarkastala og létta gönguferð um Royal Mile. Við skoðum fallegar byggingar og kynnum okkur skemmtilegar og áhugaverðar sögur frá fyrri tíð og skellum okkur inn á bar eða kaffihús og njótum þess að vera til í óstressuðu umhverfinu. Margir leggja leið sína í hinn fallega almenningsgarð Princes Street Gardens sem er rétt við hótelin sem VITA býður upp á, kíkja á blómaklukkuna og hlýða á sekkjapípuleikara sem eru nánast á hverju horni."



Inga Geirsdóttir

## DUBLIN – BEINT FRÁ AKUREYRI

*Fjögurra nátta helgarferð 27.–31. október.*

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra. Ferðaskrifstofan VITA býður í haust upp á ferð í beinu flugi frá Akureyri til Dublin í samstarfi við Ferðaskrifstofu Akureyrar.

„Við erum tekin við sem umboðsaðilar VITA hér fyrir norðan," segir Ragnheiður Jakobsdóttir, skrifstofustjóri Ferðaskrifstofu Akureyrar. „Við sjáum um sölu í allar ferðir VITA auk þess að bjóða upp á þessa ferð til Dublin í beinu flugi héðan í október. Þetta er fjögurra daga ferð til þessarar frábæru borgar sem býður upp á menningu, skemmtun, verslun og skemmtilegt mannlíf."



Ragnheiður Jakobsdóttir

Ragnheiður segir hótelin sem í boði eru vera vel staðsett og góð og alla þjónustu til fyrirmyndar. Sjálf segist hún hafa farið í slíka ferð til Dublin og óhikað geta mælt með henni. „Þetta var óskaplega skemmtilegt. Írarnir eru svo skemmtilegir heim að sækja og pöbbamenningin og mannlífið svo litríkt, auk þess sem borgin er mjög falleg. Þeir sem vilja geta síðan farið í skoðunarferðir og kynnt sér sögu borgarinnar en þeir sem vilja verja tímanum í verslunum geta gert það."

Það er þó ekkert skilyrði að vera búsettur á Norðurlandi til að nýta sér þessa ferð og bendir Ragnheiður á að svæðið sem Ferðaskrifstofa Akureyrar þjóni nái allt frá Austfjörðum til Húnavatnssýslna. „Það hefur mælst óskaplega vel fyrir að bjóða upp á ferðir beint héðan," segir hún. „Enda sparar það fólki bæði tíma og peninga. Það er farið héðan að morgni og lent hér aftur að kvöldi þannig að tíminn nýtist allur í Dublin sjálfri."

Þetta er eina ferðin sem Ferðaskrifstofa Akureyrar býður upp á í beinu flugi frá Akureyri og segir Ragnheiður vissara að hafa tímann fyrir sér við pöntun, þar sem reynslan sýni að færri komist yfirleitt að en vilji. Hægt er að bóka ferðina á heimasíðu VITA, vita.is, eða hafa samband við Ferðaskrifstofu Akureyrar og bóka þannig.

## RÍGA – REYKJAVÍK AUSTURSINS

*Fjögurra nátta helgarferð 5.–9. október.*

„Gamli miðbærinn í Ríga heillaði mig mest," segir Gunnar Helgason, leikari og fararstjóri í haustferð VITA til Ríga í Lettlandi. „Hann er náttúrlega stútfullur af kirkjum, eins og miðbæir eru víðast hvar í Austur-Evrópu, en þar er líka risastór markaður og þangað fór ég og endurnýjaði öll tréáhöld fyrir eldhúsið. Svo förum við í eina fallegustu höll Austur-Evrópu, sem heitir Rundale, og heimsækjum minjasafn Lettlands, sem er svona þeirra Árbæjarsafn."

Gunnar segir öll hótelin sem boðið er upp á í VITA-ferðinni vera stórgóð og í göngufjarlægð frá öllu því helsta í miðbænum. „Miðbærinn er rólegur og þægilegur og fullt af mjög góðum veitingastöðum. Minna um túrisma en víða annars staðar og allt einstaklega þægilegt. Þrjár stórar verslunarmiðstöðvar í göngufæri frá hótelum og svo aðrar miklu stærri í leigubílafjarlægð. Lettarnir hafa ofboðslega ríka þjónustulund og eru í alla staði mjög viðkunnanlegir og hjálpfúsir; þeir taka alls staðar vel á móti manni og hvergi er neitt vesen."



Gunnar Helgason

Gunnar segir Ríga oft hafa verið kallaða París austursins, en nú til dags sé eiginlega nær að kalla hana Reykjavík austursins, enda séu Lettar mjög stoltir af skemmtanalífi borgarinnar. En hvað kom til að hann varð fararstjóri í Lettlandi? Var það bara vegna þess hvað hann er skemmtilegur? „Það hlýtur að vera," segir hann og skellihlær. En í alvöru hef ég verið mikið í Rússlandi og Póllandi og hef þar fyrir utan gríðarlegan áhuga á sögu þessa heimshluta og raunar sögu yfirleitt."

Munu ferðalangar í Ríga fá að njóta þessarar sögukunnáttu? „Saga Lettlands er mikil átakasaga og það var mjög áhugavert að setja sig inn í hana. Ég fer með fólkið í gönguferðir um miðbæinn og segi frá, enda er það algjörlega nauðsynlegt þegar maður kemur til nýrrar borgar að skoða helstu staði og sjá hana frá öllum hliðum. Þá er maður bara búinn að ná þessu og getur farið allra sinna ferða."

Gunnar segir alla sem koma til Ríga verða að prófa að fara í gufubað. „Þeir eru með gufuböð og heilsulindir og alls konar gufubaðsklúbba og það er algjör nauðsyn að prófa þá. Láta berja sig með hrísvöndum og fara í kalda sturtu á eftir. Maður verður eins og nýr."

Allar þessar ferðir er hægt að bóka á vita.is eða hjá sölumönnum VITA og Ferðaskrifstofu Akureyrar.

Ferðaskrifstofan VITA, Skútuvogi 13a, sími 570 4444
Ferðaskrifstofa Akureyrar, Ráðhústorgi 3, sími 460 600

# Á slóðum íslenskra landnema

**Tveggja vikna ferð til Klettafjalla í Kanada verður farin á vegum Bændaferða hinn 20. ágúst. Farið verður um slóðir íslensku landnemanna og fræðst um sögu og menningu Kanada undir íslenskri fararstjórn.**

„Þórhallur Vilhjálmsson er einn af okkar reyndustu fararstjórum. Hann þekkir svæðið vel og er einstaklega skemmtilegur sögumaður,“ segir Hugrún Hannesdóttir hjá Bændaferðum, sem hafa skipulagt ferðir til Kanada allt frá árinu 1975.

„Áfangastaðirnir eru sérstaklega skemmtilegir í þessari ferð fyrir þá sem hafa áhuga á sögu,“ bætir hún við, en helstu áfangastaðir eru Vancouver og Klettafjöllin, bæirnir Kamloops og Jasper og borgin Calgary, svo eitthvað sé nefnt. Safn Stephans G. Stephanssonar í Markerville verður einnig sótt heim og litið við hjá hjónunum Auði og Sumarliða Ingvarsson, en þau hafa verið fararstjórar hjá Bændaferðum um árabil. Auður og Sumarliði hafa verið búsett í bænum Kelowna síðustu 35 ár og segja frá lífi sínu í Kanada. Ferðin snýst þó um fleira en söguslóðir íslenskra landnema, segir Hugrún.

„Þarna er stórfengleg náttúra. Saga landnemanna almennt er mjög áhugaverð, til dæmis hvernig leita þurfti leiða yfir fjöllin til að leggja járnbraut. Saga Indíánanna sem bjuggu fyrir á svæðinu er einnig mjög áhugaverð og hvernig samskiptum þeirra og landnemanna var háttað. Það er líka mjög gott að ferðast um Kanada á þessum árstíma, ekki of heitt en þó ennþá sumar.“

Sjálf ferðaðist Hugrún á sömu slóðir um páskana í fyrra. Innt eftir því hvað hafi staðið upp úr í ferðinni á hún erfitt með að gera upp á milli staða.

„Það var sterk upplifun að koma til Markerville og sjá hvað íslensku landnemarnir þurftu að leggja á sig. Ég er mikil útivistarmanneskja og fannst virkilega gaman að koma til Banff og fara með kláfi upp í fjöllin. Náttúrufegurðin er stórkostleg og þarna eru margar gönguleiðir. Viðmót heimamanna fannst mér líka frábært, en Kanadamenn eru kannski líkir Íslendingum að vissu leyti, báðar þjóðir búa í návígi við náttúruna. Þá mæli ég sérstaklega með því að panta sér góða nautasteik einhvern tímann í ferðinni.“

Nánari upplýsingar um ferðina er að finna á heimasíðu Bændaferða, www.baendaferdir.is, og þar má einnig lesa ferðasögu Hugrúnar.



Borgarlandslag í Calgary. MYND/NORDICPHOTOS



Skemmtilegt mannlíf í miðbæ Vancouver. MYND/NORDICPHOTOS



Farið verður um Klettafjöllin þar sem landnemar lögðu járnbrautarteina gegnum hrikaleg fjallaskörð. MYND/NORDICPHOTOS

HÓTEL BÚÐIR

Upplifðu einstaka náttúrufegurð og gældu við bragðlaukana á óviðjafnanlegu hóteli

Munið gjafabréfin - einstök gjöf fyrir brúðhjón, afmæli og aðrar tækifærisgjafir

Nánari upplýsingar í s: 435 6700.

Velkomin á Hótel Búðir








Hotel Budir | IS-365 Snæfellsnes | Iceland | Tel. +354 435 6700 | Fax. +354 435 6701 | budir@budir.is

# Alls konar ullabjakk

**Mannskepnan leggur sér ýmislegt til munns og margt miður geðfellt gæti sumum þótt. Hér eru nokkrir „sælkeraréttir“ sem njóta vinsælda víðs vegar um heim.**





Fugu er vinsæll fiskur í Japan. Aðeins þaulvanir matreiðslumenn mega verka hann því annars er hætta á því að sá sem borðar hann deyi, enda inniheldur hver og einn nógu mikið eitur til að leggja þrjátíu manns að velli.



Leðurblöku- og ávaxtasúpa þykir hreinasta lostæti í Indónesíu. Leðurblakan er elduð í heilu lagi í kókosmjólk og borin fram ásamt ávöxtum.

Súkkulaðihúðaðir sporðdrekar, krókódílakássa og sporðdrekavodki eru meðal þess sem veitingahúsið Edible í London býður upp á.

Ígúanaeðlur eru ekki aðeins vinsæl gæludýr í El Salvador heldur líka góðgæti sem bragðast víst eins og kjúklingakjöt.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Ábyrgðarmaður**: Jón Laufdal jonl@365.is s. 512 5449
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462.

# SEYÐISFJÖRÐUR



## Hvað er sagt um Seyðisfjörð?

Lonely Planet: Farðu á miðnætur kajak, það er ójarðnesk upplifun og ef þú ætlar aðeins að heimsækja einn stað á Austurlandi ætti það að vera Seyðisfjörður.

Travel + Leisure tímaritið metur Hótel Ölduna mikils.

Svifflugdrekamenn segja fjallið Bjólf vera einstakan stað til að svífa frá, vegna þess að hægt er að aka upp á fjallið í um 640 m hæð yfir sjávarmáli.

Perla í lokaðri skel.
*Matthías Johannesen.*

***Farþegar á skemmtiferðaskipi höfðu þetta um Skálanes heimsókn sína að segja:***

Uppáhaldið okkar í ferðinni til Íslands.
*Sion & Janet.*

Öðruvísi en allar aðrar „cruise“ skoðunarferðir og ein sú besta sem við höfum upplifað.
*Dr. David Archer.*

Verandi áhugamaður um fuglaskoðun var ég sérlega ánægður með að finna fugla sem ég hafði ekki séð fyrr í ferð minni milli hafna á Íslandi.
*Philip Henden.*

**www.visitseydisfjordur.com**

## Gátlisti fyrir ferðalagið austur

Hakaðu við eftirlætið þitt

### Gisting

- [ ] Hótel Aldan
- [ ] Gistihúsið Norðursíld
- [ ] Farfuglaheimili
- [ ] Gistiheimili Ólu
- [ ] Tjaldsvæði
- [ ] Skálanes

### Matur

- [ ] Bistró Skaftfells
- [ ] Hótel Aldan veitingahús
- [ ] Skálanes - veitingar
- [ ] Shell skálinn - skyndibiti
- [ ] Samkaup strax - matvara

### Viðburðir

- [ ] LungA 10.-17. júlí
- [ ] Bláa kirkjan tónleikaröð júlí-ágúst
- [ ] Smiðjuhátíð 22.-24. júlí
- [ ] Myndlist í Skaftfelli árið um kring
- [ ] Haustroði 1. október

### Afþreying

- [ ] Kajak- og fjallahjólaleiga
- [ ] Sjóstöng
- [ ] Stikaðar gönguleiðir
- [ ] Sund, pottur & sauna
- [ ] 9 holu golfvöllur
- [ ] Náttúruskoðun m. leiðsögn
- [ ] Topp aðstaða til svifdrekaflugs
- [ ] Köfun niður á El Grillo
- [ ] Tækniminja- og Rarik safnið
- [ ] Ferð með Norrænu
- [ ] Barnaleikvöllur
- [ ] Fuglaskoðun
- [ ] Rölt með heimamanni
- [ ] Bryggjuveiði
- [ ] Silungsveiði í Fjarðará
- [ ] Fjöruferð
- [ ] Fjallagarpur


































# Þar sem hamingjan ræður ríkjum

**Ferðaleiðsagnafyrirtækið Lonely Planet hefur valið tíu staði veraldar þar sem íbúarnir eru hvað hamingjusamastir.**

1. Vanúatú er eyríki í Suður-Kyrrahafi. Eyjarnar eru 83 með hvítum ströndum, himinbláum sjó og iðandi mannlífi. Eyjurnar eru gróðursælar og hitinn frá apríl fram í október afar þægilegur fyrir ferðamenn, frá 18 til 28 gráða. Árlega er þar haldin forn hátíð sem talin er vera fyrirmynd nútíma teygjustökks.
2. Montréal er stærsta borg Québec-fylkis í Kanada, en önnur stærsta borg Kanada á eftir Toronto. Montréal er einnig önnur stærsta frönskumælandi borg vesturheims á eftir París. Borgin þykir fjölmenningarleg, íbúarnir eru vingjarnlegir og glaðlyndir. Á sumrin eru íbúarnir sérlega hláturmildir þar sem borgin fyllist af grínistum sem koma fram á hátíðinni Just for Laughs.
3. Happy er bær í Texas í Bandaríkjunum. Slagorð bæjarins er Town without a frown, eða bærinn án grettu. Happy þykir heldur dauflegur á að líta en samkvæmt Lonely Planet þarf ekki að leita langt út fyrir hann til að kynnast því besta sem Texas hefur upp á að bjóða. Þar má nefna fagurt landslag, frábærar gönguleiðir og ekta kúrekasýningar.
4. Konungsríkið Bútan er lítið landlukt land í Himalajafjöllunum á milli Indlands og Kína. Náttúran í Bútan er mikilfengleg enda umlykja það himinhá fjöll. Íbúar landsins eru að mati Lonely Planet afar glaðlegir og sáttir við lífið.
5. Kólumbía í Suður-Ameríku er land kaffibauna og karnivals. Þrátt fyrir tengingu þess við eiturlyfjaframleiðslu telur Lonely Planet íbúana eina þá hamingjusömustu. Þá sé landið frábært fyrir ferðalanga, enda hafi öryggið í landinu stóraukist undanfarið. Sérstaklega er mælt með að fólk skelli sér á fótboltaleik, sem sé mikil upplifun.
6. Wuyi-fjöllin í Kína eru fjallgarður sem nær yfir sextíu ferkílómetra svæði. Wuyi-fjall komst á heimsminjaskrá UNESCO árið 1999. Í Wuyi-fjöllum blandast vel saman stórbrotið landslag og ævagömul menning. Nokkur hof er að finna í fjöllunum auk dularfullra hella.
7. Malaví er í suðausturhluta Afríku. Helsta einkenni landsins er Malaví-vatn sem þekur fimmtung þess. Malaví er eitt þéttbýlasta og fátækasta land Afríku en samkvæmt Lonely Planet eru íbúar þess afar glaðlegir og þekktir fyrir gestrisni.
8. Andorra er furstadæmi milli Frakklands og Spánar. Ef heilsuhreysti er til marks um hamingju hljóta íbúar Andorra að vera afar hamingjusamir, því þar lifir fólk að meðaltali til 83,5 ára aldurs. Í Andorra eru enda kjöraðstæður til að skíða, ganga og hjóla, auk þess sem landið hefur ekki átt í stríði í 700 ár.
9. Hidakagawa er bær í Japan. Þar er á hverju ári haldin ganga sem leidd er af trúði og fólk streymir út á göturnar í líflegum klæðnaði. Það hringir bjöllum og kallar hlæið, hlæið og brátt gellur hlátur um alla borg.
10. Danmörku þekkja Íslendingar vel. Danir kunna að láta sér líða vel og Lonely Planet telur að góðar samgöngur, hjólamenning og góð lífskjör í Danmörku geri íbúana eina þá hamingjusömustu.

*- sg*

# Með bakpokann fullan af frelsi

InterRail er lestarkerfi í Evrópu sem fólk um allan heim hefur nýtt sér í áratugi, sérstaklega yngri kynslóðin sem nýtir þennan ferðamöguleika eftir að menntaskóla lýkur. Hægt er að kaupa sér passa sem gilda mislengi og einnig er hægt að kaupa sér passa sem gildir aðeins innan eins ákveðins lands. Gott er að undirbúa ferðalagið vel og kynna sér vel hvernig InterRail virkar.

**Eftirfarandi atriði er gott að hafa í huga varðandi búnað:**

- Svefnpoki er nauðsynlegur.
- Tjald ef óvissa ríkir um hvort hægt verði að gista alls staðar innandyra.
- Góður bakpoki skiptir öllu til að fólk þreytist ekki í bakinu.
- Hreinlætisvörur í takmörkuðu magni, tannbursti og sápa.



Hægt er að sníða InterRail ferðir eftir höfði hvers og eins.



**● VANGAVELTUR UM VIÐKOMUSTAÐI** Vonir standa til þess að heimsókn Vilhjálms og Katrínar, hertoga og hertogaynju af Cambridge, muni hafa jákvæð áhrif á ferðamannaiðnað Kaliforníu í sumar. Heimsókn þeirra mun standa yfir frá 8.-10. júlí.

Hjónin ungu hafa tilkynnt að þau muni heimsækja Los Angeles og nærliggjandi svæði. Getgátur hafa verið uppi um að þau ætli sér að hitta Hollywoodstjörnur, njóta strandarinnar í Malibu og borða kvöldmat með Elton John eða Beckhamhjónunum. Þau gætu jafnvel séð Beckham leika listir sínar á fótboltavellinum, en lið hans LA Galaxy spilar hinn 9. júlí. Það gæti þó sett strik í reikninginn að fjórða barn Beckhamhjónanna á að fæðast í júlí. Kannski verða hertogahjónin meðal þeirra fyrstu til að berja barnið augum.



**● ELSTA OG STÆRSTA HÓTEL HEIMS** Hótelið Hoshi Ryokan í Japan er elsta hótel í heimi. Það hefur verið starfrækt frá árinu 705, í yfir 1.300 ár. Sama fjölskyldan hefur rekið það í 46 ættliði. Stærsta hótel heims er að finna í Malasíu. Það heitir First World Hotel og í því eru 6.118 herbergi.

**● EYRNATAPPAR AUÐVELDA SVEFN** Á löngum ferðalögum, hvort sem er í flugvélum, skipum, bílum eða lestum, gefst farþegum oft tækifæri til að hvílast og sofna. Eftir stress og ákafa við undirbúning ferðarinnar eru slíkar stundir dýrmætar, einkum ef útsýnið er fábrotið. Þó getur svefninn látið á sér standa ef hávaði er í kring, grátandi börn, tónlist eða skraf annarra farþega. Þá geta eyrnatappar gert kraftaverk. Með þá í hlustunum er auðvelt að útiloka öll hljóð og möguleikarnir á að svífa inn í svefninn og vakna endurnærður á áfangastað aukast til muna.





# Æðislegustu mótorhjólaleiðir veraldar

**Frelsið er yndislegt þegar ferðast er á mótorfák og öll upplifun beint í æð. Hægt er að þeysa um heiminn endilangan á beinum vegum og kröppum, bugðóttum og bröttum, þar sem skilningarvitin fá öll sitthvað fyrir sinn snúð. Hér sérðu fimm bestu mótorhjólaleiðir heims.**



Í Suður-Noregi eru hárspennubeygjur milli himinhárra fjalla og djúpblárra fjarða óteljandi.



Alparnir eru augnakonfekt hvert sem litið er og þykja fremsta paradís mótorhjólafólks. MYNDIR/NORDIC PHOTOS

### 1. ALPAR Í VESTRI

Ef þig þyrstir í knappa fjallvegi, þunnt fjallaloft og unaðslega matarupplifun er hjólaferð í vestanverðum Ölpunum ævintýri lífs þíns. Ferðalagið hefst í Zürich í Sviss þaðan sem brunað er í gegnum Svartaskóg í Þýskalandi og yfir í Alsace-hérað Frakklands. Þaðan er bensínið stigið í botn upp til Savoie, sem er hæst í Ölpunum og fögur fjallaþorpin hanga utan í fjallshlíðum áður en stefnan er tekin á tvo hæstu fjallvegi Evrópu, Col d'Iseran og Cime de la Bonette. Til að tvöfalda fjörið er tilvalið að heimsækja líka Alpana í Sviss og Ítalíu. Alþjóðlegt ævintýri sem reynir á hjólagetu og örvar skilningarvitin alla leið.

### 2. FRÁ CHRISTCHURCH TIL AUCKLAND Á NÝJA-SJÁLANDI

Afbragðs þjóðvegir Nýja-Sjálands gera mótorhjólamönnum kleift að aka í gegnum heilt land. Hvarvetna ber fyrir augu landfræðileg undur þar sem hjólamenn þjóta hjá jöklum, hrikalegum fjallstoppum, eldfjöllum, gróskumiklum skógum og töfrandi ströndum, en leiðin veitir ómældan innblástur og ógleymanlega lífsreynslu.



### 3. SUÐUR-NOREGUR

Noregur er kannski ekki fyrsti áfangastaðurinn sem kemur upp í huga mótorhjólafólks, en í Suður-Noregi eru stórkostlegir vegir sem hlykkjast um fjöllótta firði og reyna á ökumenn og hjól þeirra um leið og fegurðarskynið er örvað til fulls. Upplagt er að byrja ferðalagið í Kristiansand og leggja lykkju á leiðna og fara norðurleiðina til bæjanna Dombas og Olden áður en vesturleiðin er tekin til baka. Ökumenn þurfa að þræða krappar hárspennubeygjur í tugatali, keyra meðfram þverhníptum klettaveggjum og þeysa í gegnum jarðgöng sem sum eru með 180 gráðu beygjum.

### 4. AUSTURSTRÖND ÁSTRALÍU

Ástralía er land ótrúlegra náttúruundra og á austurströndinni fá hjólamenn notið þeirra flestra. Ferðin hefst í Melbourne, þaðan sem haldið er norðaustur frá New South Wales til Queensland á hlykkjóttum vegum meðfram Kyrrahafinu, en einnig farið um fagra fjallvegi og dólað við ströndina. Margir fara til baka suðvesturleiðina frá Brisbane, sem er alveg jafn stórkostleg, og endar á upphafsstaðnum Melbourne.



**Afríka er mörgum framandi áfangastaður, enda líkt og annar heimur í allri upplifun. Hér má sjá kvöld í Höfðaborg.**

### 5. HÖFÐABORG TIL JÓHANNESARBORGAR

Einstök og krefjandi strandlengjan frá Höfðaborg til Jóhannesarborgar er draumur allra vélhjólamanna. Hvarvetna hittir náttúrufegurð og menning menn í hjartastað, en farið er um undravert landslag sjávarbakka, gresja, gljúfra og grænna dala. Erfitt er að hafa augun á bugðóttum vegum vegna undra suðurafrísks strjálbýlis og strandvega við Atlants- og Indlandshaf. *- þlg*

*Hollt og næringarríkt*

**Nestispakkar að hætti Jóa Fel**

fyrir fjallageitur og göngugarpa



**Tindur**
- Hreinn ávaxtasafi - 500 ml
- Hafrafittness
- Heilkorna rúnstykki með grænmeti, skinku og osti
- Banani

Verð á nestispakka: 1.190 kr.

**Garpur**
- Hreinn ávaxtasafi - 500 ml
- Vatn - 500 ml
- Hafrafittness
- Heilkorna rúnstykki með grænmeti, skinku og osti
- Banani
- Kalt pastasalat - 400 g

Verð á nestispakka: 1.990 kr.

**Brattur**
- Hreinn ávaxtasafi - 500 ml
- Vatn - 500 ml
- Hafrafittness
- Heilkorna rúnstykki með grænmeti, skinku og osti
- Heilkorna flatkaka með osti og hangikjöti
- Banani

Verð á nestispakka: 1.590 kr.

NESTISPAKKARNIR FÁST EINGÖNGU HJÁ JÓA FEL Í HOLTAGÖRÐUM
Panta þarf nestipakkana með dags fyrirvara ef fleiri en 5 pakkar eru keyptir í einu.
Pantanir í síma: 588 8998 eða á netfanginu: joifel@joifel.is

Jói Fel BAKARÍ

OPNUNARTÍMI HJÁ JÓA FEL Í HOLTAGÖRÐUM: MÁNUD. - FÖSTUD. KL. 7-18. LAUGARD. - SUNNUD. KL. 7-17.



**Fjórtán prósent hafa daðrað við áhafnarmeðlimi flugvéla.** NORDICPHOTOS/AFP

## Daðrað um borð

Einungis einn af hverjum tíu flugfarþegum er tilbúinn til að spjalla við ferðafélaga sína, samkvæmt ástralskri rannsókn sem gerð var fyrir ferðaskrifstofuna Expedia.com. Í rannsókninni kom einnig fram að einn af hverjum sjö karlmönnum daðraði við áhafnarmeðlimi flugvélarinnar og fjögur prósent þátttakenda sögðust hafa átt í sambandi við einhvern sem þeir hittu á flugferðum.

Í rannsókninni kom einnig fram munur á hegðun karla og kvenna á flugferðum. Ástralskir karlmenn voru mun duglegri við að nota afþreyingarbúnað flugvélanna, en 67 prósent þeirra notuðu hann á meðan meira en helmingur kvenna skoðaði afþreyingarefnið ekki. Konur völdu góðar bækur fram yfir afþreyingu flugvéla.

Þrátt fyrir að eyða tíma sínum á mismunandi vegu voru bæði kyn sammála um að það sem væri mest þreytandi við langar flugferðir væru þrengslin í þeim. *- mmf*



Ólafur á bak við nýgróðursett kirsuberjatré. Myndin er tekin í maí síðastliðnum.



Dagmar er með bleik, einföld og velilmandi blóm. Nýpurnar eru ætar og má nýta í sultu, súpu, te og fleira.



Lyngrósin Fantasticaer á meðal þess sem hægt er að nálgast í Nátthaga.



Árið 2010 þroskaðist fyrsta eplið í Nátthaga á finnska eplayrkinu Pirja. Það bragðaðist eins og sætasta konfekt!



Sígrænir „krúttrunnar" eru annað sérsvið Ólafs. Þar er úrvalið mikið.



Óhætt er að segja að litadýrðin sé við völd í Nátthaga. Lyngrósin Grandiflorum.



Ólafur segist ekki eiga neina glæsivillu en flotta útistofu í formi skógar, grósku og blómstrandi plantna frá mars og fram í nóvember. Þær gefi meira en steypa og gler.



Skógartoppur blómstrar frá miðju sumri og fram á haust. Blómin ilma dásamlega, sérstaklega í kyrrviðri á kvöldin.



Hjónarósin getur orðið margir metrar á hæð og getur til dæmis hæglega hulið heill skrúðhús og pergólu.

# Litið við í paradís

**Nátthagi garðplöntustöð selur eitt mesta úrval landsins af trjám og runnum.**

Á skika úr landnámsjörðinni Gljúfri í Ölfusi, með örnefnið Nátthaga, er að finna sannkallaða paradís þar sem fjölbreytt gróður- og náttúrufar ræður ríkjum. Landeigandinn Ólafur Sturla Njálsson, garðyrkjukandídat frá Landbúnaðarskólanum í Ási í Noregi, á allan heiður að fegurðinni og heldur að auki úti garðplöntustöðinni Nátthaga.

„Fólk sem kemur akandi yfir heiðina að kaupa tré eða runna spyr mig oft: „Er alltaf svona hlýtt hérna?" Mitt svar er iðulega stutt og laggott: „Nei, ég bjó þetta til." Enn þarf maður ekki að fara lengra en upp á þjóðveg til að upplifa hvernig þetta var í byrjun," segir Ólafur, sem keypti landið árið 1988. Þá var hráslagalegt um að litast, nauðbitinn mói, urð og melur, húslaust og allslaust og vetur erfiðir, eins og Ólafur orðar það. Hann sá hins vegar möguleikana og hófst handa við að planta trjám og runnum, bætti við hekturum og opnaði svo Nátthaga árið 1990.



„Aspir voru á meðal fyrstu trjánna sem ég gróðursetti. Flestar stórskemmdust reyndar í vonskuveðri fyrsta veturinn, aðeins Keisari stóðst álagið og eftir það hef ég verið stórhrifinn af honum," minnist Ólafur og bætir við að á fáeinum árum hafi sprottið upp á landinu allar helstu trjátegundir, greni, fura og reynir, fyrir utan ösp og margar tegundir innan hverrar ættkvíslar. „Í dag nær gróðursældin yfir sextán hektara en utan um garðplöntustöðina er gróðursældin á fimm hekturum."

Í Nátthaga er því hægt að nálgast eitt mesta úrval trjáa og runna á landinu, segir Ólafur. „Hér er mikið rósasafn, líka klifurplöntur og berjarunnar. Fólk hefur þessa stundina mestan áhuga á ávaxtatrjám og ég býð upp á plómu-, peru-, epla-, og kirsuberjatré frá framleiðanda í Finnlandi. Aðstæðum á sömu breiddargráðu þar svipar til Íslands og því hafa trén þrifist vel. Til marks um það komu fyrstu eplin í fyrrasumar og eru bæði falleg og góð."

Hann kveðst líka halda grunnnámskeið í ræktun ávaxtatrjáa. „Ég fer í öll helstu atriðin og get flutt erindið víðs vegar um landið, óski fólk þess."

Nátthagi garðplöntustöð er höfð opin virka daga frá klukkan 10 til 19, en frá klukkan 10 til 18 um helgar og á almennum frídögum. Nánar á www.natthagi.is.



# Fangaðu ferðalagið með Canon EOS



Ljósm. Golli

Það geta allir tekið þátt í EOS ævintýri Canon. Frábært úrval af myndavélum fyrir byrjendur, áhugaljósmyndara og atvinnumenn til að fanga augnablikið.

Magnaðar ljósmyndir og Full HD vídeómyndir ásamt mörgum skemmtilegum og notendavænum eiginleikum.

Prófaðu Canon EOS hjá viðurkenndum söluaðila Nýherja, umboðsaðila Canon á Íslandi. Tveggja ára ábyrgð.

Kennslubókin Stafræn ljósmyndun á Canon EOS fylgir með ákveðnum EOS myndavélum.



Vertu vinur Canon á Íslandi á Facebook.
Canon EF linsur til leigu í Tækjaleigu Sense.

Canon

**Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt**
**Reykjavík** Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - Sense Center, Kringlunni - ELKO Lindum, Skeifunni & Granda - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / **Akureyri** Pedromyndir - Byko / **Húsavík** Bókaverslun Þórarins / **Ísafjörður** Bókahornið - Penninn / **Sauðárkrókur** Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / **Blönduós** Kjalfell / **Hvammstangi** Ráðbarður / **Grundarfjörður** Hrannarbúðin / **Stykkishólmur** Skipavík / **Borgarnes** Framköllunarþjónustan - Omnis / **Akranes** Omnis / **Reykjanesbær** Omnis / **Selfoss** TRS / **Höfn í Hornafirði** Martölvan / **Neskaupstaður** Tónspil / **Egilsstaðir** Myndsmiðjan / **Vestmannaeyjar** Geisli - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is / ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar

XPRENT -merkir allt!
Prentun, merkingar, filmur, frágangur ofl.
www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

Kíktu við ný hádegisverðatilboð
Italiano Pizzeria
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

Smart motion running
Hlaupastíls námskeið
Léttari hlaupatækni
Hlaupanámskeið
5km , 10km, 21km
www.smartmotion.is | info@smartmotion.is

ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR
Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

Fjarstýrð flugmódel í úrvali.
Tómstundahúsið
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

Loksins komnir !
Haldararnir sem læknar mæla með.
Verð 6.990 kr
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

BAKKMYNDAVÉLAR
Dalvegi 16b s:554-2727
Verð frá kr. 11.367
Sjá nánar á www.hugna.is
Hugna.is

Fyrir skip og báta - Tæki til makrílveiða
Frábær búnaður á góðu verði
Elcon ehf • sími 552 9510 • elcon@simnet.is

Sjóstöng - grill og fuglaskoðun!
Þeir sem versla fyrir meira en 10.000 kr á **hársnyrtistofunni Texture** fá frítt í fuglaskoðunarferð.
**Nánari uppl. í 865 6200**

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

**Útsala** á meðan birgðir endast.
**20%** af lauftrjám og runnum og
**30%** af sígrænum trjám og runnum.
Mikið úrval af stórum trjám.
Garðplöntustöðin Gróandi
Grásteinum
271 Mosfellsbær
Sími 5667339
GRÓANDI GRÁSTEINUM

**Tískuverslun í Kringlunni.**
Til sölu glæsileg tískuverslun með eigin innflutning í kvenfatnaði, fylgihlutum og skarti. Frábært tækifæri. Uppl. í síma 773-4700
Fyrirtækjasala Ísl. www.atv.is

FJARÐARBÓLSTRUN ehf
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta. Metum og gerum við. Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Bjóðum úrval tækja til leigu
KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

www.4h.is
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 Hafnarfirði sími 588 3355

**Kress 108 AS-2 1.3 Set L 10,8 Volt / 1,3 Ah Li-Ion**
2 hraðar 0-450 og 0-1350 10 mm QuiXS rapid-action patróna Hleðslutæki, 2 rafhlöður, taska, vinkildrif og vinnuljós fylgja
**Tilboðsverð Kr. 39.720**
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 Gul gata Kópavogi sími 5641212

Bílaverkstæði á besta stað
Bílastofan
Ávallt í leiðinni, Allar almennar viðgerðir, púst, bremsur og fl.
Einnig athugum við bíla fyrir skoðun og lagfærum það sem sett hefur verið út á í skoðun
Góð og heiðarleg þjónusta
Bíldshöfða 18, bakhús - 112 Reykjavík - S:587 3131 - www.bilastofan.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is







## GUSGUS – ARABIAN HORSE

## AUKATÓNLEIKAR

## NASA – LAU. 18. JÚNÍ KL. 24:00

Uppselt á fyrri tónleikana. Takk fyrir!

Miðasala á seinni tónleikana hefst í dag kl. 10:00 á midi.is.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** gá, **6.** einnig, **8.** skip, **9.** nægilegt, **11.** núna, **12.** hlutdeild, **14.** uppskafningsháttur, **16.** drykkur, **17.** húsfreyja, **18.** kerald, **20.** stefna, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kvenmaður, **3.** hvort, **4.** jarðbrú, **5.** hyggja, **7.** góðvild, **10.** kjaftur, **13.** mærð, **15.** höggva, **16.** lögg, **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** gelt, **6.** og, **8.** far, **9.** nóg, **11.** nú, **12.** aðild, **14.** snobb, **16.** te, **17.** frú, **18.** áma, **20.** út, **21.** rifa.

**LÓÐRÉTT:** **1.** kona, **3.** ef, **4.** landbrú, **5.** trú, **7.** góðsemi, **10.** gin, **13.** lof, **15.** búta, **16.** tár, **19.** af.






# Einn situr Geir

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Æjá, alveg rétt hugsaði ég, þegar ég sá fyrir tilviljun sjónvarpsfréttirnar þar sem Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, sór af sér sakir. Ég hafði alveg gleymt að fylgjast með landsdómsmálinu og satt best að segja leiði ég hugann alltaf sjaldnar að hruninu mikla. Lífið hefur mjatlast einhvern veginn áfram, merkilegt nokk. Eins bálreið og ég var vegna hrunsins til að byrja með hefur hefndarþorstinn rjátlast af mér.

**SÖGULEGT** uppgjör er þó í bígerð, stórbrotið mál skal til lykta leitt. Landsdómur hefur aldrei verið kallaður saman í sögu lýðveldisins og skrafað er um fyrstu „pólitísku réttarhöld“ Íslandssögunnar á kaffistofum, hver niðurstaða þeirra verði og hvaða tilgangi þau eigi að þjóna. Þarna sátu nú spariklæddir dómararnir fimmtán, skipaðir af fyrrverandi samstarfsfélögum sakbornings, við grændúkuð borð. Grafalvarlegir á svipinn virtust þeir reiðubúnir að draga loks til ábyrgðar þá sem sváfu á verðinum meðan fjármálamennirnir sigldu skútunni svo rækilega upp á sker að hún hefur marað í hálfu kafi síðan. Eða hvað? Við borð sakbornings sat bara einn maður. Geir.

**FYRRVERANDI** fjármálaráðherra, viðskiptaráðerra og utanríkisráðherra var hvergi að sjá, né seðlabankastjóra eða forstjóra Fjármálaeftirlitsins, ef út í það er farið. Af hverju í ósköpunum sitja ráðherrarnir fyrrverandi ekki þarna við hlið Geirs eins og þeir gerðu meðan þeir störfuðu saman í ríkisstjórn? Þar lögðu þau á ráðin og tóku ákvarðanir í sameiningu, þó að ég viti ekkert hvernig starfsreglur þau viðhöfðu sín á milli. Það skiptir heldur engu máli hvort einhver var frekari á völdin en annar, hver ráðherra hlýtur að bera ábyrgð á því sem gerist í málaflokki hans.

**FANGELSISVISTAR** er krafist yfir Geir. Hann sagði þungbært að standa í þessum sporum og lái honum hver sem vill. Hann sagði málatilbúninginn hefndaraðgerðir fyrrverandi pólitískra andstæðinga hans gegn honum, og ég stóð mig að því að kinka hugsandi kolli. Dómararnir voru jú skipaðir af fólki sem margt hefur setið á Alþingi svo árum skiptir, líka árin í aðdraganda hrunsins. Get ég tekið mark á því sem á að heita stærstu réttarhöld sögunnar í einu viðamesta máli sögunnar þegar aðeins einn maður er sóttur til saka?

**ÞAÐ** sem ég held að hinir fyrrverandi ráðherrar hljóti að anda léttar, sloppnir fyrir horn, stikkfrí. Enda láta þeir lítið fyrir sér fara. Þeir bera þó jafnmikla ábyrgð gagnvart mér, ég gleymi því ekkert.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Svalastur allra ...

*Einfarinn eitursnjalli Jack Reacher snýr aftur*



***Ný hörkuspennandi bók eftir metsöluhöfundinn Lee Child***




*„Í anda Philips Marlowe með smávegis frá Rambó og Bruce Willis ... Reacher er ... karlmannleg andhetja sem gnæfir yfir alla aðra.“*

INDEPENDENT

★★★★

*„Jack Reacher er töffari af guðs náð.“*

EINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ (UM *FRIÐLAUS*)

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# menning

menning@frettabladid.is

! **AÐALHEIÐUR S. EYSTEINSDÓTTIR** tekur á móti gestum á sýningu sinni Þorrablót í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á morgun milli þrjú og fimm. Sýningin hefur verið vel sótt og vakið mikla hrifningu gesta. Tilefni sýningarspjallsins er að sýningunni fer senn að ljúka, en síðasti sýningardagur er fimmtudagurinn 16. júní. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

## Gítartónar Kristins

Gítarleikarinn Kristinn H. Árnason heldur tónleika klukkan fjögur í Neskirkju næsta sunnudag, hvítasunnudag. Á efnisskrá tónleikanna verða meðal annars verk frá miðri 16. öld eftir A. Mudarra, tveir Galliard-þættir eftir John Dowland tileinkaðir Elísabetu fyrstu Englandsdrottningu og sjóræningjanum Digorie Piper og þrír þættir eftir J.S. Bach úr svítu í E-dúr BWV 1006a.

Eftir I. Albeniz verða verkin Zambra Granadina, Sevilla og Asturias og eftir E. Granados spænskur dans nr. 4. Einnig verður tónlist úr myrkviðum frumskóga Paragvæ eftir A. Barrios. Vart þarf að kynna Kristin, sem er að góðum gítarleik kunnur, hérlendis sem erlendis.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

01.06.11 - 07.06.11



**1** Rosabaugur yfir Íslandi
Björn Bjarnason




**2** Allt á floti
Kajsa Ingemarsson



**3** 10 árum yngir á 10 vikum
Þorbjörg Hafsteinsdóttir



**4** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir



**5** Léttara og betra líf
Lena Hansson



**6** Hrikalega skrýtnar skepnur
Skjöldur og Skúli



**7** Bankastræti núll
Einar Már Guðmundsson



**8** 25 gönguleiðir á Hvalfjarðarsv.
Reynir Ingibjartsson



**9** Risasyrpa - Svarti Skuggi
Walt Disney



**10** Nemesis - kilja
Jo Nesbø

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**LEITIN AÐ GRALNUM** Kvikmynd Monty Pythons er megininnblástur söngleiksins Spamalot sem hefur verið sýndur víða um heim við miklar vinsældir.

# Ætla að setja upp söngleik úr smiðju Monty Python

**Jón Gunnar Þórðarson leikstjóri og félagar hans í Silfurtungli hafa tryggt sér sýningarrétt að söngleiknum Spamalot sem er eftir Eric Idle úr Monty Python.**

„Þetta byrjaði þannig að Matti [Matthías Matthíasson úr Pöpunum] og Magni [Ásgeirsson] voru að grínast með atriði úr söngleiknum Spamalot, en við erum öll miklir aðdáendur Monty Python. Í framhaldinu fórum við að ræða það hvort við ættum ekki bara að reyna að tryggja okkur sýningarréttinn,“ segir Jón Gunnar Þórðarson leikstjóri. Hann og félagar hans í leikfélaginu Silfurtungli fengu þær gleðifregnir nýverið að þau hefðu tryggt sér sýningarréttinn á söngleiknum Spamalot. Söngleikurinn var frumsýndur á Broadway árið 2005 en hann er verk Erics Idle, eins liðsmanna Monty Python hópsins breska. Sú uppfærsla sópaði til sín verðlaunum



ERIC IDLE



JÓN GUNNAR ÞÓRÐARSON

það árið og var sýnd 1.500 sinnum. Söngleikurinn er að mestu leyti byggður á kvikmyndinni Monty Python and the Holy Grail en þó eru í honum lög sem fólk mun þekkja úr öðrum myndum, til að mynda hið vel kunna Always Look on the Bright Side of Life úr kvikmyndinni Life of Brian.

Jón Gunnar segist viss um að Íslendingar muni kunna að meta söngleikinn. „Monty Python menn voru brautryðjendur í þessum svarta húmor sem er allsráðandi í dag og voru hrikalega fyndnir auðvitað. Ég hef séð söngleikinn og hann er alveg í þeirra stíl, ótrúlega fyndinn satt að segja,“ segir Jón Gunnar, sem segir þó að mörgu að huga áður en sýningin verði sett á laggirnar á næsta ári. „Við þurfum að láta þýða verkið en auðvitað þarf líka fjölmarga söngvara og dansara,“ segir Jón Gunnar. Hann bætir við að áðurnefndir Matthías og Magni verði örugglega með og sömuleiðis Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Pétur Örn Guðmundsson og Jana María Guðmundsdóttir, sem öll hafa verið í uppfærslu Silfurtunglsins á Hárinu sem gengið hefur fyrir fullu húsi síðan um páska.

Spamalot verður sett upp í menningarhúsinu Hofi, en Jón Gunnar segir Akureyringa hafa tekið söngleikjum vetrarins opnum örmum. Hann leikstýrði Rocky Horror fyrir Leikfélag Akureyrar fyrr í vetur og svo Hárinu sem fyrr sagði. „Síðustu sýningar verða um helgina og við ætlum að ljúka þessu með stæl á miðnætursýningu á laugardagskvöld,“ segir hann að lokum.

sigridur@frettabladid.is

# Þriðja Bessastaðabókin væntanleg

Forseti Íslands og norska prinsessan Margrét Elísabet Ingiríður Elísabet Margrét lenda í nýjum ævintýrum í væntanlegri bók Gerðar Kristnýjar sem kemur út í haust. „Í henni fær forsetinn að fara til Noregs til að heimsækja prinsessuna. Hann fær boð um að vera viðstaddur krýningarveislu í norsku konungshöllinni og heldur af stað. En svo fer margt öðruvísi en ætlað var og koma ruslarenna, rækjusúpa og fótafimur hamstur við sögu í ævintýrinu,“ segir Gerður Kristný sem er um þessar mundir að leggja lokahönd á bókina sem verður þriðja í röð Bessastaðabóka hennar. Áður hafa komið út bækurnar Ballið á Bessastöðum og Prinsessan á Bessastöðum. Leikrit Gerðar, Ballið á Bessastöðum, sem byggir á bókunum, naut mikilla vinsælda í vetur og verður tekið aftur til sýninga í Þjóðleikhúsinu í haust.



GERÐUR KRISTNÝ

„Mér finnst ég þekkja þau forsetann og prinsessuna svo vel eftir leikritið að það var afar skemmtilegt að skrifa meira um þau,“ segir Gerður sem hefur auk ritstarfa verið í hlutverki kennara undanfarna daga. „Ég er að kenna í ritsmiðju fyrir átta til ellefu ára börn í Gerðubergi. Þarna sitja framtíðarrithöfundar og semja sögur og teikna bókakápur, ég held að ég læri mest af öllum þarna,“ segir Gerður. - sbt



**PRINSESSA OG FORSETI** Leikritið Ballið á Bessastöðum sem er tilnefnt til Grímuverðlaunanna sem besta barnaleikrit leikársins verður tekið aftur til sýninga í Þjóðleikhúsinu í haust. Prinsessan og forsetinn lenda svo í frekari ævintýrum í væntanlegri bók Gerðar Kristnýjar.

# Góð gjöf til framtíðar!




## TIL HAMINGJU, ÚTSKRIFTARNEMAR

Um leið og við óskum útskriftarnemum til hamingju með árangurinn bjóðum við vinum og ættingjum þjónustu okkar við val á hentugri gjöf. Eigum gríðarlegt úrval af íslenskum og erlendum gjafabókum í öllum verðflokkum sem henta tækifærinu. Við bjóðum upp á innpökkun þér að kostnaðarlausu.

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*




# Bók Björns um Baug

Bækur ★★★

**Rosabaugur yfir Íslandi**

Björn Bjarnason

**Bókaútgáfan Ugla**




Fáir munu ætla Birni Bjarnasyni að skrifa endanlega sögu Baugsmálsins. Hann var aðsópsmikill í umræðu um málið og rekstur þess tafðist um vikur eða mánuði meðan verið var að leysa úr því hvort yfirlýsingar dómsmálaráðherrans hefðu gert hann vanhæfan til að velja sérstakan saksóknara til að fara með ákæruvaldið.

En ekki skyldi afskrifa þessa bók fyrir þær sakir einar. Rosabaugur yfir Íslandi er lipurlega skrifuð og texti Björns þægilegur aflestrar. Hann hefur viðað að sér flestu því sem skrifað hefur verið og sagt um Baugsmálið og umsvif Baugsmanna í þau sex ár sem málið hélt umræðu í landinu í heljargreipum. Þessar heimildir lætur hann leiða áfram frásögnina og skýtur inn í hana athugasemdum til þess að hnykkja á skoðunum sínum eða setja málið í það samhengi sem honum hentar.

Björn heldur samviskusamlega til haga mörgum ummælum um „hvítþvegnustu viðskiptamenn Íslandssögunnar“ sem álitsgjafar og greinahöfundar létu falla meðan málareksturinn stóð yfir. Kunna þeir honum sjálfsagt litlar þakkir fyrir að halda þeim á lofti enda virka þau enn hjákátlegri nú en þá vegna þeirrar myndar sem Hrunið hefur fest í sessi af umsvifum útrásarvíkinga. Björn kveður sama stef og áður og lítur á þá sem handbendi Baugsmanna sem viðruðu opinberlega efasemdir um tilurð og meðferð Baugsmálsins. Alla gagnrýni á málareksturinn og aðkomu helstu manna Sjálfstæðisflokksins að honum sér Björn sem lið í samsæri í þágu Baugs.

Hann fer mýkri höndum um eigin yfirlýsingar og orð og gerðir samherja sinna. Allt var það víst eðlilegt og sjálfsagt og í þágu laga og réttar. Ekkert samsæri þar á ferð. Verst var að dómarar reyndust ekki hæfir til að meðhöndla svo flókin efnahagsbrot, ef marka má bókina. Þess vegna var dómurinn heldur magur þegar upp var staðið. Hann hefur reiknað út að ríkið hagnaðist á málarekstrinum – skattgreiðslur Baugs hækkuðu meira en það kostaði ríkið að reka málið. Svo er þarna spurt sígildrar spurningar sem ágætt er að íhuga: hvað má það kosta mikið í réttarríki að sækja menn til saka fyrir brot sem þeir hafa að öllum líkindum gerst sekir um?

Björn segist iðrast þess eins að hafa ekki gengið harðar fram í því að styðja við bakið á þeim opinberu starfsmönnum sem rannsökuðu Baugsmálið og sóttu fyrir dómi. Ég skil það þannig að hann hefði viljað ganga fetinu framar í umræðunni.

Ekki er að sjá að hann hafi velt því fyrir sér hvort ráðherrar og helstu trúnaðarmenn þeirra hefðu best stutt við rannsókn og saksókn Baugsmálsins með því að láta vera að sá í akur sakborninga með umdeilanlegum yfirlýsingum og athöfnum. Kannski verður skrifuð önnur bók til að skoða málið frá þeim sjónarhóli.

Þótt Birni Bjarnasyni láti líkt og flestum öðrum betur að gera reikningsskil á verkum annarra en sínum eigin hljóta áhugamenn um þjóðmál að taka bók hans fagnandi eins og öðrum sem gefnar eru út af metnaði um mál sem þjóðfélagið þarf að brjóta til mergjar og draga af nauðsynlega lærdóma. Og sumar kenningar Björns um áhrif Baugsmálsins og fjölmiðlamálsins á framgöngu stjórnmálamanna og eftirlitsstofnana í aðdraganda hrunsins eru allrar athygli verðar.

**Pétur Gunnarsson**

**Niðurstaða:** Nokkuð áhugaverð bók fyrir áhugamenn um þjóðmál þrátt fyrir takmarkaða sjálfsgagnrýni höfundar og þá gölluðu forsendu frásagnar hans að allir sem gagnrýndu meðferð Baugsmálsins hafi verið einhver handbendi sakborninga.





BRÚÐUBÍLLINN Ævintýri Lilla verða sýnd í júní, Sögur af Lilla í júlí.

## Ævintýri Lilla í Brúðubílnum

Brúðubíllinn hefur hafið göngu sína í ár og sýnir Ævintýri Lilla. Brúðubíllinn hefur verið fastur liður í menningarlífi Reykjavíkur síðastliðin 31 ár. Helga Steffensen heldur sem fyrr um stjórnartaumana en ÍTR býður öllum krökkum og fullorðnum á sýningarnar. Handrit og brúður gerir Helga Steffensen og stjórnar hún brúðunum ásamt Gígju Hólmgeirsdóttur, en bílstjóri og tæknimaður er Atli Rúnar Bender. Leikstjóri er Sigrún Edda Björnsdóttir og hefur hún verið leikstjóri hjá Brúðubílnum í sextán ár. Sýnt er á gæsluvöllum, útivistarsvæðum og skólaportum og tekur hver sýning hálfa klukkustund.

Dagskrá Brúðubílsins er á www.brudubillinn.is og www.itr.is/sumar.

# Söngferð um Vesturbæ Reykjavíkur

Saga tónlistar, hljómlistarmanna, söngvara, kóra og tónskálda verður rakin í gönguferð um gamla Vesturbæinn og Grjótaþorpið í kvöld. Leiðsögn verður í höndum Helga Þorlákssonar sagnfræðings en gönguferðin er haldin í samstarfi Ljósmyndasafns Reykjavíkur og Háskóla Íslands.

Áhugi á nýjum tónmenntum var mikill á uppbyggingarskeiðinu sem var í Reykjavík 1870 til 1920, aðdáun á orgelleik og kórsöng í Dómkirkjunni og stofnun söngs utan kirkna. „Meðal nýjunga voru samhæfður, raddaður kórsöngur, sönglagagerð, leikið var á fyrrum óþekkt hljóðfæri, hljómsveitir voru stofnaðar og menntaðir einleikarar og einsöngvarar komu fram," er haft eftir Helga í fréttatilkynningu.

Ætlunin er að ganga um Grjótaþorpið og áfram um Vesturbæinn og stansa við heimili merkra frumkvöðla á umræddu sviði, skoða ljósmyndir sem tengjast þessari sögu, hlýða á tónlist og taka lagið. Gangan tekur um einn og hálfa tíma en lagt verður af stað klukkan 20.00 frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

Helgi Þorláksson kennir sagnfræði við Háskóla Íslands og hefur fjallað töluvert um sögu Reykjavíkur í kennslu sinni. Hann ólst upp vestast í Vesturbænum og hefur áður veitt hópum leiðsögn um sögu hans, meðal annars í samvinnu við Ljósmyndasafn Reykjavíkur og haft þaðan myndir meðferðis.



TÓNLISTARLÍFIÐ BLÓMSTRAÐI Hljómsveit Oscars Johansen í Bárunni um 1912. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 9. júní**

### → Tónleikar

**20.00** Sumarfögnuður Gogoyoko verður í garði Hressingarskálans. Hljómsveitirnar Agent Fresco og Sudden Weather Change spila og boðið upp á mat og drykki. Frítt inn.

**21.30** Útgáfutónleikar rapparans Emmsjé Gauta verða í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Margir tónlistarmenn koma fram þar á meðal BlazRoca og Friðrik Dór. Aðgangseyrir kr. 1.000.

**22.00** Hljómsveitin Útidúr heldur styrktartónleika á Faktorý í kvöld. Ásamt þeim koma fram Sóley, Nolo og Jón Þór. Aðgangseyrir kr. 1.000.

**22.00** Hljómsveitirnar Andvari, Vigri og Mukkaló spila á Sódóma í kvöld. Aðgangseyrir kr. 500.

**22.00** Eðvarð Lárusson, Magnús Einarsson og Tómas Tómasson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

### → Tónlistarhátíð

**20.00** Nútímatónlistarhátíðin Frum fer fram á Kjarvalsstöðum. Kammerhópurinn Adapter beinir sjónum sínum að öfgum í nýrri tónlist. Aðgangseyrir kr. 2.000 en kr. 1.500 fyrir nema og eldri borgara.

### → Uppistand

**21.00** Gísli Einarsson og Rögnvaldur gáfaði verða með uppistand á Græna hattinum. Aðgangseyrir kr. 1.500.

### → Leiðsögn

**17.00** Fræðsluganga um Grasagarðinn þar sem steinhæðarplöntur verða skoðaðar undir leiðsögn Jóhönnu Þormar garðyrkjufræðings. Gangan hefst við aðalinngang Grasagarðsins og þátttaka er ókeypis.

**20.00** Sögu íslenskrar tónlistar verða gerð góð skil í göngu um Grjótaþorpið og gamla Vesturbæinn undir leiðsögn Helga Þorlákssonar sagnfræðings. Farið frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur og þátttaka er ókeypis.








BUBBI



GOMEZ

## > Í SPILARANUM

Bubbi og Sólskuggarnir - Ég trúi á þig
Blondie - Panic of Girls
Kaiser Chiefs - The Future Is Medieval
Spacevestite - Spacevestite
Gomez - Whatever's on Your Mind

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Aerosmith tekur upp



Rokksveitin Aerosmith er á leið í hljóðver í næsta mánuði. Liðsmenn sveitarinnar hyggjast taka upp nýja plötu, en sú síðasta, Honkin' on Bobo, kom út árið 2004.

Gítarleikarinn Joe Perry staðfesti þetta á Twitter-síðu sinni. „Öll hljómsveitin er á leið í hljóðver með Jack Douglas í annarri viku júlí til að vinna að nýrri Aerosmith-plötu," skrifaði Perry, en umræddur Jack Douglas stýrir upptökum á plötunni.

Platan verður fimmtánda hljóðversplata Aerosmith. Upptökur hafa margoft tafist vegna heilsu meðlima, tónleikaferða og óvissu um mannaskipan. Í fyrra voru háværar sögusagnir þess efnis að söngvarinn Steven Tyler ætlaði að hætta í hljómsveitinni. Þær reyndust á endanum ekki á rökum reistar og sveitin tróð upp á Download-tónlistarhátíðinni með hann í fararbroddi. Undanfarið hefur seta hans í dómarasæti í American Idol tafið upptökurnar.

**NÝ PLATA Á LEIÐINNI** Steven Tyler og félagar í Aerosmith taka upp nýtt efni í næsta mánuði.



## > PLATA VIKUNNAR

FM Belfast - Don't Want to Sleep

★★★★

„Þó að tónlistin hafi þróast er stuðið á sínum stað á FM Belfast plötu númer tvö." - TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Merkileg saga*

Margar merkilegar plötuútgáfur urðu til í Bandaríkjunum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Þetta voru tímar mikillar ævintýramennsku og einkaframtaks. Menn byrjuðu smátt, mótuðu sér stefnu og í nokkrum tilfellum urðu til stórveldi sem breyttu tónlistarsögunni. Chess og Curtom í Chicago, Stax og Hi í Memphis og Motown í Detroit eru bara nokkur dæmi.



**SAFNPAKKI** Fania-útgáfan hefur verið kölluð „Motown og Stax New York borgar".

Ein þessara útgáfa sem minna hefur farið fyrir er Fania-útgáfan sem var stofnuð í New York árið 1964 af ítalsk-amerískum lögfræðingi að nafni Jerry Masucci og Johnny Pacheco, tónlistarmanni frá Dóminíska lýðveldinu. Á næstu árum varð fyrirtæki þeirra að stórveldi sem náði yfir tólf útgáfumerki, nokkur útgáfuréttarfyrirtæki og kvikmyndadeild.

Fania sérhæfði sig í rómanskri tónlist og gaf í upphafi út mikið af salsatónlist sem hafði borist til stórborgarinnar frá Karíbahafinu; Kúbu og Dóminíska lýðveldinu. Á meðal þeirra sem gáfu út hjá Fania voru Ray Barretto, Bobby Valentin, Celia Cruz og Rubén Blades og svo The Fania All Stars, sem var eins konar ofursveit skipuð fremstu söngvurunum og hljóðfæraleikurunum sem voru á mála hjá útgáfunni. Fania starfaði til 1980 en lognaðist þá út af. Neistinn var slokknaður, Jerry Masucci var orðinn þreyttur og stjörnurnar leituðu til annarra fyrirtækja eftir samningi.

Saga Fania-útgáfunnar er rekin í tónum og texta í nýútkomnum pakka sem heitir Fania Records 1964-1980, the Original Sound of Latin New York og er gefinn út af Strut-útgáfunni, sem er þekkt fyrir vel unnar endurútgáfur. Fania-pakkinn er frábær. Sagan er rakin í máli og myndum í flottum bæklingi og diskarnir tveir fullir af eðaltónlist. Rómanska tónlistin er mest áberandi en maður heyrir líka að þeir Fania-menn hafa gert tilraunir og blandað hana soul-tónlist og fönki. Það er ekki að ósekju að Fania var stundum kölluð Motown og Stax New York borgar.

# LIMP BIZKIT SNÝR AFTUR

**Limp Bizkit er hljómsveit sem fólk annað hvort hataði eða elskaði. Hljómsveitin var gríðarlega vinsæl fyrir rúmum áratug en tilraunir til að endurheimta fyrri vinsældir hafa mistekist. Nú er liðsskipan Limp Bizkit sú sama og árið 2000 og ný plata á leiðinni.**

Árið 2008 sendu Fred Durst og Wes Borland, prímusmótorar Limp Bizkit, frá sér sameiginlega yfirlýsingu: „Við höfum ákveðið að okkur býður meira við þungri tónlist í dag en við hvorum öðrum. Óháð því hvert aðskildar leiðir okkar hafa leitt okkur viðurkennum við að í þessum hópi fólks er kraftmikil og einstök orka sem við höfum ekki fundið annars staðar. Þess vegna hefur Limp Bizkit snúið aftur."

Í kjölfarið hófst vinna að Gold Cobra, sjöttu plötu Limp Bizkit og þeirri fyrstu með upprunalegri liðsskipan síðan Chocolate Starfish and the Hot Dog Flavored Water kom út árið 2000. Tvær plötur komu út í millitíðinni, Results May Vary árið 2003 og The Unquestionable Truth (Part 1) árið 2005. Þær seldust illa, enda var tónlistarstefnan numetal, sem Limp Bizkit var í forsvari fyrir, dauð.

Fred Durst hefur verið duglegur við að senda frá sér lög og brot úr lögum af Gold Cobra og það verður að segjast að ekkert hefur breyst. Limp Bizkit er enn þá Limp Bizkit og nú er spurning hvort aðdáendahópurinn, sem var talsvert yngri þegar hljómsveitin var upp á sitt besta, ranki við sér. Hljómsveitin var ein sú vinsælasta í heimi um síðustu aldamót en þarf að heilla nýja kynslóð til að komast aftur á sama stall.

atlifannar@frettabladid.is

**16** ár frá stofnun.

**33.000.000** plötur seldar um allan heim



## RIS OG FALL

**Gengisvísitala samkvæmt bandaríska Billboard-listanum**








„Bækur eru saklausir hlutir, en rithöfundar eru ægilegar verur".
Þórbergur Þórðarson, Mitt rómantíska æði.

NORRÆNA HÚSIÐ KYNNIR:
BEATE GRIMSRUD
Á HÖFUNDAKVÖLDI #7
Fimmtudaginn 9. júní kl. 20.00

Norski rithöfundurinn Beate Grimsrud verður gestur á Höfundakvöldi Norræna hússins, fimmtudaginn 9.júní kl. 20.00. Beate Grimsrud var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2011 fyrir skáldsöguna En dåre fri .

Kynnir er Tiril Myklebost sendikennari í norsku við Háskóla Íslands.

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.**

NORRÆNA HÚSIÐ

Sturlugata 5 101 Reykjavík S. 5517030 nh@nordice.is www.norraenahusid.is


## LAGALISTINN

Vikuna 2. - 8. júní 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Adele | Someone Like You |
| ▲ | 2 | Bruno Mars | Lazy Song |
| ▼ | 3 | Ell & Nikki | Running Scared |
| ▲ | 4 | A Friend In London | New Tomorrow |
| ▼ | 5 | Bubbi Morthens | Blik augna þinna |
| ▶ | 6 | Valdimar | Yfirgefinn |
| ▲ | 7 | Katy Perry | E.T. |
| ▼ | 8 | Megas & Senuþjófarnir | Lengi skal manninn reyna |
| ▶ | 9 | Eyjólfur Kristjánsson & Björn Jörundur | Allt búið |
| ▲ | 10 | Steindi JR & Ásgeir | Djamm í kvöld |

## TÓNLISTINN

Vikuna 2. - 8. júní 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Gus Gus | Arabian Horse |
| ▲ | 2 | Ýmsir | Sjómenn: Íslenskir við erum |
| ▼ | 3 | Ýmsir | Eurovision Song Contest 2011: Düsseldorf |
| ▶ | 4 | Valdimar | Undraland |
| ▼ | 5 | Magnús og Jóhann | Ástin og lífið 1971-2011 |
| * | 6 | Sigríður Thorlacius & Heiðurspiltar | Á ljúflingshól |
| * | 7 | FM Belfast | Don't Want To Sleep |
| ▼ | 8 | Lady Gaga | Born This Way |
| ▶ | 9 | Adele | 21 |
| ▼ | 10 | Víkingur Heiðar Ólafsson | Bach / Chopin |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is

Nikon

At the heart of the image




# I AM A WINNER

## NIKON D3100 Frábær fyrir alla

Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3"LCD skjá. Allir geta tekið betri myndir með D3100

***Verð 119.995.-***

## KAUPAUKI!

Innifalið í kaupum á D3100 SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið, Taska og 4GB minniskort að verðmæti kr 22.000kr

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

## > HÆTTUR Í CSI

Laurence Fishburne mun yfirgefa CSI-sjónvarpsþáttaröðina eftir að hafa hlaupið í skarðið fyrir William Petersen síðastliðin tvö ár. Áhorfið hefur dalað á þeim tíma og því var ákveðið að endurnýja ekki samninginn við Fishburne.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Tarantino leitar til Leonardo DiCaprio

Ljóst er að bandaríski leikstjórinn Quentin Tarantino hyggst ekki svíkja aðdáendur sína með nýjustu mynd sinni. Hann hefur nú leitað til Leonardo DiCaprio í þeirri von að leikarinn taki að sér aðalhlutverkið í nýjustu kvikmynd hans, Django Unchained.

Kvikmyndin segir frá heillandi en ofbeldishneigðum eiganda skemmtistaðarins Candyland, Calvin Candie. Þar berast menn á banaspjótum og kvenkyns þrælar eru notaðir sem kynlífstól. Tarantino vill að DiCaprio leiki þennan mann. Leikstjórinn hefur þegar fengið Christoph Waltz, sem var magnaður í Inglourious Basterds, til að leika þýskan tannlækni sem hefur snúið sér að hausaveiðum. Hins vegar er Will Smith hættur við að leika þrælinn Django samkvæmt síðustu fregnum. Tarantino hefur þegar látið framleiðslufyrirtæki sitt hafa handritið en ekki er ljóst hvenær tökur hefjast.

DiCaprio hefur hins vegar úr nægum verkefnum að moða; hann leikur J. Edgar Hoover í væntanlegri kvikmynd Clints Eastwood og gæti leikið aðalhlutverkið á móti Carey Mulligan í The Great Gatsby sem ástralski leikstjórinn Baz Luhrmann hyggst gera. Þá má ekki gleyma því að DiCaprio er nýhættur með ísraelsku fyrirsætunni Bar Refaeli og að hann hefur sést með Gossip Girl-stjörnuna Blake Lively upp á arminn að undanförnu.



**MAGNAÐ TVÍEYKI** Leonardo DiCaprio og Quentin Tarantino yrðu magnað tvíeyki. Leikstjórinn vill fá leikarann til að leika ofbeldishneigðan skemmtistaðareiganda í kvikmynd sinni Django Unchained.

# Pacino í Lennon-mynd

Al Pacino er í viðræðum við handritshöfundinn og leikstjórann Dan Fogelman um að leika í kvikmynd hans Imagine. Myndin segir frá skallarokkara sem fær bréf frá John Lennon, fjörutíu árum eftir að það var skrifað, og ákveður að breyta lífi sínu með því hafa uppi á syni sínum. Upphaflega stóð til að Steve Carell léki í myndinni en hann forfallaðist sökum anna á öðrum vígstöðvum.

Fogelman er einn heitasti handritshöfundur Hollywood um þessar mundir. Hann skrifaði handritið að teiknimyndunum Cars og Tangled, sem báðar nutu mikilla vinsælda, og er einnig maðurinn á bak við handritið að gamanmyndinni My Mother‘s Curse, sem þau Seth Rogen og Barbra Streisand munu leika í á næstunni. Þá er hann með nokkur járn í eldinum, þar á meðal mynd með Tom Cruise.



**PACINO** Er í viðræðum um að leika aldraðan rokkara sem fær gamalt bréf frá John Lennon í hendurnar.

# Walker í T:5



Samkvæmt kvikmyndatímaritinu Empire er nýjasta kjaftasagan í Hollywood sú að Paul Walker eigi að leika aðalhlutverkið í fimmtu Tortímandamyndinni. Upphaflega stóð til að Arnold Schwarzenegger sneri aftur á hvíta tjaldið í þessari mynd en horfið var frá þeirri hugmynd.

Kjaftasagan um Walker á sér eðlilegar skýringar því leikstjóri Fast & Furious, Justin Lin, hefur samþykkt að gera myndina og það kemur því engum á óvart að Walker skuli vera orðaður við hlutverkið.



**LITRÍKIR PERSÓNULEIKAR** Annie Walker, sem Kristen Wiig leikur, tekst á við það að vera aðalbrúðarmærin með hjálp litríkra vinkvenna brúðarinnar, með skemmtilegum afleiðingum.

# BRÚÐARMÆR Í KRÍSU

**Undirbúningur brúðkaups getur verið skrautlegur, en því fær Annie Walker að kynnast þegar hún tekur að sér hlutverk aðalbrúðarmeyjar í brúðkaupi æskuvinkonu sinnar. Með vinsælustu grínleikkonu Bandaríkjanna í fararbroddi, Kristen Wiig, fær myndin Bridesmaids góða dóma gagnrýnenda.**

Annie Walker er einhleypur kökubakari sem vinnur fyrir sér í skartgripabúð. Þegar æskuvinkonan Lillian trúlofast og biður Annie að vera aðalbrúðarmær getur hún ekki neitað. Annie fær samt hálfgert taugaáfall þegar hún gerir sér grein fyrir ábyrgðinni sem fylgir hlutverkinu, enda er tímafrekt að skipuleggja gæsapartí, hjálpa til við að velja kjól og vera einstakur stuðningsmaður verðandi brúðar.

Með nokkrum litríkum vinkonum og vandamönnum Lillian hefst Annie handa við skipulagningu samhliða því að takast á við erfiðleika í einkalífinu, en það hrindir af stað fyndinni atburðarás.

Aðalleikkona myndarinnar, Kristen Wiig, hefur verið ein af færustu grínleikkonum vestanhafs, en hún er hluti af Saturday Night Live leikhópnum og lék meðal annars í Flight of the Conchords. Wiig fær mikið lof fyrir leik sinn í myndinni og er kölluð gyðja grínsins í dómi Rolling Stone. Í öðrum helstu hlutverkum eru þær Maya Rudolph, Rose Byrne, Melissa McCarthy, Wendi McLendon-Covey og Ellie Kempe. Leikstjóri Bridesmaids er Paul Feig, sem er með myndir á borð við Knocked Up og sjónvarpsþættina Arrested Development á ferilskránni.

Gagnrýnendur lofa myndina í hástert. Miðlar á borð við Entertainment Weekly og Wall Street Journal gefa henni til að mynda fullt hús stiga, en meðaleinkunnin er 74 stig af 100 mögulegum.

alfrun@frettabladid.is

## ÍSLENSK SMINKA Á SETTI



Sminkan **Heba Þórisdóttir** er hluti af teyminu á bak við myndina, en samkvæmt IMDB-vefnum er hún yfirmaður sminkudeildar Bridesmaids. Heba er komin með góða ferilskrá í Hollywood, en hún hefur verið með penslana á lofti í kvikmyndunum Inglourious Basterds, Kill Bill 1 og 2 og The Prestige.

Leikkonan Scarlett Johansson hefur tekið ástfóstri við sminkuna og hefur Heba séð alfarið um útlit hennar í myndunum He‘s Just Not That Into You, The Spirit, The Nanny Diaries og The Black Dahlia.

Heba Þórisdóttir farðar í þremur myndum sem komu eða koma út á þessu ári, en auk Bridesmaids sá hún um útlit Óskarverðlaunahafans Cate Blanchett í myndinni Hanna sem frumsýnd var í vor. Hún er einnig titluð yfirmaður förðunardeildar myndarinnar We Bought a Zoo, þar sem Scarlett Johansson og Matt Damon eru í aðalhlutverkum.




# Witherspoon framleiðir mynd

Óskarsverðlaunaleikkonan Reese Witherspoon hyggst framleiða og leika aðalhlutverkið í kvikmyndinni Who Invited Her? Kvikmyndaverin Sony, Paramount og Dreamworks börðust hatrammlega um myndina en að endingu hreppti síðastnefnda fyrirtækið hnossið.

Who Invited Her? fjallar um konu sem hyggst troða sér í steggjapartí góðs vinar síns. Witherspoon, sem er ein launahæsta leikkona Hollywood, leikur næst í gamanmyndinni This Means War, sem fjallar um tvo CIA-leyniþjónustumennn sem verða ástfangnir af sömu konunni. Meðal mótleikara hennar í þeirri mynd eru Chris Pine og Tom Hardy.

Witherspoon, sem síðast lék í Water for Elephants, gaf sér síðan smá tíma til að taka á móti Góðgerðarverðlaunum MTV sem hún fékk fyrir að skemmta kvikmyndaáhorfendum með frammistöðu sinni á hvíta tjaldinu undanfarin ár. Witherspoon bætist þar í hóp leikara á borð við Tom Cruise, Söndru Bullock og Jim Carrey.



**FJÖLHÆF** Reese Witherspoon hyggst framleiða og leika aðalhlutverkið í kvikmyndinni Who Invited Her?







Kíkið á okkur á **www.ntc.is** eða á facebook



**30 ÁRA AFMÆLI** leikkonunnar Natalie Portman er í dag. Hún er á hátindi ferils síns og hlaut Óskarsverðlaun í ár fyrir frábæra frammistöðu í Black Swan.

TILBOÐ
Á HÁRSNYRTIVÖRUM
25% AFSLÁTTUR
frá 20. maí til 20. júní


MARIA NILA - I CARE
Frábærar hársnyrtivörur
á mjög góðu verði.
Sölustaðir eru m.a.: Lyfja, Lyfjaver, Lyfjaval, Árbæjarapótek, Reykjavíkurapótek, Laugarnesapótek, Apótek Vesturlands

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Glíman við karlmennskuna

**Fjórir karlmenn halda af stað í ferðalag til Taílands vitandi að einn þeirra á eftir að reka einhvern af hinum þremur. Þannig hljómar söguþráðurinn í nýju verki sem sett verður upp í Austurbæ.**




**FLOTTIR FÝRAR** Karlmennirnir fjórir; þeir Jóhannes Haukur, Egill Ólafsson, Kjartan Guðjónsson og Jóhann G. Jóhannsson, ásamt leikstjóranum Gunnari Helgasyni fyrir framan Austurbæ. Gamanleikritið Alvöru menn verður frumsýnt 16. september. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég er loksins búinn að landa stærri löxum en bróðir minn,“ segir Gunnar Helgason leikstjóri. Hann hefur fengið þá Jóhann G. Jóhannsson, Kjartan Guðjónsson, Jóhannes Hauk Jóhannesson og sjálfan Egil Ólafsson til að leika aðalhlutverkin í gamanleikritinu Alvöru menn, sem frumsýnt verður í Austurbæ 16. september. Orð Gunnars eiga sér forsögu; bróðir hans Ásmundur Helgason komst í fréttirnar í vikunni fyrir veiðiskap sinn þegar hann krækti í fyrsta lax sumarsins í Norðurá.

Verkið segir frá þremur mönnum sem fá að vita af því að einn þeirra verði hugsanlega rekinn. Yfirmaðurinn ákveður þó að bjóða þeim í ferð til Taílands og í kjölfarið þurfa þeir fara í gegnum það hvernig þeir hafa hagað sínu lífi. Kjartan leikur raðgiftingagaurinn sem drekkur of mikið, á fimm börn með sex konum og er með allt of hátt kólesteról. Jóhann G. er litla músin sem allir níðast á og Jóhannes Haukur leikur unga piparsveininn sem býr í þakíbúð við Skúlagötu og safnar fallegum hlutum; bílum og konum. „Þetta er mjög fyndið verk en það sem gefur því ákveðinn auka þyngdarpunkt er að það hefur alvarlegan undirtón, þessa sjálfskoðun sem mennirnir fara í,“ segir Gunnar og bætir því við að leikararnir fjórir nýti sér hvorki leikmuni né leikmynd þannig að þeir þurfi að bregða fyrir sig alls konar látbragðsleik.

Gunnar kveðst vera feykilega ánægður með að hafa náð í þessa fjóra leikara, en þetta verður í fyrsta skipti í ansi langan tíma sem Egill Ólafsson stígur á fjalirnar. Verkið er eftir tvo Ástrala, þá Scott Rankin og Glynn Nicholas, og hyggst sá síðarnefndi koma til landsins og aðstoða við uppsetninguna. „Þetta er bara leikrit um glímu karlmannsins við karlmennskuna og þær árásir sem hún hefur orðið fyrir.“

freyrgigja@frettabladid.is






**FAGNAR PLÖTU** Fyrsta plata Emmsjé Gauta er komin út og hann fagnar henni í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stjörnurnar fagna með Emmsjé Gauta

Rapparinn Emmsjé Gauti fagnar útgáfu plötunnar Bara ég með tónleikum í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Þúsund krónur kostar inn á tónleikana og húsið verður opnað klukkan 21.30.

Bara ég er fyrsta plata Emmsjé Gauta, sem hefur getið sér gott orð undanfarið fyrir kjarnyrtan kveðskap. Hann sendi nýlega frá sér lagið Dusta rykið ásamt því að koma fram í lögum á borð við Elskum þessar mellur með Erpi Eyvindarsyni og Tvær í takinu með Gnúsa Yones.

Fjölmargir listamenn koma fram á tónleikunum ásamt Emmsjé Gauta og á meðal þeirra eru Blaz Roca, Friðrik Dór, Berndsen, Rósa í Sometime, Ljósvaki, Gnúsi Yones, Dabbi T og Intr0Beats. Þá hita rappararnir Diddi Fel og Class B upp ásamt Intr0Beats.

Bara ég inniheldur þrettán lög sem Emmsjé Gauti samdi ásamt mörgum þungaviktarmönnum úr íslensku tónlistarlífi. Síðustu misseri hefur hann verið duglegur við að koma fram á tónleikum og hitaði meðal annars upp fyrir Busta Rhymes og Promoe úr sænsku rapphljómsveitinni Loop Troop. - afb



**BERNDSEN** Treður upp með Emmsjé Gauta.


Jibbí jei!
9.-16. júní
Hverskyns „Body Butter“-húðnæring
með 25% afslætti
Verðdæmi: Coconut Body Butter verð áður 2190 kr. **Verð nú 1640 kr.**
THE BODY SHOP®
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
GLERÁRTORGI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

# Sökuð um framhjáhald

Tímaritið In Touch Weekly heldur því fram að Kim Kardashian hafi haldið framhjá núverandi unnusta sínum Kris Humphries með NFL-stjörnunni Bret Lockett og að framhjáhaldið hafi staðið yfir í fimm mánuði. Talsmenn raunveruleikastjörnunnar segja sögusagnirnar fráleitar og segja að Kardashian hafi ekki einu sinni heyrt á manninn minnst áður. Annað segir Bret Lockett sjálfur, sem lætur hafa eftir sér í viðtali við blaðið að Kardashian hafi verið sú sem sótti í hann. „Ég vissi að þetta væri leikur hjá henni. Þetta er það sem hún gerir,“ sagði leikmaðurinn í viðtalinu. Á forsíðu In Touch er einnig tekið fram að Kardashian og Lockett hafi stundað símakynlíf og sent dónaleg smáskilaboð sín á milli. Kim Kardashian ætlar að lögsækja blaðið og meintan ástmanninn fyrir ummælin.



**SEGIST ALSAKLAUS** Tímaritið In Touch Weekly sakar Kim Kardashian um framhjáhald í næsta tölublaði sínu. Kardashian neitar því alfarið og undirbýr lögsókn.

Ekki eru liðnar nema nokkrar vikur síðan tilkynnt var um trúlofun Kim Kardashian og Kris Humphries, en þau kynntust í nóvember í fyrra. Umrætt tölublað In Touch Weekly kemur út hinn 20. júní.

# Skjólstæðingur Jay-Z ákærður fyrir skotárás

Rapparinn K Koke, breskur skjólstæðingur Jay-Z, hefur verið ákærður fyrir morðtilraun.

K Koke er nú í gæsluvarðhaldi sakaður um aðild að skotárás á Harlesden-lestarstöðinni í mars. Hann er 25 ára gamall og er á mála hjá útgáfufyrirtækinu Roc Nation, sem er stýrt af rapparanum Jay-Z.



K Koke er sá fimmti sem handtekinn er í tengslum við skotárásina, sem 27 ára gamall maður rétt lifði af. Hin handteknu auk hans eru unglingar á aldrinum 16 til 20 ára.

**MEÐ BÓFA Í VINNU** Jay-Z þarf eflaust að endurskoða ráðningastefnu útgáfufyrirtækis síns, Roc Nation.

# Bera hag Íslands fyrir brjósti

**Núningurinn milli búlgarska tónleikahaldarans og Íslandsstofu virðist til lykta leiddur. Tónleikahaldarinn lofar góðu stuði og segist aðeins hafa ætlað að kynna Ísland og íslenska menningu.**

„Þetta er bara einhver leiður misskilningur og ég er búinn að ræða við þau hjá Íslandsstofu og útskýra fyrir þeim hvernig í málinu liggur,“ segir Simeon Vasilev, ritstjóri DJ MAG Bulgaria og forsprakki 17. júní-tónleika á offiseraklúbbnum í miðborg höfuðborgarinnar Sofiu.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá stendur til að halda þjóðhátíðardag Íslendinga hátíðlegan í Búlgaríu með tónleikahaldi, sem er allt gott og blessað nema að í búlgörskum fjölmiðlum var því haldið fram að landkynningarverkefnið Inspired by Iceland kæmi að þessum tónleikum, sem skarta meðal annars Láru Rúnarsdóttur og plötusnúðnum President Bongo. Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður markaðssóknar hjá Íslandsstofu, vísaði því hins vegar á bug að Inspired by Iceland kæmi nokkuð nálægt þessu og bætti því við að vörumerkið hefði aldrei verið notað án vitundar Íslandsstofu áður og að málið yrði skoðað í framhaldinu. Fréttablaðinu barst í gær yfirlýsing frá Ingu Hlín þar sem kemur fram að hvorki Inspired by Iceland né Íslandsstofa setji fjármagn í viðkomandi viðburð. „Við höfum kannað málið og allt var þetta með góðum vilja viðkomandi tónleikahaldara að hafa merki Inspired by Iceland í auglýsingu viðburðarins. Við gerum ekki athugasemdir við þetta og vonum að tónleikarnir takist sem allra best í landkynningarskyni og fyrir þær íslensku hljómsveitir sem taka þátt.“

Vasilev segir að Inspired by Iceland hafi aldrei komið neitt nálægt þessu, það sé íslenski konsúllinn í Búlgaríu sem standi við bakið á tónleikahöldurum og greiði fyrir tónleikana úr eigin vasa. Sjálfur hafi hann mikla reynslu af tónleikahaldi og hann tekur skýrt fram að þjóðhátíðardansleikurinn verði með glæsilegasta móti; öllu verði kostað til. „Við viljum ekki vera með nein leiðindi heldur ætlum bara að kynna Ísland og íslenska menningu. Við berum hag Íslands fyrir brjósti.“

freyrgigja@frettabladid.is



**ENGAR ÁHYGGJUR**

**Lára Rúnarsdóttir** og **President Bongo** þurfa engar áhyggjur að hafa þótt Inspired by Iceland komi ekki nálægt tónleikunum í Búlgaríu; tónleikahaldarinn Vasilev ábyrgist að tónleikarnir verði með glæsilegasta móti.




# Gerir mynd um Taylor og Burton

Óskarsverðlaunaleikstjórinn Martin Scorsese hefur tryggt sér kvikmyndaréttinn að bókinni Furious Love en hún fjallar um stormasamt samband kvikmyndastjarnanna Elizabeth Taylor og Richard Burton.

Taylor og Burton giftust í tvígang. Fyrra hjónabandið entist í tíu ár, frá 1964 til 1974 en það seinna stóð yfir í aðeins nokkra mánuði, frá október 1975 til júlí 1976. Samband þeirra hjóna var með eindæmum viðburðaríkt og telja margir að þau hafi hreinlega fært það upp á hvíta tjaldið í kvikmyndinni Who's Afraid of Virginiu Wolf.

Burton, sem var alla tíð mikill drykkjumaður, sagði eitt sinn að það væri hreinasta firra að konan sín væri fallegasta kona heims. „Hún hefur yndisleg augu en hún er með undirhöku, ljót brjóst og fremur stutta fætur.“



**Á HVÍTA TJALDIÐ** Samband Richards Burton og Elisabeth Taylor verður brátt að kvikmynd í leikstjórn Martins Scorsese.

Taylor lét þetta ekki á sig fá heldur lýsti því yfir að hún hefði aldrei elskað neinn mann, þrátt fyrir sín átta hjónabönd, eins og Burton.

# Eva Longoria búin að læra táknmál

Eva Longoria hefur nú lært táknmál til þess að ná til heyrnarlausra aðdáenda sinna, en hún gaf nýlega út uppskriftabókina Eva's Kitchen. „Fjölmargir heyrnarlausir einstaklingar hafa keypt eintak af bókinni minni og ég hef náð að tala til þeirra með táknmáli um uppáhalds uppskriftirnar og hvað þeir eigi að elda,“ sagði Longoria á hátíðarsamkomu um helgina. Hún sagðist þekkja vel þá tilfinningu að tilheyra minnihlutahópi. „Margir innan minnar fjölskyldu tilheyra minnihlutahópi og það gleður mig að geta talað þeirra máli,“ sagði Longoria.



**LÆRÐI TÁKNMÁL** Eva Longoria lærði táknmál til þess að ná til aðdáenda sinna.

# VERÐHRUN
# Í OUTLET 10
# LOKAHELGIN

## Enn meiri verðlækkun
## Opið alla Hvítasunnuhelgina

**Opið á Hvítasunnudag og annan í Hvítasunnu frá 12 -18**

**500 kr. - 1000 kr. - 2000 kr. - 3000 kr. - 4000 kr. - 5000 kr.**

80%

90%

Sparkz Dömuvörur frá: 1000 kr.

!Solid herraúlpur og vesti, frábært í útiveruna. Fjórir litir. 1000 kr.

Flottar hettupeysur á unglinginn á 2000 kr.

Spot On skór. Verð frá 500 kr.

Herra skyrtur frá 1000 kr.

70%

Sokkaðu þig upp! 3 í pakka á 500 kr.

ALLT Á AÐ KLÁRAST




Fullt af flottum skóm á 2000 kr.

**OPIÐ:** MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 18 erum á facebook




**OUTLET 10**
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

SAMBÍÓIN




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 6 - 8 - 9 - 10:20 - 11:10 | 12 |
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | kl. 5 - 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ensku. Tali | kl. 10:50 Ótextuð | L |
| KUNG FU PANDA 2 ensku. Tali | kl. 6 - 10:20 Með Texta | L |
| PIRATES 4 | kl. 6(2D) - 8(3D) - 10(2D) | 10 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6 - 9 | 10 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER PART II | kl. 5.40 - 8 - 8.20 -10.20 - 11 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | kl. 5 - 8 -10.45 | 14 |
| KUNG FU PANDA 2 3D ísl tal | kl. 4 - 6 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 5 - 8 - 10.40 | 10 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 3D ensku. Tali | kl. 8:10 - 10:20 Ótextuð | L |
| THE HANGOVER 2 | kl. 6 - 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6(2D) - 9(2D) | 10 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 8 | 10 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 10:45 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| BRIDESMAIDS Í LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ENSKT TAL 3D | KL. 8 | L |
| PIRATES 4 3D | KL. 5 - 8 - 10 | 10 |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| HÆVNEN | KL. 5.40 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 8 - 10.30 | 12 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BRIDES MAIDS | 4, 6.30 og 9 |
| X-MEN: FIRST CLASS | 7 og 10.10 |
| KUNG FU PANDA 2 3D - ISL TAL | 4 og 6 |
| KUNG FU PANDA 2 3D - ENS TAL | 4 - ÓTEXTUÐ |
| PAUL | 8 |
| FAST & FURIOUS 5 | 10 |


# Emmu Watson var ekki strítt

Harry Potter leikkonan Emma Watson tjáir sig um brotthvarf sitt úr Brown-háskólanum í viðtali við tímaritið Style, fylgirit Sunday Times. Hin 21 árs gamla leikkona hætti í skólanum í apríl síðastliðnum. Þá greindu fjölmiðlar frá því að henni hefði verið strítt á frægð sinni og þess vegna hefði hún hrakist úr skólanum. Watson segir það ekki rétt.

„Mér fannst mjög leiðinlegt þegar sagt var að ég hefði hætt í Brown vegna þess að mér hefði verið strítt. Það er ekki rétt, þetta var eiginlega þveröfugt," segir Watson, sem segir enn fremur að hún hafi aldrei verið beðin um eiginhandaráritanir eða að sitja fyrir á myndum í skólanum.

Watson segir að ástæða þess að hún hætti í háskóla hafi verið sú að hún hafi verið í afneitun um frægð sína. „Ég var að reyna að vera venjuleg en ætli ég verði ekki að sætta mig við hver ég er, stöðuna sem ég er í og hvað hefur gerst."

Síðasta Harry Potter myndin, Dauðadjásnin 2, verður frumsýnd á næstu vikum en Watson er með fleiri járn í eldinum. Hún leikur á móti Michelle Williams í mynd um Marilyn Monroe og er um þessar mundir að leika í annarri mynd með Paul Rudd.



**SÆTTIR SIG VIÐ FRÆGÐINA** Emma Watson segir að hún þurfi að horfast í augu við það að hún sé fræg og verði að haga sér í samræmi við það. NORDICPHOTOS/GETTY

# Alvöru íslensk tónlistarhátíð

**Besta útihátíðin hefur blásið út og er að breytast í alvöru tónlistarhátíð að erlendri fyrirmynd. Hátíðin á að verða að árlegum viðburði.**

„Miðasalan hefur gengið rosalega vel. Þetta verður klikkað," segir Andri Ómarsson, aðalskipuleggjandi Bestu útihátíðarinnar sem fer fram helgina 8.-10. júlí að Gaddstaðaflötum á Hellu.

Dagskráin er nú svo gott sem fullskipuð en Emmsjé Gauti, Of Monsters and Men, Hvanndalsbræður, The Vintage Caravan, Trausti Laufdal og The Dandelion Seeds hafa slegist í hóp þeirra fjölmörgu listamanna sem þegar hafa staðfest komu sína. Aðalnúmerin verða Quarashi, GusGus, XXX Rottweiler, SSSól og fleiri.

„Besta útihátíðin er gerð að erlendri fyrirmynd, en okkur finnst hafa vantað alvöru tónlistarhátíð á Íslandi," segir Andri. „Við erum með stórt svið og tvö tjöld, og svo hefst dagskráin um miðjan dag og stendur alveg fram á nótt," segir Andri, sem telur hátíðina komna til að vera. „Það hefur enginn gert neitt þessu líkt áður, en viðtökurnar eru búnar að vera mjög góðar og við stefnum að því að endurtaka leikinn að ári."

Forsala á Bestu útihátíðina fer fram í Kringlunni, Smáralind og á Akureyri og er miðinn á 7.900 krónur. kristjana@frettabladid.is



**HELDUR ALVÖRU TÓNLISTARHÁTÍÐ** Andri Ómarsson er aðalskipuleggjandi Bestu útihátíðarinnar sem fram fer 8.-10. júlí. Dagskráin á hátíðina er næstum fullkláruð, en sjö ný atriði bættust við í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**VÆRI TIL Í PRINSINN** Söngkonan Adele væri til í að fara á stefnumót með Harry Bretaprins, þrátt fyrir að vera lítið gefin fyrir rauðhærða.

# Skotin í Bretaprinsi

Söngkonan Adele segist gjarnan vilja fara út með Harry Bretaprins og telur að þau myndu ná vel saman. „Ég er að eltast við Harry Bretaprins. Ég sagðist aldrei ætla að fara út með rauðhaus, en þetta er Bretaprinsinn!" sagði söngkonan í viðtali við tímaritið Glamour. Þrátt fyrir að vilja fara út með prinsinum er Adele lítið fyrir að opinbera einkalíf sitt. „Ég hef farið á nokkur stefnumót með þekktum einstaklingum en mér líkar ekki öll sú athygli sem þeim fylgir."



**ÞRIÐJA BARNIÐ** Jennifer Connelly og Paul Bettany eru hamingjusöm.

# Þriðja barnið hjá Connelly

Leikkonan Jennifer Connelly og eiginmaður hennar, leikarinn Paul Bettany, eignuðust dóttur á dögunum. Fyrir áttu hjónin hinn sjö ára gamla Stellan, en Connelly átti einnig hinn þrettán ára gamla Kai með fyrrum kærasta sínum, David Dugan. Dóttirin hefur hlotið nafnið Agnes Lark, en leikkonan fæddi hana á heimili hjónanna í New York. „Öllum heilsast vel," sagði talsmaður leikkonunnar.


BÍÓ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER | 18:00, 20:00, 22:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 20:00, 22:00 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 18:00 |
| ROUTE IRISH | 20:00, 22:10 |
| BÖRN (ENGLISH SUBTITLES) | 18:00 |
| FORELDRAR (ENGLISH SUBTITLES) | 20:00 |
| VILLILJÓS (ENGLISH SUBTITLES) | 22:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



25°C heitt tilboð
fimmtudag til mánudags
EAGLES WELCOME TO ICELAND
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
40%
TRISTAR hitablásari
Verð áður 4.990
Tilboðsverð 2.990
Þú sparar 2.000
50%
GJALLARHORN
Verð áður 2.999
Tilboðsverð 1.500
Þú sparar 1.499
50%
BBQ rifjagrind
Verð áður 2.519
Tilboðsverð 1.260
Þú sparar 1.260
Þú sparar 8.750
WEBER gasgrill Q220
Verð áður 69.999
Tilboðsverð 61.249
Þú sparar 8.750
43%
STÁLBRÚSI 1 lítra
Verð áður 3.497
Tilboðsverð 1.997
Þú sparar 1.500
50%
MULTI TOOL 15 aðgerðir
Verð áður 1.999
Tilboðsverð 1.000
25%
KÆLITASKA 16 lítra
Verð áður 1.999
Tilboðsverð 1.499
20%
KANNA með kælielementi
Verð áður 2.499
Tilboðsverð 1.999
30%
SUMARFLASKA 1 lítra
Verð áður 999
Tilboðsverð 699
Þú sparar 20.000
WEBER gasgrill Premium E310
Verð áður 159.999
Tilboðsverð 139.999
Þú sparar 20.000
30%
GRILLBURSTI
Verð áður 499
Tilboðsverð 349
43%
HJÓLALÁS
Verð áður 1.749
Tilboðsverð 999
WASSERMAXX
Sódavatnstæki
Verð áður 12.990
Tilboðsverð 10.990
Þú sparar 2.000
50%
FERÐA GASHELLA
Verð áður 7.796
Tilboðsverð 3.898
Þú sparar 3.898
30%
KÆLIFATA
Verð áður 3.999
Tilboðsverð 2.799
Þú sparar 1.200
Þú sparar 7.000
WEBER gasgrill Q120
Verð áður 49.999
Tilboðsverð 42.999
Þú sparar 7.000
50%
HJÓLA VIÐGERÐARSETT
Verð áður 1.999
Tilboðsverð 1.000
Þú sparar 999
22%
GARMIN LEIÐSÖGUTÆKI
Nuvi 1440
Verð áður 44.900
Tilboðsverð 34.900
Þú sparar 10.000
Brúðargjafa-
listi
Ávinningur brúðhjóna
• INNEIGN: 6,77-10% eykst við hverja úttekt.
• HAPPDRÆTTI: Glæsilegir vinningar í boði.
• GÓÐGERÐAMÁL: brúðhjón sem skrá sig á lista leggja lið góðgerðarmáli að eigin vali með okkar hjálp.
30%
WOK grillgrind
Verð áður 2.499
Tilboðsverð 1.749
20%
GARMIN hlaupaúr
Forerunner 110 án púlsmælis
Verð áður 34.900
Tilboðsverð 27.920
Þú sparar 6.980
25%
GRILLPRO pizzagrind
Verð áður 2.999
Tilboðsverð 2.249
50%
KÆLIELEMENT 400gr
Verð áður 999
Tilboðsverð 500
20%
KÆLIBOX 30 lítra
Verð áður 4.990
Tilboðsverð 3.992
20%
REMINGTON ferðarakvél
Verð áður 5.999
Tilboðsverð 4.799
Þú sparar 1.200
20%
REMINGTON ferðahárblásari
Verð áður 4.990
Tilboðsverð 3.990
Þú sparar 1.000
Þú sparar 20.000
40%
EXQUISIT kæliskápur 85cm
Verð áður 49.900
Tilboðsverð 29.900
Þú sparar 20.000

# sport

sport@frettabladid.is



**HK-INGAR** ætla að reyna að létta á heimavallarvandræðum sínum í 1. deild karla í fótbolta með því að spila heimaleik sinn við Víking Ólafsvík klukkan 20.00 í kvöld í Fagralundi í stað þess að spila hann á Kópavogsvelli þar sem HK-liðið hefur tapað öllum þremur leikjum sínum í sumar. Leikurinn er þó ekki færður vegna slæms gengis heldur vegna slæms ástands Kópavogsvallar.

# Síðustu bensíndroparnir fara í Austurríkisleikinn

**Strákarnir okkar kláruðu skylduverkefnið í Lettlandi í gær, unnu nauman en nauðsynlegan sigur og framundan er því hreinn úrslitaleikur við Austurríki í Laugardalshöllinni á sunnudaginn. Þjóðverjar tryggðu sér farseðilinn á EM.**

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið er einum sigri frá því að tryggja sér sæti á sjöunda Evrópumótinu í röð eftir 29-25 sigur í Lettlandi í gær. Þjóðverjar unnu átta marka sigur í Austurríki og eru því komnir í úrslitakeppnina í Serbíu en Ísland mætir Austurríki í Laugardalshöllinni á sunnudaginn í hreinum úrslitaleik um sæti á EM 2012.

„Það er verulegur léttir að hafa klárað þennan leik,“ sagði Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari eftir leikinn í gær. Leikur íslenska liðsins í Lettlandi var langt frá því að vera sannfærandi en sem betur fer tókst strákunum þá að landa sigrinum og halda lífi í voninni um að komast til Serbíu. Ísland komst í 12-4 í upphafi og var 17-11 yfir í hálfleik en Lettarnir náðu að minnka muninn í eitt mark um miðjan seinni hálfleik.

„Fyrstu tíu til tólf mínúturnar er markvarslan döpur og vörnin mjög döpur. Við gerum okkur seka um tæknimistök í sóknarleiknum og klúðrum hverju dauðafærinu á fætur öðru. Það þýddi bara að við hleyptum þeim inn í leikinn á mettíma. Það var ekki gott því við vorum búnir að vinna okkur í fína stöðu og þetta leit mjög vel út enda varnarleikurinn grimmur,“ sagði Guðmundur.

Guðjón Valur Sigurðsson lék lengstum sem leikstjórnandi í fjarveru Snorra Steins Guðjónssonar og Arons Pálmarssonar sem eru meiddir. Guðjón Valur var markahæstur í íslenska liðinu með níu mörk og Róbert Gunnarsson skoraði sex mörk þar af fjögur þeirra á síðustu 15 mínútunum. Alexander Petersson skoraði 4 mörk og komu þau öll í fyrri hálfleik. Björgvin Páll Gústavsson varði 17 skot í íslenska markinu.

Guðjón Valur stóð sig mjög vel engu að síður og gerði mjög mikilvæga hluti fyrir liðið. Við spiluðum ákveðna leikaðferð á lokaflanum sem gekk upp og Róbert náði að gera mikilvæg mörk. Það voru bara of margir ekki að spila nægilega vel til þess að við gætum unnið öruggari sigur,“ sagði Guðmundur.

Það þurfa allir að skila sínu í leiknum í Höllinni á sunnudaginn. „Nú er bara að gefa allt í botn í leiknum á móti Austurríki á sunnudaginn. Það er lífsspursmál fyrir okkur að fá fulla höll því þetta er svo mikilvægur leikur, leikur upp á líf eða dauða,“ sagði Guðmundur og bætti við:

„Þetta er orðið langt tímabil hjá mörgum og margir eru búnir að spila mjög mikið. Það hefur sínar afleiðingar. Síðustu bensíndroparnir munu fara í leikinn á móti Austurríki og ég treysti því að menn muni gefa sig í það. Ég veit að við getum spilað miklu betur og við gerðum það líka á köflum. Í leiknum á móti Austurríki þurfum við að spila vel í 60 mínútur til þess að fara með sigur af hólmi við getum það að sjálfsögðu,“ sagði Guðmundur en það verður óvissa um stöðuna á leikstjórnendum liðsins fram að leik.

„Það er erfitt að meta stöðuna á Aroni og Snorra. Ég hef trú á því að Aron komi inn í liðið og Snorri jafnvel líka. Auðvitað veit ég það ekki en við þurfum á hverjum einum og einasta að halda í þessum leik. Læknateymið og sjúkraþjálfararnir eru undir pressu núna,“ sagði Guðmundur að lokum. **ooj@frettabladid.is**




**LÉK SEM LEIKSTJÓRNANDI** Guðjón Valur Sigurðsson átti flottan leik í gær og var markahæstur með 9 mörk. Hann lék lengstum sem leikstjórnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BERGLIND BJÖRG** Skoraði bæði mörk ÍBV-liðins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eyjastúlkur með fullt hús:

## Birna heldur enn þá hreinu

**FÓTBOLTI** Nýliðar ÍBV héldu áfram sigurgöngu sinni í Pepsi-deild kvenna með því að vinna 2-0 sigur á hinum nýliðunum í Þrótti í gær. Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoraði bæði mörkin og hefur því skorað 4 mörk í fyrstu 4 umferðunum.

„Ég er mjög ánægð með þennan leik. Við erum búnar að byrja vel og þetta er bara mjög gaman,“ sagði Berglind Björg eftir leikinn. „Ég bjóst ekki við þessari byrjun en þetta er skemmtilegur hópur og við erum að ná mjög vel saman. Ég sé svo ekki eftir að hafa farið út í Eyjar,“ sagði Berglind sem er fædd í Eyjum en spilaði með Breiðabliki undanfarin ár. Það er greinilegt að hún kann vel við sig á heimaslóðunum en 3 af 4 marka hennar í sumar hafa komið á Hásteinsvellinum.

Eyjaliðið hefur unnið alla fjóra leiki sína í sumar með markatölunni 14-0 og Birna Berg Haraldsdóttir 17 ára markvörður ÍBV, á enn eftir að fá á sig mark í sumar. **- óój**

## ÚRSLIT Í GÆR

*Undankeppni EM í handb.*

**Lettland-Ísland** 25-29 (11-17)

Mörk Íslands (Skot): Guðjón Valur Sigurðsson 9 (14), Róbert Gunnarsson 6 (8), Alexander Petersson 4 (8), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (4), Arnór Atlason 2 (5), Ólafur Guðmundsson 2 (2), Ólafur Stefánsson 2/1 (5/1), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Oddur Gretarsson 1 (3).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 17/1 (42/3, 40%)
Hraðaupphlaupsmörk: 8 (Guðjón Valur 5, Ólafur 1, Alexander 1, Ingimundur 1)
Fiskuð víti: 1 (Róbert)

**Austurríki-Þýskaland** 20-28 (8-15)

**STAÐAN Í RIÐLINUM:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Þýskaland** | **5** | **3** | **1** | **1160-128** | **7** |
| Austurríki | 5 | 3 | 1 | 1 136-126 | 7 |
| **Ísland** | **5** | **3** | **0** | **2144-149** | **6** |
| Lettland | 5 | 0 | 0 | 5 118-155 | 0 |

**LOKAUMFERÐIN:**

| | |
|---|---|
| Ísland-Austurríki | sun. kl. 16.30 |
| Þýskaland-Lettland | sun kl. 13.00 |

*Pepsi-deild kvenna*

**ÍBV-Þór/KA** 2-0
1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (16.), 2-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (49.)

**Stjarnan-KR** 2-1
0-1 Berglind Bjarnadóttir (52.), 1-1 Gunnhildur Yrsa Jónsdþ (63.), 2-1 Inga Birna Friðjónsd. (75.)

**Fylkir-Afturelding** 3-1
1-0 María Kristjánsdóttir (15.), 2-0 Laufey Björnsdóttir (20.), 2-1 Elín Svavarsdóttir (36.) 3-1 Rúna Sif Stefánsdóttir (81.)

**Grindavík-Breiðablik** 1-5
0-1 Fanndís Friðriksdóttir (12.), 0-2 Greta Mjöll Samúelsdóttir (20.), 0-3 Greta Mjöll (30.), 0-4 Greta Mjöll (33.), 1-4 Sarah Wilson (54.), 1-5 Ásta Eir Árnadóttir (62.)

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍBV** | **4** | **4** | **0** | **0** | **14-0** | **12** |
| Stjarnan | 4 | 3 | 0 | 1 | 10-3 | 9 |
| **Valur** | **3** | **2** | **1** | **0** | **4-2** | **7** |
| Þór/KA | 3 | 2 | 0 | 1 | 5-7 | 6 |
| **KR** | **4** | **1** | **2** | **1** | **4-4** | **5** |
| Breiðablik | 4 | 1 | 1 | 2 | 7-6 | 4 |
| **Fylkir** | **4** | **1** | **1** | **2** | **5-8** | **4** |
| Afturelding | 4 | 1 | 1 | 2 | 4-8 | 4 |
| **Þróttur R.** | **4** | **0** | **2** | **2** | **2-8** | **2** |
| Grindavík | 4 | 0 | 0 | 4 | 2-11 | 0 |

**Upplýsingar** um markaskorara er fengnar af vefsíðunni fótbolti.net.



**ARON KIRSTJÁNSSON** Var sigursæll með Haukum 2007-2010. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Aron þjálfar Hauka á ný:

## Haukar eiga að slást um titilinn

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson tók við Haukaliðinu á ný í gær og skrifaði undir þriggja ára samning um að þjálfa meistaraflokk félagsins. Aron gerði Hauka að Íslandsmeisturum þrjú ár í röð þegar hann var með liðið síðast.

„Við náðum að vinna þrjú ár í röð sem var frábært og félagið er búið að vinna marga titla síðan 2000. Það er klárlega stefnan að fara strax með liðið í toppbaráttuna og slást um þessa titla sem í boði eru.

Stefnan er sett strax þangað á næsta ári. Það má ekki gerast aftur að Haukarnir missi af úrslitakeppninna,“ sagði Aron en eins og sjá má hér fyrir neðan hefur verið mikill munur á gengi Hauka með Aroni og tímabilin á undan og eftir að hann var með liðið.

„Það er enginn að segja að Haukar þurfi að vera meistarar á hverju ári en bara að Haukar eiga að slást um titilinn á hverju ári,“ sagði Aron sem krefst þess að sínir strákar leggi mikið á sig og er þegar farinn að láta þá svitna.

„Þetta reynir á mig og þetta reynir líka á strákana því þeir þurfa auðvitað að sýna sig og sanna að þeir séu þess verðugir að koma Haukum aftur í fremstu röð,“ segir Aron. **- óój**

### Ár Hauka með Aroni

| | |
|---|---|
| 2007-08 | Íslandsmeistari |
| 2008-09 | Íslandsmeistari |
| 2009-10 | Íslandsmeistari |

**- Samantekt á Íslandsmótsleikjum-**

| | |
|---|---|
| **Leikir:** 84 | **Sigrar - töp:** 60-15 |
| **Titlar:** 7 | **Sigurhlutfall:** 76,8 prósent |

### Ár Hauka án Arons

| | |
|---|---|
| 2010-11 | 5. sæti |
| 2006-07 | 6. sæti |

**- Samantekt á Íslandsmótsleikjum-**

| | |
|---|---|
| **Leikir:** 42 | **Sigrar - töp:** 13-21 |
| **Titlar:** 0 | **Sigurhlutfall:** 40,5 prósent |

Breiðablik og Fylkir unnu langþráða sigra í Pepsi-deild kvenna í gær og Greta Mjöll skoraði þrjú í Grindavík:

# Inga Birna tryggði Stjörnunni þrjú stig

**FÓTBOLTI** Stjarnan komst upp í annað sætið í Pepsi-deild kvenna eftir 2-1 sigur á KR á gervigrasinu í Garðabæ í gærkvöldi en Stjörnukonur eru búnar að vinna alla þrjá leiki sína á teppinu í sumar. Valur getur náð öðru sætinu á ný með sigri á Þór/KA í kvöld.

Inga Birna Friðjónsdóttir tryggði Stjörnunni þrjú stig með því að skora sigurmarkið 18 mínútum fyrir leikslok eftir að fyrirliði Stjörnunnar, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, hafði jafnað leikinn eftir klukktíma leik. Berglind Bjarnadóttir kom KR í 0-1 eftir fimm mínútna leik í seinni hálfleik.

„Þetta var erfitt en tókst að lokum. Eftir að við lentum undir þá fórum við bara að spila og þá kom fyrst munurinn á liðunum í ljós. Við spiluðum vel í 25 mínútur í seinni hálfleik og það nægði til sigurs,“ sagði Þorlákur Árnason, þjálfari Stjörnunnar í viðtali við Sporttv.is eftir leikinn.

Breiðablik og Fylkir unnu bæði sína fyrstu sigra í sumar.



**AFTUR Á SIGURBRAUT** Stjörnukonan Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir er hér á undan KR-ingnum Freyju Viðarsdóttur í leik liðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Greta Mjöll Samúelsdóttir fór heldur betur í gang í Grindavík þegar Breiðablikskonur unnu 5-1 sigur en Greta Mjöll skoraði þrennu í fyrri hálfleik í leiknum. Breiðablik hafði aðeins fengið eitt stig og skorað tvö mörk í fyrstu þremur leikjum sínum í deildinni en stíflan brast loksins í kvöld en staðan var orðin 4-0 í hálfleik.

Greta Mjöll skoraði mörkin sín á 20., 30. og 33. mínútu en Fanndís Friðriksdóttir hafði komið Breiðabliki í 1-0 á 12. mínútu. Sarah Wilson minnkaði muninn á 54. mínútu en Ásta Eir Árnadóttir innsiglaði sigurinn.

Fylkir fagnaði sínum fyrsta sigri í deildinni í sumar þegar liðið vann 3-1 sigur á Aftureldingu á Fylkisvellinum. María Kristjánsdóttir, Laufey Björnsdóttir og Rúna Sif Stefánsdóttir skoruðu mörk Fylkis en Elín Svavarsdóttir minnkaði muninn í 2-1 í fyrri hálfleik. **- óój**


SUMAR
TILBOÐ
NÝR 4BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF TILBOÐUM
AÐEINS EINN Á MANN
4GB MINNISLYKILL
Örsmár og nettur USB 2.0 minnislykill á ótrúlegu tilboði, fyrstir koma fyrstir fá!
1.490
8GB 3.990 • 16GB 7.990
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
24”BENQ LCD SKJÁR
BENQ G2420HDB FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði
29.900
ÓTRÚLEGT VERÐ Á 24” LCD
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
1TB FLAKKARI
Ótrúleg tilboðsverð á glæsilegum Seagate, WD og Samsung USB2 flökkurum
9.990
1.5TB 12.900 • 2TB 16.900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
packard bell
SONY
TOSHIBA



**JORDAN HENDERSON** Mun spila með Liverpool næsta vetur. MYND/GETTYIMAGES

Enskir U-21 árs leikmenn:

## Tveir keyptir af stórliðum í gær

**FÓTBOLTI** Liverpool festi í gær kaup á miðjumanninum Jordan Henderson frá Sunderland en kaupverðið er talið vera um 20 milljónir punda.

Erkifjendurnir í Manchester United láta heldur ekki sitt eftir liggja því þeir sigruðu í kapphlaupinu um Phil Jones, varnarmann Blackburn Rovers.

Talið er að Sir Alex Ferguson hafi þurft að reiða fram 16 milljónir punda til að tryggja sér þjónustu kappans. Jones á þó eftir að standast læknisskoðun hjá ensku meisturunum.

Leikmennirnir eru báðir í U-21 landsliðshópi Englands fyrir Evrópumótið í Danmörku en margir leikmenn á Evrópumótinu vonast örugglega eftir því að sanna sig í þessum stóra glugga og þar á meðal eru margir strákar í íslenska 21 árs landsliðinu. - ktd

# Verkfall lengdi ferðalag strákanna

**„Fall er fararheill," sagði Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari þegar ljóst var að U-21 landslið Íslands næði ekki fyrstu æfingu sinni úti í Danmörku þar sem ferðalagið út tók miklu lengri tíma en áætlað var.**

**FÓTBOLTI** Ekki er hægt að segja að för íslenska U-21 landsliðsins til Danmerkur hafi farið vel af stað. Verkfall flugvirkja Icelandair setti ferðaáætlun liðsins úr skorðum og varð til þess að liðið gat ekki æft í Álaborg í gærkvöldi eins og til stóð. Fyrsta æfing liðsins verður því fyrir hádegi í dag.

Flugi Icelandair til Kaupmannahafnar í gær var seinkað um þrjár klukkustundir og missti hópurinn því af tengiflugi sínu til Álaborgar. Ákveðið var að fara með rútu á áfangastað og breyttist því 50 mínútna flugferð í rúmlega fimm klukkustunda rútuferð.

„Það hefði verið fínt að fá þessa æfingu því að undirbúningurinn hjá liðinu var ekki langur fyrir," sagði fyrirliðinn Bjarni Þór Viðarsson við Fréttablaðið í gær. „En það þýðir ekkert að fást um þetta. Við verðum bara að gera eins vel og við getum úr þessari stöðu."

„Fall er fararheill," sagði Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari. „Það þýðir ekkert volæði, heldur bara að halda áfram með jákvæðnina. Það lá alltaf fyrir að við þyrftum að nýta tímann vel og þannig verður það áfram."

Landsliðið mun æfa tvisvar bæði í dag og á morgun og segir Eyjólfur að ástand manna sé gott. „Rúrik (Gíslason) gat æft með okkur af fullum krafti í gær (fyrradag) og hann segist vera klár. Það er hið besta mál. Svo veiktist Gylfi að vísu en við vonum að það sé eitthvað smávægilegt sem gengur fljótt yfir. Annars eru allir heilir, fyrir utan smotterí hér og þar."



**BEÐIÐ Á FLUGVELLINUM** Landsliðsmennirnir Aron Einar Gunnarsson og Kolbeinn Sigþórsson sjást hér bíða á Keflavíkurflugvelli í gær en flugi íslenska liðsins seinkaði um þrjá tíma sem hafði mikil áhrif á ferðalag liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ísland mætir Hvíta-Rússlandi í fyrsta leik á laugardaginn og ætlar Eyjólfur að nota tímann fram að leik vel. „Það þarf að fara vel yfir okkar leik og hvað við ætlum að gera. Auðvitað þurfum við að passa að æfa ekki of mikið en við þurfum samt að nýta tímann vel og vera skipulagðir."

Flestir leikmenn liðsins hafa verið í öðrum verkefnum síðustu vikurnar, sumir með A-landsliði karla og aðrir með félögum sínum í Pepsi-deildinni. Allur leikmannahópurinn kom því fyrst saman í gærmorgun.

„Það var gott að fá loksins alla saman og það er góð stemning í hópnum. Öllum líður mjög vel og við erum fegnir því að geta loksins hafið undirbúninginn þótt stuttur sé," bætti Bjarni við, en Ísland á fyrsta leik gegn Hvíta-Rússlandi á laugardaginn. Hann segist hafa fundið fyrir miklum stuðningi heima fyrir.

„Gott dæmi er að margir gengu upp að okkur á flugvellinum í morgun og óskuðu okkur góðs gengis. Ég held að það séu væntingar gerðar til liðsins og vonandi getum við staðið undir þeim. En það er mikilvægt að finna stuðninginn."

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Anton Brink**
fjalla um EM U21 í Danmörku
eirikur@frettabladid.is - anton@frettabladid





FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir

A-landslið Íslands í körfubolta að koma saman í fyrsta sinn í tæp tvö ár:

## Ofsögum sagt að verið sé að endurvekja landsliðið

**KÖRFUBOLTI** Friðrik Ingi Rúnarsson, framkvæmdastjóri KKÍ, segir alltaf hafa verið ljóst að A-landslið Íslands í körfuknattleik karla tæki þátt í Norðurlandamótinu í Svíþjóð í sumar. Hann segir sambandið aldrei hafa gefið út að verið væri að leggja niður A-landslið Íslands.

„Það má segja að fjölmiðlar hafi farið á flug hvernig þeir lásu í þetta þegar við vorum að tilkynna verkefni sumarsins. Því var þetta matreitt eins og við værum að vekja landsliðið upp að nýju. "

Karlalandsliðið kemur saman til æfinga um helgina í fyrsta skipti í tæp tvö ár. Landsliðshópur nýs þjálfara, Svíans Peters Öqvist, var kynntur fyrir skömmu. 22 leikmenn eru í æfingahópnum en 12 leikmenn verða í lokahópnum í Svíþjóð.

Mótið átti upphaflega að fara fram síðastliðið sumar en var frestað að beiðni meirihluta Norðurlandaþjóðanna þar sem tímasetningin þótti ekki henta. Friðrik Ingi segir aldrei hafa staðið til að fara ekki á mótið.

„Ef allt hefði verið eðlilegt þá hefðum við verið með A-landslið karla í gangi síðastliðið sumar. Við tókum aðeins hlé frá þátttöku í Evrópukeppninni. Stefnan er á að senda í það minnsta A-landslið karla í næstu Evrópukeppni sem hefst haustið 2012. "



**LAGT Á RÁÐIN** Friðrik Ingi Rúnarsson, framkvæmdastjóri KKÍ, og Hannes Jón Jónsson, formaður KKÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Körfuknattleikssambandið hefur glímt við fjárhagserfiðleika undanfarin misseri sem varð til þess að landsliðið tók ekki þátt í B-deild Evrópukeppninnar sem hófst haustið 2010. Staðfesta þurfti þátttöku í keppninni ári fyrr og á þeim tímapunkti var ákveðið að að stofna ekki til frekari skulda.

Friðrik Ingi segir kostnað við þátttöku í Evrópukeppni vera mun meiri en að fara með landsliðið á Norðurlandamótið. Það hafi því verið auðvelt val að fórna Evrópukeppninni fyrst skera þurfti niður einhvers staðar.

Hagnaður varð á síðasta starfsári KKÍ sem Friðrik Ingi segir að miklu leyti til komið vegna samdráttar sambandsins í erlendum verkefnum. Verið sé að vinna í því að greiða niður skuldir sambandsins jafnt og þétt.

„Við höfum verið að vinna í þessum skuldum og ekki stofnað til nýrra skulda á síðastliðnum fimm árum. Skuldir sambandsins voru orðnar ansi miklar á árunum 2005-2006. Menn fóru hreinlega fram úr sér árin á undan," segir Friðrik Ingi.

Friðrik Ingi segir spennandi tíma framundan hjá landsliðinu og nefnir í því samhengi breytingar sem verið að gera á Evrópukeppninni. Í breyttu fyrirkomulagi er þjóðum Evrópu styrkleikaraðað í riðla líkt og þekkist í knattspyrnunni og spilað heima og að heiman. Efstu lið hvers riðils tryggja sér sæti í lokakeppninni. Í fyrra fyrrikomulagi var þjóðum Evrópu skipt í tvær deildir eftir styrkleika og löng leið fyrir lakari þjóðirnar að komast í lokakeppnina.

Að loknum æfingum um helgina kemur hópurinn saman á nýjan leik í upphafi júlímánaðar. Æft verður daglega til 20. júlí þegar landsliðið heldur utan til Svíþjóðar. - ktd

# Ódýrt í matinn
## frá KJARNAFÆÐI

úr kjötborði



**Svínakótilettur**
**998,kr./kg**

úr kjötborði



**Svínalundur**
**1.398,kr./kg**



**Lúxus svínakótilettur orange**
**1.498,kr./kg**




**Bratwurste pylsur 360g**
**365,kr./pk**




**Lærisneiðar villikryddaðar**
**1.798,kr./kg**



**Herragarðs svínakótilettur**
**1.298,kr./kg**



**Kjötfars frosið 635g eða Ömmufars frosið 635g**
**298,kr./stk.**



**Úrb. hangiframpartur**
**1.898,kr./kg**



**Úrb. hangilæri**
**2.658,kr./kg**



**Reyktur svínabógur**
**598,kr./kg**




**Sveitabjúgu 1,26kg**
**598,kr./pk.**




**Pizzaskinka 125g**
**113,kr./pk.**




**Krakkabúðingur 635g**
**498,kr./stk.**



**Lúxus lambalæri**
**1.398,kr./kg**

VISA

FK
VIÐSKIPTAMANNAKORT

**- Tilvalið gjafakort**

**Tilboð gilda til laugardagsins 11. júní**
**Lokað annan í hvítasunnu**

FK
FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**9.017 KYLFINGAR** voru skráðir meðlimir í níu golfklúbbum á höfuðborgarsvæðinu árið 2010.

**344 KYLFINGAR** voru skráðir meðlimir í sjö golfklúbba á Austurlandi árið 2010.



**Í BULLANDI VANDRÆÐUM** Monty gæti misst af Opna breska í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Vafasöm tímamót hjá Monty:

## Gæti misst af Opna breska

Meistarakylfingurinn Colin Montgomerie gæti misst af Opna breska meistaramótinu í fyrsta sinn í 22 ár eftir að hann hafnaði í síðasta sæti á úrtökumóti í vikunni.

Monty, sem hefur keppt á hverju ári frá 1990, hefur átt í miklum erfiðleikum á vellinum síðustu misseri en hann hefur ekki sigrað á móti frá árinu 2007.

Hann á enn tækifæri til að komast á Opna breska sem fer fram á Sunningdale-vellinum, en til þess þarf hann að ná inn á topp-fimm á Opna franska mótinu eða því Opna skoska. - þj

# Ævintýraheimur að fæðast

**Golfklúbbur Grindavíkur fagnar 30 ára afmæli í sumar. Það er því viðeigandi að í haust verður haldið afmælismót á nýjum stórglæsilegum átján holu golfvelli sem verður tekinn í fulla notkun næsta vor.**

„Ég get fullyrt að völlurinn okkar verður hafður í hávegum af íslenskum kylfingum. Hér er að verða til ævintýraland fyrir golfáhugafólk,“ segir Páll Erlingsson, formaður Golfklúbbs Grindavíkur sem fagnar 30 ára afmæli í sumar. Nú hillir undir að teknar verði í notkun fimm nýjar holur og langþráður draumur um fullvaxta átján holu völl verði að veruleika hjá Grindvíkingum.



**PÁLL ERLINGSSON**

Að sögn Páls er völlurinn hugsaður fyrir hinn almenna kylfing frekar en afreksfólk, þó að þeir sem hafa náð langt í íþróttinni fái um nóg að hugsa á Húsatóftavelli. „Það sem er skemmtilegt við völlinn er að hann er þrískiptur, og er ólíkur öðrum völlum á Íslandi hvað það varðar. Völlurinn er strandvöllur með gömlu holunum fyrir neðan veg, síðan þær holur sem kalla mætti hefðbundnar og að síðustu nýju holurnar í hrauninu. Hér fá menn að reyna allar hliðar íþróttarinnar í einum golfhring,“ segir Páll.

Golfklúbbur Grindavíkur var stofnaður árið 1981 af nokkrum áhugamönnum um golf. Einn þeirra, Jóhann Möller, átti sumarhús í Staðarhverfi og hafði útbúið fjórar brautir og holur á sjávarbökkunum. Jóhann hvatti heimamenn eindregið til að koma og spila og til að stofna golfklúbb og færa út kvíarnar. Völlurinn er nú þrettán holu völlur, fimm þeirra eru á bökkunum og átta eru norðan þjóðvegarins og teygja sig inn í hraunið í austurátt.

Árið 2009 var hafist handa við stækkun á vellinum í átján holur eftir teikningum frá Hannesi Þorsteinssyni golfvallahönnuði og yfirstjórn Bjarna Hannessonar vallarstjóra. Í janúar í ár var einnig ráðist í endurbætur á núverandi íbúðarhúsnæði í eigu golfklúbbsins með það að markmiði að taka það í notkun sem framtíðar golfskála árið 2012 um leið og nýi völlurinn verður opnaður.



**5. HOLA** Myndin er tekin af gulum teig en kvennateigurinn er niðri til vinstri. Hægra megin er níunda flöt. Hér sést vel hvernig nýju holurnar sniglast um hraunið en nýrri hluti vallarins er allur í hrauninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**10. HOLA** Flötin á tíundu er í forgrunni myndarinnar en nýr golfskáli er hér í mynd. Hér sést í þakið á gamla skálanum sem er hugsaður til framtíðar sem gistirými fyrir kylfinga.

Klúbbfélagar í GG eru rúmlega 200 og koma ekki aðeins frá Grindavík heldur nágrannasveitarfélögunum einnig. Allir eru velkomnir sem sést á sérstökum kjörum fyrir öryrkja, atvinnulausa, aldraða og námsmenn. Þá má nefna að nýliðagjald kylfinga í GG er lægra en fullt gjald, en það er hugsað þannig að auðvelt sé að komast inn í klúbbinn og kynna sér hvað hann hefur upp á bjóða.

Nafn vallarins dregur nafn sitt af bænum Húsatóftum en tóftir hans liggja á vellinum auk útihúsa og hjáleiga frá býlinu. Hugsun forráðamanna GG er að þessi saga fái að njóta sín og kylfingar geti kynnt sér sögu svæðisins á upplýsingaskiltum sem komið verður fyrir víða um völlinn. Þá munu nýju holurnar jafnframt bera heiti sem dregin verða af örnefnum af aldalangri nýtingu landsins sem völlurinn stendur á. Þá er hugmyndin að gera gamalt sjóhús að ræsishúsi, svo dæmi sé nefnt.

Afmælismót verður haldið 3. september næstkomandi. Páll segir að þá verði gefið út afmælisblað auk annarra uppákoma. „Við ætlum að gera þetta myndarlega núna þegar gamall draumur er loksins að verða að veruleika.“

svavar@frettabladid.is

GOLF & HEILSA



## Hliðarsveigja í baksveiflu

**Magni M. Bernhardsson**, kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

Ef hreyfanleiki í mjöðmum er skertur vegna skekkju í mjöðmum, styttingu í innri snúningsvöðvum mjaðma eða hvort tveggja þá getur það leitt af sér of mikla hliðarsveigju í baksveiflunni, segir Magni Bernhardsson, kírópraktor hjá Kírópraktorstofu Íslands.

Magni bendir á að önnur ástæða fyrir þessu getur verið skertur hreyfanleiki í hrygg sem getur gert það að verkum að erfitt er að skilja á milli hreyfingar á neðri hluta og efri hluta líkamans.

„Þriðja ástæðan getur verið að það er ekki nægilegur styrkur í innri rassvöðva sem er aðalvöðvinn þegar kemur að stöðugleika í aftursveiflunni.

Til að sjá hvort hreyfanleikinn sé nægur þá er gott að leggjast á bakið með fætur bogna í 90 gráður og setja hnefana á milli hnjáa, en út frá þeirri stöðu á að vera auðvelt að spenna hælana út án þess að missa hnén frá hnefunum.

Til að athuga hvort nægur styrkur sé í innri rassvöðva þá er gott að gera hliðarplanka og lyfta efri fætinum upp og halda í þrjár sekúndur. Ef það er mögulegt þá er nægur styrkur til staðar. Mikilvægt er að útiloka hliðarhreyfingu í baksveiflunni svo höfuðið haldist yfir boltanum og um leið er minni hætta á bakmeiðslum við leik.“

*Höfundur starfaði með PGA-golfkennaranum Justin Stout í Bandaríkjunum árið 2007 við að hreyfi- og styrktargreina nemendur hans.*



**VONBRIGÐI** Tiger Woods mun ekki keppa á US Open í ár. Það er í fyrsta sinn í 17 ár sem hann missir af mótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þrefaldur meistari frá vegna meiðsla:

## Tiger Woods verður ekki með á US Open

Tiger Woods verður ekki meðal keppenda á Opna Bandaríska meistaramótinu, US Open, sem fram fer á Congressional vellinum í næstu viku.

Tiger hefur ekki misst af þessu móti síðan árið 1994, en hann hefur undanfarna mánuði þjáðst vegna tognunar á hásin og liðbandi í hné. Hann hefur þrisvar sinnum hrósað sigri á þessu risamóti, síðast árið 2008.

Tiger sagðist afar vonsvikinn með að missa af mótinu, en hann þyrfti að hlusta á lækna sína.

Hann stefnir á að keppa næst í lok þessa mánaðar og ná seinni tveimur risamótum ársins. - þj

## Hollráð Hinna

### Stutt námskeið um vatnstorfærur

Eitt af því sem sífellt vefst fyrir kylfingum eru álitamál sem koma upp í hverjum golfhring. Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, segir að allir kylfingar verði að muna eftirfarandi:

Með mismunandi merkingum er gerður greinarmunur á tvenns konar vatnstorfærum:

a) vatnstorfærum, sem merktar eru með gulum hælum og/eða línum, og
b) hliðarvatnstorfærum, sem merktar eru með rauðum hælum og/eða línum.

**Hvenær er bolti í vatnstorfæru/hliðarvatnstorfæru:**

„Það er spurning um staðreyndir hvort bolti sem ekki hefur fundist eftir að hafa verið sleginn í áttina að vatnstorfæru/hliðarvatnstorfæru sé í torfærunni. Til þess að beita megi þessari reglu verður það að vera vitað eða nánast öruggt að boltinn sé í torfærunni. Sé þessi vissa ekki fyrir hendi verður leikmaðurinn að slá nýjan bolta gegn einu vítahöggi.

**Lausn vegna bolta í vatnstorfæru:**

Kylfingur má leika boltanum eins og hann liggur í torfærunni ef það er hægt. Hann má þó ekki grunda kylfuna við það. Að öðrum kosti má leikmaðurinn, gegn einu vítahöggi:

a) Leika bolta eins nálægt og unnt er af þeim stað, þar sem upphaflega boltanum var síðast leikið,
b) Láta bolta falla handan vatnstorfærunnar, þannig að sá staður þar sem hinn upphaflegi bolti fór síðast yfir takmörk hennar sé í beinni línu milli holunnar og þess staðar sem boltinn er látinn falla.

Fleira kemur til álita, en þessar grunnreglur þurfa allir að hafa á hraðbergi.




VERTU KLÁR Í ÚTILEGUNA
MEÐ gelert
outdoors since 1975
gelert
TORNADO 4
4 manna tjald
19.999kr
4 person
VERTU FYRSTUR AÐ TJALDA
Verð frá
9.999kr.
Tilboð
Kælibox
1.999kr.
POP-UP
QUICKPITCH SS
2 person
gelert
QUICK PITCH
2 manna tjald
Kælibox
2stk saman
4.999kr
gelert
SNUGGLE 300
Krakkasvefnpoki
3.999kr.
gelert
TRYFAN CLASSIC
300DL svefnpoki
4.999kr.
2.999kr.
Tjald
2 manna
gelert
STÓLL
3.499kr
gelert
Tjaldlukt
verð frá
1.999kr
gelert
Brauðrist
999kr
gelert
Ál flautuketill
1.999kr
gelert
Flugnanet
með hatti
2.499kr
gelert
Vatnskútur
Verð frá
499kr
gelert
NERO 18L
bakpoki
4.999kr
gelert
NEBULA 25L
bakpoki
5.999kr
gelert
Göngustafir
4.999kr
gelert
Legghlífar
2.999kr
Gönguskór
st. 36-47
14.999kr
gelert
Drykkjar-
bakpoki
5.999kr
Álpottasett
1.999kr
gelert
Mittistaska
2.499kr
Vindsæng
1.999kr
Waterland
Gúmmískór
st. 20-46
verð frá
2.299kr
Grand
FERÐAGASGRILL ER8108
• 2,5KW BRENNARI
• ELDUNARSVÆÐI: 44,5 X 31CM
• SAMFELLANLEGIR FÆTUR
• ELEKTRÓNÍSK KVEIKJA
• ÞRÝSTIJAFNARI & SLANGA FYLGJA
9.999kr
Grand
FERÐAGASGRILL ER8109
• 2,5KW BRENNARI
• ELDUNARSVÆÐI: 41,6 X 31,5CM
• EFRI GRIND: 38,5 X 19,5CM
• SAMFELLANLEGIR FÆTUR
• SMELLA TIL AÐ LÆSA LOKI
• ELETRÓNÍSK KVEIKJA
• ÞRÝSTIJAFNARI & SLANGA
12.999kr
Grand
FERÐAGASGRILL ER8102P-1
• 3,6KW BRENNARI
• ELDUNARSVÆÐI: 45 X 35CM
• SAMFELLANLEGIR FÆTUR
• ELETRÓNÍSK KVEIKJA
• ÞRÝSTIJAFNARI & SLANGA FYLGJA
14.999kr
GRILLVÖRUR
Verð frá
199kr
24 Hagkaup
OPIÐ í sumar
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > Jessica Alba

„Ef ég sýni ekki leikhæfileika mína í stað þess að líta bara vel út á skjánum, mun ferli mínum brátt ljúka.“

***Í gamanmyndinni Love Guru leikur Jessica Alba eiganda íshokkíliðs sem leitar hjálpar hjá Pitka, leiknum af Mike Myers, til að koma fyrirliða liðsins og fyrrverandi eiginkonu hans saman svo hann geti stýrt liðinu til sigurs og er myndin sýnd á Stöð 2 Bíói í kvöld kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ROALD EYVINDSSON HEILSAR UPP Á GAMLA KUNNINGJA

# *Strekkt andlit og staðnaður söguþráður*



Ég á góða og fallega frænku sem hafði á sínum unglingsárum fyrir sið að heimsækja ömmu okkar sálugu hvern einasta sunnudag. Stundum flaut frændi með og átti með þeim góðar stundir, drakk heimatilbúið súkkulaði og horfði á Glæstar vonir ömmu til samlætis.

Um daginn ákvað ég að minnast þessara góðu stunda með því að gera mér lítið fyrir og horfa á einn þátt af Glæstum vonum á Stöð 2. Og viti menn, það var bara eins og hverfa um einn og hálfan áratug aftur í tímann þegar ég kveikti á sjónvarpinu. Flestir leikaranna óbreyttir (þökk sé nútímaskurðlækningum) og söguþráðurinn í megindráttum sá hinn sami; kvensurnar að slást um sama karlgarminn sautján árum síðar og mamma hans enn að skipta sér af þrátt fyrir að vera nánast komin í göngugrind. Fátt kom á óvart nema ef vera skyldi blessuð börnin sem hafa elst á alveg undraverðan hátt og líta nú helst út fyrir að vera jafn gömul foreldrunum.

Fjandakornið, hugsaði ég. Eiga áhorfendur ekki betra skilið en að horfa á sömu gömlu tugguna ár eftir ár. Greip í fjarstýringuna og slökkti á helvítinu. Lagðist svo upp í sófa og hugsaði málið í nokkra stund, sem varð til þess að ég komst, sjálfum mér til furðu, að þveröfugri niðurstöðu. Auðvitað hlýtur að felast ákveðin snilld í því að matreiða sömu formúluna aftur og aftur ofan í aðdáendurna, fresta stöðugt hamingjuríkum endalokum og halda þeim þannig á tánum í næstum aldarfjórðung. Og þegar dæmið er hugsað til enda hljóta líka að fylgja því þægindi og afslöppun að hverfa úr daglegu amstri inn í fullkominn heim sem tekur nánast engum breytingum, þar sem allt er á sínum stað og fátt kemur á óvart.

## RÚV

**15.55 Golf á Íslandi** (1:14) (e)
**16.25 Tíu fingur** (6:12)
**17.25 Skassið og skinkan** (10:20)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geymslan**
**18.25 Dýraspítalinn** (4:10)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Önnumatur frá Spáni – Sælkeramatur** (4:8) (AnneMad i Spanien)
**20.40 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) .
**21.25 Tríó** (1:6) Ný íslensk gamanþáttaröð. Tilvera blaðberans Friðberts og líksnyrtisins Þormóðs fer öll á annan endann þegar ungt og glæsilegt par flyst í íbúðina á milli þeirra í raðhúsi í Mosfellsbæ.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur það starf að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Downton Abbey** (7:7) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir** (e)
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Journey to the Center of the Earth**
**10.00 Zoolander**
**12.00 Gosi**
**14.00 Journey to the Center of the Earth**
**16.00 Zoolander**
**18.00 Gosi**
**20.00 Love Wrecked**
**22.00 The Love Guru**
**00.00 Snow Angels**
**02.00 The Groomsmen**
**04.00 The Love Guru**
**06.00 Ghosts of Girlfriends Past**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 The Mentalist** (22:23)
**11.45 Gilmore Girls** (20:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 First Sunday**
**14.45 The O.C. 2** (13:24)
**15.30 Sorry I've Got No Head**
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (13:22)
**19.45 Modern Family** (24:24) .
**20.10 Grillskóli Jóa Fel** (1:6) Jói Fel snýr aftur í glænýrri þáttaröð þar sem hann kennir okkur réttu handtökin og sýnir okkur að vel megi grilla annað og meira en bara kjötsneiðar, hamborgara og pylsur.
**20.45 Amazing Race** (5:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
**21.30 NCIS** (18:24)
**22.15 Fringe** (16:22)
**23.00 The Mentalist** (22:24)
**23.45 Generation Kill** (7:7)
**00.55 Rizzoli & Isles** (4:10)
**01.40 Damages** (3:13)
**02.20 The Pacific** (6:10)
**03.05 Conspiracy**
**04.35 NCIS** (18:24)
**05.20 Two and a Half Men** (13:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.00 LA Liga Review**
**18.05 Small Potatoes - Who Killed the USFL**
**19.00 Golfskóli Birgis Leifs** (11:12)
**19.30 OneAsia Tour - Highlights** Samantekt frá því besta og markverðasta sem gerðist á nýjasta mótinu í OneAsia-mótaröðinni í golfi.
**20.30 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic-mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar, enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
**21.15 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.10 Dallas - Miami** Útsending frá fjórða leik Dallas Mavericks og Miami Heat í úrslitum NBA.
**00.00 LA Liga's Best Goals** Fallegustu mörkin í spænsku úrvalsdeildinni veturinn 2010-2011.
**01.00 Dallas - Miami** Bein útsending frá fimmta leik Dallas Mavericks og Miami Heat í úrslitum NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Man. Utd. - West Ham** Útsending frá leik Manchester United og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 PL Classic Matches. Liverpool - Blackburn, 1994**
**20.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**21.00 Goals of the Season 2010/2011** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**21.55 Arsenal - Bolton** Útsending frá leik Arsenal og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
**23.40 Alfonso** Frábær þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um hinn snjalla og skemmtilega leikmann Alfonso.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.10 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (5:5) (e)
**17.10 Girlfriends** (19:22) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 America's Next Top Model** (11:13) (e)
**19.00 Million Dollar Listing** (6:9)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (14:39)
**20.10 Rules of Engagement** (5:26)
**20.35 Parks & Recreation** (5:22)
**21.00 Running Wilde - NÝTT** (1:13) Bandarísk gamanþáttaröð frá framleiðendum Arrested Develpment. Steve Wilde er fordekraður milljarðamæringur sem svífst einskis. Hann hittir æskuástina fyrir tilviljun á ný og gerir hvað hann getur til að tengjast henni á nýjan leik.
**21.25 Happy Endings - NÝTT** (1:13) Bandarískir gamanþættir. Alex og Dave eru par sem eiga frábæran vinahóp. Í þessum fyrsta þætti yfirgefur Alex þennan kærasta sinn til margra ára við altarið.
**21.50 Law & Order: Los Angeles** (12:22)
**22.35 Penn & Teller** (5:10)
**23.05 The Good Wife** (20:23) (e)
**23.55 CSI: New York** (23:23) (e)
**00.40 Smash Cuts** (2:52) (e)
**01.05 Law & Order: LA** (12:22) (e)
**01.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.00 The Memorial Tournament** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 The Memorial Tournament** (4:4)
**16.50 PGA Tour - Highlights** (21:45)
**17.45 Golfing World**
**18.35 Inside the PGA Tour** (23:42)
**19.00 Fedex St. Jude Classic** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2008 - Official Film**
**23.50 ESPN America**

## EXTRA

**19.45 The Doctors**
**20.30 In Treatment** (33:43)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Gossip Girl** (17:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa á Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna. Líf unglinganna ætti að virðast auðvelt þar sem þeir hafa allt til alls en valdabarátta, metnaður, öfund og fjölskyldu- og ástarlíf þeirra veldur þeim ómældum áhyggjum og safaríkar söguflétturnar verða afar dramatískar.
**22.35 Off the Map** (1:13) Framleiðendur Grey's Anatomy færa okkur nýjan hörkuspennandi og dramatískan þátt um lækna sem starfa í litlum bæ í frumskógum Suður-Ameríku. Sex ungir læknar bjóða sig fram til að starfa á læknastöð í bænum af hugsjón en líka til að flýja sín persónulegu vandamál. Stofnandi læknastöðvarinnar, Ben Keeton, hefur náð miklum frama sem skurðlæknir í Kaliforníu en ákvað að gefa ferilinn upp á bátinn til þess að sinna köllun sinni.
**23.20 Ghost Whisperer** (13:22)
**00.05 The Ex List** (8:13)
**00.50 In Treatment** (33:43)
**01.15 The Doctors**
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Þorvaldur Davíð Kristjánsson útskrifaður úr Juilliard.
**21.00 Sjávarútvegur á ögurstundu** Fjórði þáttur úr ævisafni Hreiðars Marteinssonar um útgerð og sjósókn endursýndur.
**21.30 Kolgeitin** Þáttur um íslenska tónlist með Sigtryggi Baldurssyni.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**

**Grillskóli Jóa Fel**
Sælkerinn Jói Fel er mættur til leiks á ný með nýja þáttaröð á Stöð 2 og núna ætlar hann að sýna snilldartakta við útigrillið. Jói kemur með nýjar og skemmtilegar hugmyndir sem allir geta prófað.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.05** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Heimsmenning á hjara veraldar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Þriðja ástin **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53**Dánarfregnir **19.00** Dagskrá frá útskriftartónleikum LHÍ 2011 **21.30** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.10** Orð kvöldsins **22.14** Útvarpsperlur: Ísland til sölu **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.00** The Weakest Link **11.45** Keeping Up Appearances **12.15** Fawlty Towers **12.45** ,Allo ,Allo! **13.20** ,Allo ,Allo! **13.50** ,Allo ,Allo! **14.20** The Weakest Link **15.10** The Weakest Link **15.55** Fawlty Towers **16.30** ,Allo ,Allo! **17.00** ,Allo ,Allo! **17.30** Lark Rise to Candleford **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** The Graham Norton Show **21.30** Coupling **22.00** Top Gear **22.55** Lark Rise to Candleford **23.45** Jonathan Creek **00.35** Top Gear **01.30** Jack Dee Live at the Apollo

### DR 1

**12.30** Hvad er det værd? **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Byggemand Bob **14.10** Redningsbåden Rolf **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Vestindiens hemmelighed **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **18.30** Ulandsamatøren **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Manden der ikke græd **20.50** Verdens værste naturkatastrofer **21.40** Min italienske drøm

### NRK 1

**10.10** Par i hjerter **11.00** NRK nyheter **11.05** Fiskere med slips **11.35** Filmavisen 1960 **11.50** Gå fint i band **12.00** NRK nyheter **12.05** Bondeknolen **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** En svensk sommer i Finland **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommerhuset **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Friidrett **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Friidrett **20.00** Polynesias gåte **21.00** Kveldsnytt **21.15** Påpp og Råkk

### svt1

**11.00** Sommarpratarna **12.10** Minnenas television **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Livet på fyren **14.35** Livet på landet **15.05** Hon såldes i handeln med barn **15.15** Vid lägerelden **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Spisa med Price **16.45** Kvinnor som hugger ved **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Svaleskär **18.30** Hundra procent bonde **19.00** K Special **21.00** Anklagad **22.00** Uppdrag Granskning


# Snyrtivörubomba

1. - 11. júní

BIOTHERM
CLARINS PARIS
CLINIQUE
DEBENHAMS snyrtivörur
EGF HÚÐDROPAR
Elizabeth Arden
ESTĒE LAUDER
HR HELENA RUBINSTEIN
JOHN FRIEDA COLLECTION LONDON PARIS NEW YORK
LANCÔME PARIS
nails inc. LONDON
Olay
SENSAI Kanebo
SHISEIDO

3 fyrir 2 af snyrtivöru*

Kauptu þrjár snyrtivörur, borgaðu bara fyrir tvær

* Ódýrasti hluturinn fylgir frítt með



Tilboðið gildir ekki af MAC. Gefum 10% afslátt af öllum MAC-vörum til 11. júní.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF




VORTILBOÐ
Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

ROYAL OG CLASSIC
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.




12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur – Starfandi í 60 ár

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Hamborgarabúllan, ég fengi mér tilboð aldarinnar mínus grænmeti plús beikon.“*

Atli Þór Ingvarsson, skipuleggjandi jaðarhátíðar í Galtalæk.

# Erpur til Danmerkur að hvetja landsliðið

„Þetta eru gæjarnir sem ég hitti á tónleikum og eru með á nótunum,“ segir rapparinn Erpur Eyvindarson um U21 landslið Íslands í fótbolta.

Erpur er á leiðinni til Danmerkur ásamt félögum sínum Lúlla og Þorsteini í XXX Rottweiler. Rappararnir 7Berg og U-Manden taka á móti þeim í Danmörku og hópurinn kemur fram á Blasen í Kaupmannahöfn á morgun. Daginn eftir halda þeir svo til Árósa, þar sem þeir koma fram á V58 eftir leik Íslands og Rússlands á Evrópumóti U21 landsliða. „Þar verður haldið áfram að peppa hið eiginlega landslið, sem hegðar sér eins og landslið,“ segir Erpur.

Erpur er spenntur fyrir ferðinni og fullyrðir að strákarnir í U21-landsliðinu séu kynslóðin hans. „Þetta eru ekki gæjarnir sem voru að hlusta á Stjórnina í leikhléum, það hefur haft sín áhrif,“ segir hann. „Þess vegna verða þessir gæjar í íþróttahreyfingunni að passa sig á því að vera ekki að ota einhverri pulsumúsík að íþróttamönnum. Gæjarnir sem eru að gera eitthvað af viti eru þeir sem eru að hlusta á rappið — Blaz Roca og Rottweiler.“

Er þetta kynslóðin sem var óttast um þegar Rottweiler kom fram á sjónarsviðið upp úr aldamótum?

„Já, nefnilega. Þetta eru þvílíkir fagmenn, gull af mönnum og þeir eru mjög reglusamir og agaðir, en hlusta á góða músík. Punkturinn er að það er alltaf verið að ota mannaskít í nótnaformi að íþróttahreyfingunni. Tónlistin mín er engin jafnteflistónlist.“

Og telurðu að þú getir orðið að liði?

„Ekki spurning. Þessir gæjar eru að gera okkur geðveikt stolt. Ég vil peppa þá til baka, þakka fyrir mig.“ - afb



**HVETUR LANDSLIÐIÐ TIL DÁÐA** Erpur Eyvindarson er á leiðinni til Danmerkur ásamt fríðu föruneyti. Hann kemur meðal annars fram í Árósum eftir leik Íslands og Hvíta-Rússlands á Evrópumóti landsliða undir 21.




JÓHANNES HAUKUR: ÉG TÓK ALLTAF HOTEL CALIFORNIA Á ARA Í ÖGRI

# Eagles-partíið í höndum Ásgeirs Kolbeins og Jóa

Jóhannes Haukur Jóhannesson, leikarinn góðkunni, er maðurinn á bak við eftirpartí Eagles-tónleikanna í kvöld. Hann er búinn að fá veitinga- og skemmtistaðinn Austur undir herlegheitin, þar sem Ásgeir Kolbeinsson ræður ríkjum.

„Það er búið að hafa samband við mig, ég get staðfest það,“ segir Ásgeir í samtali við Fréttablaðið. Ásgeir vildi að öðru leyti lítið tjá sig um eftirpartíið, honum hefði verið gert ljóst að vera ekki með neitt gutl á boðstólum heldur bjóða aðeins upp á það besta, Johnny Walker Blue Label viskí, flott kampavín og gott gin. Þá á grillið að vera opið ef menn skyldu vilja fá sér eitthvað að borða.

Þeir Jóhannes Haukur og Ásgeir hafa hist nokkrum sinnum í ræktinni að undanförnu og rætt málin en flestum ætti að vera kunnugt um það gríðarlega líkamsræktarátak sem Jóhannes lagði á sig fyrir leik sinn í kvikmyndinni Svartur á leik. Um líkamlegt atgervi Ásgeirs ætti ekki að þurfa hafa mörg orð, hann hefur verið fastagestur í World Class undanfarin ár.

Þótt Jóhannes sé eftirsóttur leikari hefur hann af og til aðstoðað góðvin sinn Ísleif B. Þórhallsson, skipuleggjanda Eagles-tónleikanna. Þeir kynntust þegar Ísleifur framleiddi Hellisbúann í Íslensku óperunni fyrir nokkrum árum. Jóhannes er titlaður „verkefnisstjóri“ í störfum sínum hjá Senu. Í kvöld verður stóra stundin á þeim vettvangi þegar Eagles kemur fram í Laugardalshöllinni. „Þetta liggur mjög vel fyrir mér því ég er mjög skipulagður maður að eðlisfari,“ segir Jóhannes, sem hafði enn ekki fengið að hitta stjörnurnar Don Henley eða Glenn Frey. Hann hafði hins vegar hitt bassaleikarann Timmy Smith en átti von á því að hitta Frey og Henley á hljóðprufu í gærkvöldi. „Við verðum þarna að tína stilka af jarðarberjum og svona.“

Þetta eru síður en svo fyrstu kynni Jóhannesar af Eagles, því áður en hann sló í gegn sem leikari var hann trúbador á kránni Ara í Ögri, þar sem Hotel California var yfirleitt á lagalista kvöldsins. Jóhannes er sem sagt grjótharður Eagles-aðdáandi. „Ég tók alltaf sólóið. Ég vona bara að ég fari ekki að tala um það við Don Henley eftir tónleikana, vel í glasi. Það væri mjög vandræðalegt.“ freyrgigja@frettabladid.is



**EAGLES-MENN** **Jóhannes Haukur** er einn þeirra sem hafa unnið að því að gera allt fyrir Eagles-menn. Hann skipuleggur partí eftir tónleikana sem verður á veitingastaðnum Austri þar sem **Ásgeir Kolbeinsson** ræður ríkjum.

# Frægir spreyta sig í útvarpi

„Við Andri þurfum nú að fara í sumarfrí eins og aðrir, og gerum það bara hvort í sínu laginu og fáum til okkar þekkta gestastjórnendur í staðinn,“ segir Guðrún Dís Emilsdóttir, betur þekkt sem Gunna Dís, annar stjórnenda þáttanna Virkra morgna á Rás 2.

Þáttastjórnendurnir tveir, Gunna Dís og Andri Freyr Viðarsson, verða því með nýtt fyrirkomulag í Virkum morgnum í sumar þar sem sjö þjóðþekktir Íslendingar verða gestastjórnendur viku og viku í senn. Fréttablaðið sagði frá því fyrir stuttu að Andri Freyr væri að fara af stað með sjónvarpsþættina Andri á flandri, en þar ferðast hann um landið á gömlum húsbíl. Andri fær því að fara fyrr í sumarfríið. „Bubbi Morthens verður með mér í næstu viku og viku síðar fæ ég svo Helga Seljan til mín. Svo verða þeir Steinn Ármann Magnússon og Bjartmar Guðlaugsson vikurnar þar á eftir,“ segir Gunna Dís, en þær Edda Björgvinsdóttir, Hera Björk Þórhallsdóttir og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir munu stýra þættinum með Andra síðar í sumar.

Það verða því Gunna Dís og Bubbi sem taka á móti hlustendum á næsta þriðjudag. „Þetta verður virkilega skemmtilegt. Hver hefur ekki gaman af því að hlusta á Bubba Morthens á Flóamarkaðnum?“ segir Gunna Dís að lokum. - ka



**GUNNA DÍS FÆR BUBBA Í HLJÓÐVERIÐ Á ÞRIÐJUDAG** Þáttastjórnendur Virkra morgna fara í sumarfrí hvor í sínu lagi en gestastjórnendur í sumar verða sjö þekktir Íslendingar. Bubbi Morthens verður með Gunnu Dís í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


GULA HÚSIÐ
GULA HÚSIÐ
GULA HÚSIÐ
Kr. 499
Þægilegustu vettlingar í heimi
Kr. 699
Kr. 499
Kósí sokkar
Kr. 999
sæng og koddi með polyesterfyllingu
Kr. 1.990
sæng og kodda með holofiber/tencel fyllingu
Kr. 699
Kr. 499
Sokkabuxur á krakka
Sæng og koddi í sumarbústaðinn! Fáránlegt verð
TILBOÐSVERÐ!
Kr. 3.290
Kr. 2.999
Sumarnáttföt
Kr. 3.290
Kr. 2.999
Sumarnáttföt
Kr. 4.999
Hettupeysa
Kr. 4.990
Kr. 2.999
Eigum einnig joggingbuxur í stíl
Kr. 1.499
Heat barna jogging buxur
Kr. 2.790
Gallabuxur
Kr. 10.990
Kr. 7.990
Kr. 12.990
Kr. 7.990
Kr. 8.490
Kr. 6.990
GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
ÓDÝRT & GOTT
Opið 11 - 19 - LOKAÐ HVÍTASUNNUDAG - OPIÐ MÁNUDAG 12-17 / Sími 534 4451

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

# FRÉTTIR AF FÓLKI

## Stór dagur hjá Heimi Má

Fréttamaðurinn **Heimir Már Pétursson** hefur látið langþráðan draum rætast með endurkomu sinni á tónlistarsviðið. Eins og alþjóð veit var Heimir áberandi með hljómsveitinni Reflex í byrjun níunda áratugarins en síðan þá hefur hann að mestu haldið sig til hlés á þeim vettvangi. Nú er komin út platan Leiðin til Kópaskers með hljómsveitinni Hnotubrjótunum sem Heimir fer fyrir með söng sínum. Útgáfunni verður fagnað með veglegri veislu á Jómfrúnni í kvöld og hafa margir þjóðþekktir vinir Heimis boðað komu sína. Þar á meðal eru kollegar hans af fréttastofunni, þau Helga Arnardóttir, Höskuldur Kári Schram og Valur Grettisson, Ari Alexander kvikmyndagerðarmaður og RÚV-mennirnir Björn Malmquist og Guðfinnur Sigurvinsson.



## Griðastaður grínistanna

Grínprinsarnir **Steindi Jr.** og Ágúst Bent, mennirnir á bak við Steindann okkar, héldu í síðustu viku til Tenerife. Þar slaka félagarnir á ásamt kærustum sínum, Sigrúnu og Þórunni Antoníu, en sú síðarnefnda fór með stórt hlutverk í annarri þáttaröð Steindans, sem lauk í síðustu viku. Tenerife virðist ætla að verða einhvers konar griðastaður íslenskra grínista, en Ari Eldjárn, vinsælasti skemmtikraftur þjóðarinnar um þessar mundir, ku láta vel af hvítum ströndum Kanaríeyja og hefur ferðast þangað tvisvar síðustu misseri.



**- hdm, afb**

## Mest lesið vísir

1. Mikill sólstormur skellur á jörðinni í nótt
2. Pétur Blöndal sprakk úr hlátri í ræðustól
3. Klámstjarna tekur til varna fyrir Strauss-Kahn
4. Fékk dauðan svan í hausinn
5. Nú þarf að leggja pinnið á minnið

## Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 | www.smaralind.is | 528 8000

ENNEMM / SIA / NM47093